**JÓHANNA HARPA ÁRNADÓTTIR**

*Eldamennska undir dönskum áhrifum*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**SUÐURLAND**

*Tjaldað á slóðum Njálu*

Sérblað um Suðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**SIGGI HALL**

*Blístra eins og teketill*

Krabbar soðnir lifandi

FÓLK 46




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júní 2007 — 167. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


**FÖSTUDAGUR**



**Horfinn heimur**

Síldarminningar Sigurjóns.

MENNING 30

**Cocker las Búkollu**

Tónlistarmaðurinn Jarvis Cocker breiðir út boðskap Búkollu á vefnum.

FÓLK 38





**Díana í nýju ljósi**

Sú mynd sem dregin er af Díönu prinsessu í nýútkominni bók hefur vakið upp reiði á meðal aðdáenda hennar.

FÓLK 36



**Gunnleifur bestur**

Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður HK, er leikmaður sjöundu umferðar Landsbankadeildar karla.

ÍÞRÓTTIR 40

**SIRKUS**

**ÚTTEKT:**

Hverjir eiga einkaþotur?

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART UM ALLT LAND** Í dag má búast við björtu og hlýju veðri um mest allt land, en þó má búast við skýjum á himni á Suðvesturlandi. Hitinn gæti farið upp í 18 stig á Austurlandi en almennt má búast við 10-15 stiga hita og hægum vindi. VEÐUR 4






# Svissnesk fyrirtæki herja á íslenskan farsímamarkað

**Tvö svissnesk fyrirtæki hafa fengið heimild til reksturs GSM-kerfis á Íslandi. Tveimur íslenskum fyrirtækjum var synjað. „Fyrirtæki sem ætla greinilega ekki að setja upp neina þjónustu,“ segir framkvæmdastjóri Núll-Níu.**

**FJARSKIPTI** Svissnesku fyrirtækjunum Amitelo og BebbiCell hefur verið veitt tíðniheimild til reksturs GSM-farsímakerfa á Íslandi.

Tveimur íslenskum fyrirtækjum, Núll-Níu og IP-fjarskiptum, var neitað. Póst- og fjarskiptastofnun sendi fyrirtækjunum niðurstöður sínar í fyrradag. Um hefðbundna GSM-tíðni er að ræða, þá sömu og Síminn og Vodafone reka sín kerfi á.

Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Núll-Níu, segir Póst- og fjarskiptastofnun hafa brugðist skyldum sínum gagnvart markaðnum með því að veita svissnesku fyrirtækjunum leyfin.

„Þessi fyrirtæki hafa ekkert á bak við sig og ætla greinilega ekki að setja upp þjónustu hérna. Þau eru valin fram yfir íslensk fyrirtæki sem hafa verið starfandi í mörg ár og hafa sett upp mikið af nauðsynlegum útbúnaði. Við munum nýta okkar mótmælarétt.“

Hann segir að þegar fyrirtæki fái tíðniheimild til GSM-reksturs fái það einnig aðgang að ýmsum samtökum sem geta komið fyrirtækinu til góðs. Þess vegna segist fyrirtæki oft ætla að koma á fót þjónustu en standi ekki við það.

Einar Kristinn Jónsson, framkvæmdastjóri IP-fjarskipta, segist ekki vilja tjá sig um málið fyrr en niðurstaða útboðsins hefur verið gerð opinber.

Fréttablaðið sagði í apríl frá umfjöllun þýska fréttaskýringaþáttarins Frontal21 um hagi Amitelo, annars svissneska fyrirtækisins sem fékk leyfi. Þar kom fram að þýska fjármálaeftirlitið væri að rannsaka fyrirtækið vegna gruns um að það keyrði upp hlutabréfaverð með villandi upplýsingum.

„Við fengum bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun í dag og við höfum vissulega áhuga á að reka GSM-kerfi á Íslandi,“ segir Jan Malkus, áætlanastjóri Amitelo. Hann segir engan fót fyrir ásökunum um að fyrirtækið ætli sér ekki að setja upp þjónustu.

Andreas Fink, forstjóri BebbiCell, segist ánægður með leyfisveitinguna. Fyrirtækið, sem mun starfa undir nafninu IceCell á Íslandi, ætlar að hefja rekstur innan árs. „Það er á hreinu að við munum byggja upp kerfi á Íslandi. Ég er sjálfur á leiðinni þangað um helgina,“ segir hann. - sþs



**SÆTUR SIGUR** Dóra María Lárusdóttir fagnaði ákaft ásamt Gretu Mjöll Samúelsdóttur, t.v., og Margréti Láru Viðarsdóttur, t.h., eftir að hafa skorað mark í sigurleik íslenska landsliðsins gegn Serbum í gærkvöld. Tæplega sex þúsund áhorfendur fylgdust með leiknum í góða veðrinu. Það er metfjöldi áhorfenda á kvennalandsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenska kvennalandsliðið:

## Kafsigldi Serba í Laugardal

**FÓTBOLTI Ísland vann verðskuldaðan 5-0 sigur á Serbum í undankeppni EM í knattspyrnu á Laugardalsvelli í gærkvöld. Stelpurnar byrjuðu leikinn af krafti og uppskáru mark þegar Dóra Stefánsdóttir skoraði. Serbnesku stúlkurnar vissu ekki hvaðan á þær stóð veðrið en þær komust lítt áfram gegn feikisterkri íslenskri vörn.**

**Stelpurnar komust í 2-0 með marki Dóru Maríu Lárusdóttur og sú var staðan í hálfleik. Katrín Jónsdóttir skoraði þriðja markið með fallegum skalla eftir hornspyrnu og Margrét Lára Viðarsdóttir kórónaði stórleik liðsins með fjórða markinu. Serbneska liðið skoraði sjálfsmark undir lok leiksins.**

**Ísland er í efsta sæti riðilsins með níu stig eftir þrjá leiki en næsti leikur í undankeppninni er gegn Slóveníu ytra í ágúst. - hþh**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um varnarsamstarf við Norðmenn:

## Viðbúnaður byggi á hættumati

**VARNARMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir tvíhliða samning Íslands og Noregs um eflt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála vera ramma sem að mestu eigi eftir að fylla út í. Hún er nú í opinberri heimsókn í Noregi til þess meðal annars að ræða framkvæmd samningsins.

„Það er undir okkur komið hvað við viljum gera úr þessu samkomulagi,“ sagði Ingibjörg í samtali við Fréttablaðið í gær. Hvaða viðbúnaðar sé þörf hérlendis sé fyrst og fremst háð eigin mati Íslendinga á ógnunum. „Þetta hættumat hefur ekki verið unnið nægilega vel af okkar hálfu,“ segir hún, og úr því vilji hún bæta.

Ingibjörg sagði að norski varnarmálaráðherrann, Anne-Grete Strøm-Erichsen, hefði ítrekað á fundi þeirra að Íslendingar yrðu að setja fram óskir um „hvað við vildum setja inn í þennan ramma“. Eitt það mikilvægasta sem samstarfið muni snúast um sé að tryggja öryggi siglinga, ekki síst með olíu og gas.

Norðmenn munu einnig, meðal annars með þátttöku í heræfingu hérlendis í sumar, leggja sitt af mörkum til að árétta varnarskuldbindingar NATO gagnvart Íslandi. - aa / sjá síðu 18







## SPURNING DAGSINS



*Björn Ingi, er þetta ekki öðruvísi lóðaúthlutun en þú ert vanur?*

„Jú, en það er ekki hægt að saka mig um lóðabrask.“

Björn Ingi Hrafnsson er kominn í einkaþjálfun og lyftir lóðum af miklum móð.

Framtíðarskipulag miðbæjarins á Selfossi:

# Flestir vildu breytingar

**SELFOSS** Meirihluti fundargesta á opnum fundi um framtíðarskipulag miðbæjar Selfyssinga vildi breytingar á fyrirhuguðu skipulagi eða að það verði sett fyrir dóm íbúa í kosningu, að sögn Elfu Daggar Þórðardóttur, formanns Miðbæjarfélagsins.

Elfa var ánægð með fundinn og sagði umræðurnar hafa verið góðar. Meðal annars hefðu forsvarsmenn byggingarfélagsins Miðjunnar lýst sínum sjónarmiðum fyrir gestum.

Hins vegar væri margt enn óljóst. „Það er verið að teikna í þetta og við þurfum líka að sjá hvað bærinn gerir,“ segir hún.

Enginn fulltrúi meirihluta bæjarstjórnar kom til fundarins en þeim var öllum boðið síðastliðinn mánudag. Sögðust þau hafa ráðstafað tíma sínum á annan veg.

Árna Valdimarssyni, sem býr í Sigtúnum, þótti leitt að hafa ekki fengið að heyra sjónarmið meirihlutans.

„Æ, mér leiðist þetta, því mér þykir vænt um blessaða krakkana eins og ég hef margoft sagt. Og það er ósköp að vita til þess að þessi kjánaskapur í þeim núna verður til þess að hlegið verður að þeim um allan bæ, fyrir að þora ekki að mæta á fundinn til okkar.“ **- kóþ**



**SKIPULAGIÐ GLEYPT MEÐ HÚÐ OG HÁRI** Sérstakt piparkökulíkan var smíðað eftir deiliskipulaginu fyrir fundinn. Þau Sigurður Jónsson, Elfa Dögg Þórðardóttir og Árni Valdimarsson rýna hér glaðbeitt inn í framtíðina, sem þeim hugnast síst. MYND/EGILL BJARNASON

# Kenna Kárahnjúkavirkjun um sandfok

**Íbúar í Jökulsárhlíð og Hróarstungu segja að moldrok við Jöklu hafi aldrei verið jafn mikið og nú og kenna Kárahnjúkastíflu um. Fulltrúar Landsvirkjunar vísa því á bug og segja að moldrok á svæðinu verði minna en áður.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég hef búið hér síðan 1970 og hef aldrei séð annað eins. Vissulega hefur oft verið moldrok við ána en ekkert í líkingu við þetta,“ segir Örn Þorleifsson, bóndi í Húsey í Hróarstungu, en íbúar á svæðinu hafa kvartað undan moldroki úr farvegi Jöklu undanfarnar vikur.

Örn segir að allt frá árinu 2001 hafi verið mikið um moldrok, eða frá því bergefni við Kárahnjúka var mokað í ána. Áin var stífluð í september en moldin liggur eftir í farveginum og rýkur upp þegar hvessir. Ekki er unnt að sá í sárin til að hefta fokið því botnráslokur Kárahjúkastíflu verða opnaðar af og til í sumar. Þegar það er gert eykst rennslið í ánni en aurinn verður eftir á eyrunum þegar lokað er fyrir rennslið á ný.

„Þetta hefur verið mjög slæmt núna í maímánuði og það sem af er júní. Mér reiknast svo til að það hafi verið 19 dagar eða dagspartar þar sem ég hef ekki séð yfir ána vegna moldroks,“ segir Örn og bætir því við að moldrokið valdi vandræðum. Fuglar sem verpa á eyrunum hafi flúið og rykið smjúgi inn í allar glufur á híbýlum fólks.

Guðrún Schmidt, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Austurlandi, segir að moldrokið sé aðkallandi vandamál. „Landsvirkjun hefur veitt sveitarfélaginu ákveðið fjármagn til þess að græða upp land á móti því sem fer undir Hálslón og eins til að græða upp þessar áreyrar. Vandinn er hins vegar sá að meðan vatni er veitt í farveginn af og til er ekki raunhæft að græða upp því enginn veit hvar vatnið mun renna,“ segir Guðrún.

Pétur Ingólfsson, verkfræðingur og verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, segir að aðeins standi til að opna botnráslokurnar í sumar og að fljótlega marki áin sér fastan farveg og eyrarnar grói upp.

„Þegar staðreyndir málsins eru skoðaðar má sjá að áhrifin eru í raun á hinn veginn. Ég get fullyrt að eftir að við lokuðum fyrir stífluna í september í fyrra hefur ástandið stórbatnað á þessu svæði með tilliti til sandfoks og það á enn eftir að batna þegar eyrarnar gróa,“ segir Pétur. Hann segir að nú setjist aurinn í Hálslónið í stað þess að renna með ánni niður á láglendið en Jökla var aurugasta á landsins þangað til hún var stífluð.

**thorgunnur@frettabladid.is**



**GRÓÐUR Í LEIRBAÐI** Þessi mynd var tekin í Húsey í lok maí. Áin ber með sér leir sem svo fýkur upp þegar áin hopar og leirinn þornar. MYND/GUÐRÚN SCHMIDT



**HÁLSLÓN AÐ FYLLAST** Botnráslokur Kárahnjúkavirkjunar verða opnaðar annað slagið í sumar til að hindra að lónið fyllist of hratt. Íbúar niðri á láglendinu segja að við það aukist moldrokið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ólafur Stefánsson:

# Æfir með meistaraflokki Vals

**FÓLK Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður æfir með meistaraflokki Vals í knattspyrnu. Ólafur hefur gert þetta undanfarin ár og í samtali við Fréttablaðið útilokaði leikmaðurinn ekki að hann myndi taka fram takkaskóna og leika í úrvalsdeildinni þegar handknattleiksferlinum lýkur.**

**Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, segir Ólaf vera einstakan leikmann og margrómaður leikskilningur hans í handbolta skili sér vel í fótboltanum. „Þegar Ólafur mætir þá mætir hann til að æfa. Hann gerir allt sem beðið er um og meira til,“ sagði Willum og bætti því við að Ólafur yrði góður liðstyrkur fyrir sérhvert félagslið á Íslandi.** - fgg/sjá síðu 46



**ÓLAFUR STEFÁNSSON**

Hellisheiðarvirkjun:

# Hveralyktin angrar íbúa

**UMHVERFISMÁL** Nokkuð hefur borist af kvörtunum til Umhverfisstofnunar vegna hveralyktar í Norðlingaholti. Hellisheiðarvirkjun er ástæðan, að sögn upplýsingafulltrúa stofnunarinnar.

Hveralykt stafar af lofttegundinni brennisteinsvetni, sem fylgir útblæstri Hellisheiðarvirkjunar. Brennisteinsvetni er skaðlegt í miklum styrk. Í Reykjavík hefur styrkur þess þó verið langt undir viðmiðunarmörkum.

„Þetta er pirrandi og angrar fólk,“ segir Hávar Sigurjónsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar. „Það eru alveg gild sjónarmið, en það vantar í raun reglugerð um hver mörkin eigi að vera.“ **- sgj**



**ÁFRAM** Á leikunum eru komin saman ungmenni frá 35 löndum. Mikill fjöldi kom saman á setningarhátíðinni í gær, sem var með víkingaþema. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Setningarhátíð í Laugardal:

# Börn etja kappi á Alþjóðaleikum

**ÍÞRÓTTIR** Alþjóðaleikar ungmenna voru settir í Laugardalnum í gær. Þar munu rúmlega þúsund börn og unglingar á aldrinum 12-15 ára keppa í knattspyrnu, handbolta, frjálsum íþróttum, badminton, golfi, sundi og júdó.

Þema hátíðarinnar er víkingar, og gengu 64 slíkir fremstir í flokki við setningarathöfnina, einn fyrir hverja borg sem á fulltrúa á leikunum. Alls keppa ungmenni frá 35 löndum á leikunum. Mótið stendur fram á sunnudag og er ókeypis aðgangur á alla viðburði þess. **- sþs**

## SUÐUR-AMERÍKA

### Gígvatnið sem hvarf sjónum

Vísindamenn í Chile rannsaka nú ástæðu þess að stöðuvatn í kulnuðum eldgíg hvarf sem dögg fyrir sólu. Vatnið var tveir hektarar að stærð í marsmánuði en í apríl var það horfið, utan jökulíss, sem áður flaut á vatninu.

## LÖGREGLUMÁL

### Flutningabíll ofan í skurð

Flutningabíll fór út af veginum og lenti í skurði á Suðurlandsvegi austan við Selfoss um hádegi í gær. Ökumaðurinn gekkst undir læknisskoðun en reyndist ekki slasaður. Ekki er vitað hvernig slysið bar að.

BÍLL DAGSINS
MITSUBISHI OUTLANDER 2.4
Nýskr. 08.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 31 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Kaupglaðir Íslendingar streymdu í Kringluna til að kaupa ódýrar saumavélar:

# Saumavélar seldust sem aldrei fyrr

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru fínar saumavélar og á alveg frábæru verði,“ sagði ung kona sem komin var með tvær saumavélar í innkaupakörfuna sína þegar blaðamaður og ljósmyndari lögðu leið sína í Kringluna í gær. Þangað var mættur hópur sölumanna frá breska fyrirtækinu Jerry Fried sem selur saumavélar frá framleiðandanum Necchi.

Auglýsingar um söluna voru bornar út í flest hús á höfuðborgarsvæðinu og af mannfjöldanum mátti ráða að aldrei hefðu verið seldar saumavélar á Íslandi. Fólk ruddist að sýningarvélum, prófaði saumspor og hljóp svo í röðina til að tryggja sér vél. Sveittur sendill hafði ekki undan að bera vélarnar í fólk og á göngum Kringlunnar mátti sjá fólk á öllum aldri með saumavélakassa í fanginu.

Salan verður í gangi fram á mánudag. **- þo**




**BIÐRÖÐ EFTIR SAUMAVÉLUM** Áhugi Íslendinga á saumaskap virðist vera geysimikill ef eitthvað er að marka æsinginn í Kringlunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


traust
frumkvæði
frelsi
VIÐ TÖLUM UMBÚÐALAUST UM TRYGGINGAR
Þegar kemur að tryggingum vitum við að innihaldið skiptir öllu máli. Hjá Verði snýst allt um að tryggja viðskiptavinum faglega ráðgjöf og trausta úrlausn.
Minni ímynd, meiri trygging
vörður
Vörður er í eigu Byrs-sparisjóðs, Landsbankans og SP-Fjármögnunar.
Vörður tryggingar hf. | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | sími 514 1000 | www.vordur.is
BYR SPARISJÓÐUR
Landsbankinn
SP-FJÁRMÖGNUN

## GENGIÐ 21.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,19 | 62,49 |
| Sterlingspund | 123,79 | 124,39 |
| Evra | 83,21 | 83,67 |
| Dönsk króna | 11,174 | 11,240 |
| Norsk króna | 10,35 | 10,41 |
| Sænsk króna | 8,984 | 9,036 |
| Japanskt jen | 0,5027 | 0,5057 |
| SDR | 93,81 | 94,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

113,4134

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lúsétin grenitré algeng sjón á höfuðborgarsvæðinu:

# Illa farin af grenilús

**UMHVERFISMÁL** Grenilús hefur leikið tré á höfuðborgarsvæðinu grátt og víða má sjá tré sem virðast með litlu lífsmarki. Þórarinn Benedikz, skógfræðingur á Mógilsá, segir að ástandið sé óvenju slæmt en trén muni jafna sig.

„Ef það er komið nýtt brum á trén þá bendir það til þess að þau muni ná sér á strik. Trén geta drepist vegna lúsaskemmda en það er fátítt,“ segir Þórarinn og bætir því við að það taki trén langan tíma að ná sér að fullu.

„Það getur tekið nokkur ár. Við höfum fylgst með trjám eftir lúsafaraldur austur á Héraði og í Breiðdal og það hefur tekið þau á bilinu fimm til tíu ár að ná þeim trjám sem ekki fengu lús. Þetta er svo mikið nálatap og tré sem fá lús missa mikla vaxtaorku.“

Grenilúsin hefur mest herjað á sitkagreni en aðrar amerískar tegundir eins og hvítgreni og blágreni hafa einnig farið illa. Þórarinn segir að lúsin fari á kreik á haustin og skemmdirnar séu frá því síðastliðið haust.

„Nálarnar drepast yfir veturinn og falla svo á vorin. Lúsin drepst yfirleitt á veturna en ef veturinn er mildur nær hún að halda ungviðinu á lífi og heldur áfram að dreifa sér,“ segir Þórarinn. **- þo**



**ILLA FARIN** Þessi tré við Kringlumýrarbraut í Reykjavík verða seint talin sigræn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LEIKSKÓLABÖRN ÁNÆGÐ** Foreldrar telja að börn þeirra séu ánægð í leikskólanum.

Könnun um leikskólana:

## Flestir foreldrar eru ánægðir

**MENNTUN Þorri foreldra leikskólabarna í Reykjavík, eða 93 prósent þeirra, er mjög eða frekar ánægður með þjónustu leikskólanna og 97 prósent telja sýnt að barninu þeirra líði þar vel. Þetta kemur fram í nýrri könnun meðal foreldra sem gerð var á vegum leikskólasviðs og kynnt í leikskólaráði 20. júní.**

**Þá kom fram í könnuninni að níu af hverjum tíu foreldrum sem eiga barn sem fær sérþjónustu í leikskóla, svo sem vegna fötlunar, tungumáls eða þroskafrávika, eru ánægðir með þá þjónustu.**

**Alls tók 3.141 foreldri þátt í könnuninni sem er um 64 prósent allra foreldra leikskólabarnanna í borginni.** **- pal**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur á Eyrarbakkavegi**

Árekstur varð á Eyrarbakkavegi í gær þegar tveir bílar skullu saman þegar þeir mættust á veginum. Ökumenn bílanna voru einir á ferð og annar ómeiddur en hinn var fluttur á sjúkrahús. Hann er þó ekki talinn alvarlega slasaður.

### MÚLALUNDUR

**Lokað eftir hádegi í dag**

Lokað verður eftir hádegi í dag í Múlalundi vegna sumarferðar starfsfólks. Vonast er til að viðskiptavinir taki tillit til þess og reyni að gera innkaupin annaðhvort fyrir hádegi eða sýni biðlund og hafi samband á mánudag.

# Áfengis- og klámbann á meðal frumbyggja

**Misnotkun á börnum er útbreidd meðal frumbyggja Ástralíu samkvæmt nýrri skýrslu. Stjórnvöld vilja banna áfengi og klám á svæðum frumbyggja til þess að taka á vandanum. „Neyðarástand,“ segir John Howard, forsætisráðherra Ástralíu.**

**ÁSTRALÍA, AP** Stjórnvöld í Ástralíu kynntu í gær áætlun um að banna áfengi og klám á svæðum frumbyggja í norðurhluta Ástralíu til þess að sporna við misnotkun á börnum sem er útbreidd meðal frumbyggja samkvæmt opinberri skýrslu sem kynnt var í síðustu viku.

Forsætisráðherra Ástralíu, John Howard, boðaði hertari reglur um velferðarbætur til frumbyggja til þess að taka á því sem hann sagði „neyðarástand í landinu“. „Við erum að fást við hóp ungra Ástrala sem hafa aldrei kynnst hugtakinu sakleysi æskunnar.“

Samfélagsinnviðir frumbyggja eru að gliðna í sundur vegna ofdrykkju, atvinnuleysis, fátæktar og fleiri þátta samkvæmt skýrslunni. Ofdrykkja er sögð meginorsök fyrir vanrækslu barna sem skapi tækifæri fyrir barnaníðinga. Verði áætlunin samþykkt verður sala, eign og flutningur áfengis bannaður í sex mánuði.

Gróft klám, sem mikið framboð er af meðal frumbyggja samkvæmt skýrslunni, verður einnig bannað. Fram kemur að börn, sem hafi greiðan aðgang að grófu klámi, séu mörg með brenglaða mynd af kynlífi vegna þess.

Nokkrir leiðtogar frumbyggja fordæmdu þegar áætlunina og sögðu hana forsjárhyggju stjórnvalda sem hefðu skert réttindi þeirra og skapað hin ýmsu vandamál sem plaga samfélag frumbyggja. Þeir gagnrýndu einnig að ekkert samráð hafi verið haft við þá og mótmæltu fyrirhuguðum hömlum á hvernig frumbyggjar verji velferðarbótum.

Aðrir fögnuðu nýju reglunum sem kveða á um að á svæðum þurfi frumbyggjar að verja að minnsta kosti helmingi bótanna í mat og aðrar nauðsynjar. Er þessu ætlað að draga úr eyðslu fólks í áfengi og fjárhættuspil. Velferðarbætur yrðu einnig tengdar skólagöngu barna.

Sumir vara þó við því að svona aðgerðir, sem eiga bara við frumbyggja, gætu brotið jafnréttislög. **sdg@frettabladid.is**



**ALVARLEGUR Á SVIP** Leam Robertsson elst upp í fátæku frumbyggjasamfélagi þar sem félagsleg vandamál eru alltof algeng. NORDICPHOTOS/AFP

### FRUMBYGGJAR ÁSTRALÍU

Heildarfjöldi frumbyggja í Ástralíu er 400.000 og eru þeir því smár minnihlutahópur af 21 milljón íbúa landsins.

Aðeins fjörutíu ár eru frá því að frumbyggjar voru viðurkenndir sem fullgildir ástralskir ríkisborgarar.

Margir þeirra búa í einangruðum fátækrahverfum þar sem lítið er um atvinnu og eiturlyfjanotkun útbreidd.

Lífslíkur frumbyggja eru sautján árum styttri heldur en annarra Ástrala.

Foreldrarnir báðir læknar:

## Gerði keisaraskurð 15 ára

**INDLAND, AP** Fimmtán ára drengur gerði keisaraskurð á barnshafandi konu undir eftirliti foreldra sinna, sem bæði eru læknar, í tilraun til að komast í heimsmetabók Guinnes. Aðgerðin var tekin upp á myndband. Faðirinn sýndi starfssystkinum sínum í indversku læknasamtökunum myndbandið og var í kjölfarið tilkynnt að athæfið væri ólöglegt og siðlaust.

Faðirinn, sem gæti verið ákærður auk þess að missa læknisréttindi sín, sýnir enga iðrun og sakar hina læknana um afbrýðisemi. Hann segist hafa þjálfað son sinn í þrjú ár. **- sdg**



**PÓSTKASSASAMSTÆÐUR** Hér er allt eins og það á að vera en víða þurfa bréfberar að ganga með póstinn upp á allar hæðir fjölbýlishúsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átak hjá Íslandspósti:

## Starfsumhverfi bréfbera bætt

**VINNUMARKAÐUR Íslandspóstur hefur ráðist í átak til að vekja almenning, húsbyggjendur og verktaka til umhugsunar um byggingareglugerð, er varðar póstlúgur og póstkassasamstæður. Markmiðið er að bæta starfsumhverfi bréfbera.**

**Þau vandamál sem bréfberar þurfa einna helst að glíma við eru ómerktar bréfalúgur, lúgur eða póstkassar sem eru of litlir og lúgur sem eru of neðarlega á útidyrahurðum. Þá vill einnig brenna við að ekki séu póstkassasamstæður í fjölbýlishúsum.** **- þo**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Hlýjast sunnan til:** Í dag verður bjart og fallegt veður á öllu landinu, en þó má búast við minni sól suðvestan til en annars staðar. Hitinn er á bilinu 10-18 stig yfir daginn og eins og undanfarna daga má búast við hæstu hitatölunum á Austurlandi. Á morgun verður þó breyting á, því þá er spáð skamvinnri norðanátt sem lækkar hitastig á Norður- og Austurlandi talsvert.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Vestlæg átt, 3-7 m/s, og bjart. Hiti 12-15 stig.

um hádegi »




» á morgun




Norðlæg átt, 5-10 m/s

» sunnudagur




Norðanáttir 4-8 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C rigning | London | 20°C skúrir | Eindhoven | 21°C skúrir |
| Billund | 19°C rigning | París | 18°C skýjað | Basel | 22°C skúrir |
| Osló | 18°C skúrir | Frankfurt | 23°C skúrir | Alicante | 28°C heiðskýrt |
| Stokkhólmur | 18°C skúrir | Friedrichshafen | 22°C rigning | Róm | 30°C léttskýjað |
| Gautaborg | 18°C rigning | Berlín | 26°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman

Holta-kjúklingur

35% afsláttur við kassa



## Kjúklingalundir
ferskar

TILBOÐ
1.498 kr/kg
Merkt verð 2.304,-

Kjöt & fisktorgið



## Lambafille með fitu
beint úr kjötborði

TILBOÐ
2.498 kr/kg
Verð áður 3.256,-

Kjöt & fisktorgið



## Nauta piparsteik
beint úr kjötborði

TILBOÐ
2.298 kr/kg
Verð áðu 2.905,-

Jói FEL




## Jói Fel brauðrúllur með fyllingu

Ítölsk rúlla og skinkurúlla
-tilbúnar beint í ofninn

20% afsláttur við kassa




**Prince Polo**
- 4 stk í pk

Lukkuleikur... kíktu í lokið




**Sýrður rjómi**
- 4 tegundir



**Fumagalli**
- ekta ítalskt álegg

Gildir til 24. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér úrskurður siðanefndar Blaðamannafélags Íslands í Jónínumálinu sanngjarn?*

| | |
|---|---|
| Já | 34% |
| Nei | 66% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú fleiri álver á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Íþróttalið Taívan fékk ekki að nota taívanska fánann á Alþjóðaleikum ungmenna í Laugardalnum:

# Taívanska liðið látið skipta fánanum út

**UTANRÍKISMÁL** Sendiráð Alþýðulýðveldisins Kína óskaði í gær eftir því við utanríkisráðuneytið að íþróttalið Taívans á Alþjóðaleikum ungmenna í Laugardal notaði ekki þjóðfána sinn á leikunum.

Samkomulag náðist um að Taívanar notuðu sérstakan ólympíufána sinn á Alþjóðaleikunum.

„Þeir gerðu einhvers konar samkomulag um að nota ólympíufánann,“ segir Anna Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Alþjóðaleikanna. „Þetta er bara þessi pólitíska umræða sem kemur frá Kínverjum. Við höndlum með íþróttaleika ungmenna, en ekki pólitíska afstöðu.“



**FÁNARNIR TVEIR** Fáni Lýðveldisins Kína, eða Kínverska Taipei, (t.v.) fékk ekki að njóta sín á Alþjóðaleikunum. Ólympíufáni landsins (t.h.) var notaður í staðinn.

Ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína, sem starfar í Peking og nær yfir stóran hluta meginlands Asíu, viðurkennir ekki stjórn Taívans og annarra eyja við Kínastrendur, sem kalla sig einu nafni Lýðveldið Kína.

Kínversk stjórnvöld krefjast þess að Lýðveldið Kína sé opinberlega kallað Kínverska Taípei og að Alþýðulýðveldið Kína sé hið eina og rétta Kína.

„Við fylgjum „one-China-policy“ eins og það er kallað,“ segir Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins. „Við erum með sendiráð í Kína og eigum samskipti við Taipei, ekki á pólitískum forsendum, heldur sem viðskiptasvæði.“

Grétar segir að utanríkisráðuneytið hafi ekki komið beint að málinu, þar sem leikarnir eru ekki á vegum ríkisins. „Við viljum helst ekki vera að móðga ríki að ástæðulausu ef hægt er að komast hjá því,“ segir Grétar.

**- sgj**



**DÁÐST AÐ DÓTTURINNI** Friðrik horfir á nýfædda dóttur þeirra Maríu. Stúlkan verður skírð sunnudaginn 1. júlí.

Dönsku krónprinshjónin:

## Friðrik og Maríu boðið í heimsókn til Íslands

**FÓLK Dönsku krónprinshjónin Friðrik prins og María prinsessa koma að líkindum í heimsókn til Íslands næsta sumar í boði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta.**

**Ólafur Ragnar ræddi hugsanlega heimsókn hjónanna, ásamt öðrum málefnum, á fundi með sendiherra Danmerkur fyrr í vikunni.**

**Að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritara er málið á upphafsreit; ekkert hafi verið afráðið um tímasetningar eða annað skipulag heimsóknarinnar.**

**Jóakim, yngri bróðir Friðriks, og þáverandi eiginkona hans, Alexandra, komu í nokkurra daga heimsókn til Íslands í septemberlok árið 2001.**

**- bþs**

### ÁSTRALÍA

**Stór heræfing**

Ástralar og Bandaríkjamenn halda þessa vikuna stærstu sameiginlegu heræfingu sem þeir hafa efnt til. Í henni taka þátt 27.500 hermenn. Æfingarnar eru ætlaðar til að festa í sessi hernaðarlega yfirburði bandamannanna í heimshlutanum.

### GEIMFERÐIR

**Lendingu frestað**

Lendingu geimferjunnar Atlantis var frestað í gær, en hún átti að lenda við Kennedy-geimvísindastofnunina á Flórída. Reynt verður aftur við lendingu í dag, ef veður leyfir.

Rannsókn á láti ungrar konu:

## Bíða niðurstöðu úr krufningu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á láti ungrar konu sem lést á Landspítalanum á mánudagskvöld er í biðstöðu. Dánarorsök þarf að liggja fyrir áður en ákveðið er hvort eitthvað þurfi rannsaka.

Konan fannst í rúmi sínu á smitsjúkdómadeild á laugardagskvöld. Grunur leikur á að hún hafi komist yfir morfínefni á spítalanum og sprautað sig með því. „Það liggur ekki fyrir að neinn hafi látið hana fá efni,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Ef dánarorsökin er eðlileg þá er í raun ekkert til að rannsaka.“ **- sþs**

# Ölfusingar fá ekki að kjósa um álver

**Íbúum í Ölfusi verður ekki gefinn kostur á að kjósa um álversuppbyggingu þar, líkt og gert var í Hveragerði. Alcan vill ekki láta koma sér á óvart með slíkri kosningu. Líklegast er að Alcan verði með tvö álver á landinu, segir fyrirtækið.**

**STÓRIÐJA** Bæjarstjóri Þorlákshafnar segir að íbúar sveitarfélagsins hafi nú þegar kosið um álverið sem til umræðu var á fundi hans og Alcan í gær. Það hafi þeir gert í sveitarstjórnarkosningum.

„Það er svo erfitt að meta hvað eru mikilvæg mál og hvað eru ekki mikilvæg mál,“ segir hann. Því verði ekki kosið um álver sérstaklega, frekar en um önnur umdeild mál.

Forsvarsmenn Alcan vilji heldur ekki að neitt óvænt komi upp á. „Ef þeir ganga til samninga við okkur þá vilja þeir sjá alveg fyrir endann á þeim samningum, það verði ekkert opið gat í miðjunni,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

Ólafur segir fundinn hafa gengið „skínandi vel“ og Þorlákshöfn komi greinilega til álita sem framtíðarstaður álvers.

Alcan og sveitarstjórnarmenn hafi skipst á skoðunum og helst bar á góma hafnarmál og landrými. Of snemmt sé að setja fram skilyrði um lagnir línumannvirkja í jörðu, líkt og íbúar í Vogum hafa gert. Ólafur útilokar þó ekki að það mál verði skoðað þegar nær dregur.

Viljayfirlýsing um orkusölu Landsvirkjunar við Alcan rennur út í lok mánaðarins og Ólafur á von á því að hratt verði unnið í málinu.

Michel Jaques, einn yfirmanna Alcan, segir fyrirtækið leita leiða til að vera enn um sinn með starfsemi í Straumsvík. Allar líkur séu þó á því að starfsemin verði á tveimur stöðum á landinu. Honum líst vel á Þorlákshöfn.



**ÞORLÁKSHÖFN** Íbúar í Þorlákshöfn kusu um álverið þegar þeir kusu í sveitarstjórnarkosningum, segir bæjarstjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ELÍSASSON



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**

Á fundi Alcan og Landsvirkjunar á dögunum fóru forsvarsmenn Alcan fram á að forgangur Alcan að orku yrði framlengdur, en hann rennur út hinn 30. júní.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir það forsendu fyrir þeim samningi að Alcan geti stækkað álver sitt í Straumsvík eða reist nýtt álver annars staðar á landinu.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, óskaði í gær eftir greinargerð um samskipti bæjarstjóra, kjörinna fulltrúa og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar við fulltrúa Alcan.

Þetta segist hún hafa gert í ljósi ummæla Lúðvíks síðustu daga, til dæmis um landfyllingu í Straumsvík, en þau snúist um „hvernig megi komast hjá niðurstöðu lýðræðislegra kosninga“.

**klemens@frettabladid.is**

**Nýjung í ræstingum**
– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsettinu




Margar bráðabirgðahraðahindranir í borginni skemmdar:

# Losna á ósléttu yfirborði gatna

**SAMGÖNGUMÁL** Bráðabirgðahraðahindranir sem settar hafa verið upp víða um Reykjavík eru margar hverjar skemmdar. Hraðahindranirnar eru úr plasti og boltaðar við götuna í nokkrum einingum. Víða má sjá slíkar hraðahindranir sem í vantar, til dæmis í Bergstaðastræti, við Óðinsgötu og Skúlagötu.

Þorgrímur Hallgrímsson, hverfastjóri hjá Reykjavíkurborg, segir hraðahindranir sem þessar eiga það til að losna. „Það veltur á hvað er slétt undir þeim,“ segir hann. „Ef undirlagið er óslétt geta þær losnað upp á álagspunktum.“ Hann segist ekki hafa orðið var við eða fengið ábendingar um að unnin hafi verið skemmdarverk á hraðahindrununum. „Það er býsna mikil vinna að losa um þær með handafli. Ég efast um að menn séu svo óprúttnir að ráðast í það bara til að geta ekið um óhindraðir.“

Ekki hefur verið ákveðið hvort varanlegar hraðahindranir komi í stað allra bráðabirgðahraðahindrananna sem hefur verið komið fyrir á undanförnum mánuðum. **- bs**



**LÍTIL HINDRUN** Ef yfirborðið undir hraðahindrununum er óslétt eiga þær það til að losna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


KAUPÞING
Síminn
FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ
Í LAUGARDAL
KEPPNI OG SKEMMTUN ALLA HELGINA
AÐGANGUR ÓKEYPIS
Það verður glatt á hjalla í Laugardalnum á laugardaginn. Alþjóðaleikar ungmenna standa yfir og af því tilefni verður haldin hátíð fyrir alla fjölskylduna.
Dagskráin hefst kl. 13.00 við félagsheimili Þróttar. Sveppi tekur á móti gestum og kynnir dagskrána með léttu sprelli. Meðal þeirra sem koma fram eru, töframaðurinn Jón Víðis , Stígur og Snæfríður úr Stundinni okkar, hljómsveitin Sprengjuhöllin , Kalli á þakinu og sönghetjan Jónsi. Í dalnum verða fjöllistamenn á ferli og spennandi afþreying af ýmsu tagi í boði.
Alþjóðaleikar ungmenna
Reykjavík 2007
ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA
Alþjóðaleikarnir er fjölmennasti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi. Keppt verður alla helgina í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, handbolta, júdó, badminton og golfi. Leikarnir fara að mestu fram í Laugardalnum og eru áhorfendur velkomnir. Aðgangur ókeypis.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hver veiddi fyrsta laxinn í Elliðaánum í sumar?*

*2. Hvaða líkamsræktarfrömuður ræktar um þessar mundir líkama Björns Inga Hrafnssonar?*

*3. Hvaða sautján ára íslenski knattspyrnumaður hefur skrifað undir samning við hollenska liðið AZ Alkmaar?*

SVÖR Á SÍÐU 46

Menntamálaráðherra opnaði nýjan vef Kvennaslóða í gær:

# Hæfar konur til allra starfa

**JAFNRÉTTI** Nýr vefur Kvennaslóða var opnaður á málfundi í Þjóðminjahúsinu í gær. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði vefinn formlega.

Markmið Kvennaslóða er að gera þekkingu kvenna sýnilega og aðgengilega fyrir fjölmiðla, fyrirtæki og stjórnvöld. Á vefnum www.kvennaslodir.is má finna hæfar konur til margvíslegra starfa með skjótum hætti. RIKK, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum sér um vefinn.

„Það er full ástæða til að starfrækja vef á borð við Kvennaslóðir, brýn nauðsyn að fólk nýti sér hann og að það verði vitneskja meðal fjölmiðlamanna um hann," sagði Þorgerður Katrín.

„Það er staðreynd að konur bera á flestum sviðum skarðan hlut frá borði," sagði Þorgerður. „Samt er enginn tilbúinn að halda því fram að konur séu síður hæfar en karlar til að gegna æðstu stöðum í sveitarfélögum og fyrirtækjum."

Margrét Kristmannsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri, flutti einnig erindi.

„Við konur getum gert annan mjög einfaldan hlut til að bæta stöðu okkar kvenna, en hann felst einfaldlega í því að styðja hver aðra," sagði Margrét. - sgj



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA OPNAR VEFINN** Ráðherra sagði mikilvægt að starfrækja vefinn Kvennaslóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Á kajak umhverfis landið:

# Ferð ræðaranna miðar vel

**FERÐALÖG Ferð kajakræðaranna tveggja sem björgunarsveitir leituðu að í byrjun síðustu viku gengur vel. Parið er nú komið norður á Öxarfjörð og stefnir hratt austur fyrir land.**

**Freya Hoffmeister og Greg Stamer lögðu upp í hringferð sína umhverfis Ísland frá Garðskaga laugardaginn 9. júní. Markmiðið er að ljúka ferðinni á skemmri tíma en áður hefur verið gert.**

**Á heimasíðu Freyu kemur fram að ferðin hafi gengið vel og veður hafi verið hagstætt. Þau tóku land á Siglufirði síðastliðinn þriðjudag og skrifuðu þá fréttir af sér á síðuna.** - þo

Hörð andstaða Kínastjórnar:

# Taívanar kjósa um aðild að SÞ

**TÆVAN, AP** Yfirvöld í Taívan hétu því á miðvikudag að þjóðaratkvæðagreiðsla um að ganga á ný í Sameinuðu þjóðirnar yrði haldin þrátt fyrir hörð mótmæli frá Kína. Atkvæðagreiðslan fer líklega fram á næsta ári að sögn forseta Taívans, Chen Shuibian.



**CHEN SHUI-BIAN**

Verði inngangan samþykkt þarf öryggisráð SÞ að staðfesta hana sem má teljast ólíklegt að gerist þar sem Kína hefur neitunarvald í ráðinu. Kínversk stjórnvöld álíta Taívan hluta af Kína þótt eyjan hafi haft sjálfsstjórn frá árinu 1949. - sdg

Útskriftarhópur Versló var sá stærsti frá upphafi:

# Fararstjóri vill styttri ferðir fyrir nýstúdenta

**NEYTENDUR** „Þetta er stærsti hópur sem hefur farið í útskriftarferð frá Íslandi," segir Þóra Björk Halldórsdóttir, fararstjóri Heimsferða á Fuerteventura á Kanaríeyjum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu lenti 240 manna útskriftarhópur frá Verzlunarskóla Íslands í hrakningum á Fuerteventura í upphafi sumars þegar herlögregla tók að vakta hópinn á nóttunni þegar þau skemmtu sér og á fundum sem haldnir voru vegna skemmdarverka og drykkjuláta á hótelinu. „Flestir voru til fyrirmyndar en auðvitað voru svartir sauðir innan um," segir Þóra Björk. Hún segir að samkvæmt lögum þurfi að kalla til lögreglu ef fleiri en hundrað manns safnast saman og því hafi hótelstjórinn ekki þorað öðru en kalla til herlögreglu þegar allur hópurinn safnaðist saman á fund. „Sumir krakkarnir voru hræddir við lögregluna," segir Þóra Björk. Hún bætir við að vikudvöl sé hámarkstími fyrir svona ferðir og nauðsynlegt að hóparnir séu miklu minni en hópur Verzlunarskólans í ár. - lbb



**SVARTIR SAUÐIR** Fararstjóri segir lítinn hóp hafa skemmt fyrir meirihlutanum.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dómnum þykir erfið hegðun fórnarlambsins í garð Ara Kristjáns að engu leyti afsaka ofsafengin viðbrögð Ara.

# Stakk erfiðan mann tvisvar í bringuna

**Ari Kristján Runólfsson dæmdur í sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Kraftaverki eða læknisfræðilegu afreki að þakka að fórnarlambið er á lífi.**



**DÓMSTÓLAR** Rétt tæplega fertugur maður, Ari Kristján Runólfsson, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps í byrjun apríl síðastliðinn. Hann stakk 48 ára mann í hjartastað í heimahúsi eftir rifrildi yfir fótboltaleik.

Lögreglumenn voru kallaðir að húsi við Hátún að kvöldi 3. apríl, þar sem maður hafði verið stunginn. Þegar þá bar að kom Ari Kristján út á móti þeim, blóðugur og ofurölvi, og tilkynnti þeim að hann hefði stungið mann með hníf. Inni voru fjórir menn, þar af ölvaður maður með tvö stungusár á bringunni.

Hann var fluttur á sjúkrahús og meðan á skoðun stóð hrakaði honum snögglega og fór í hjartastopp. Þá var hann skorinn upp í skyndi og fingri stungið í gat sem fannst á hjarta hans. Því næst var gert að meiðslum hans. Fram kemur í dómnum að kraftaverki eða læknisfræðilegi afreki megi þakka það að hann sé á lífi.

Aðdragandi árásarinnar er nokkuð óljós sökum ölvunar vitna, en ljóst þykir að fórnarlambið hafi „reynst [Ara] þungur í skauti" umrætt kvöld. Sá stungni, sem hafi verið „óaárennilegur rumur" að sögn Ara, hafi veist að honum með munnsöfnuði nær strax og Ara bar að garði. Þeir hafi rifist mikið og maðurinn hafi meðal annars hótað því að kasta Ara fram af svölum hússins. Ari kvaðst hafa við það verið gripinn ofsahræðslu vegna áþekkrar lífsreynslu í æsku.

Einhverju síðar hafi Ari Kristján farið inn í eldhús íbúðarinnar, sótt þar steikarhníf, gengið rakleiðis að manninum og stungið hann tvívegis.

Ari Kristján neitaði því ekki að hafa ráðist á manninn með hnífi en sagðist lítið muna eftir því vegna ölvunar. Dómnum þótti sannað að fórnarlambið hafi reynst Ara erfitt um kvöldið. Það afsaki þó að engu leyti viðbrögð Ara, einkum í ljósi þess að Ari hafi ekki brugðist við í stundarbrjálæði, heldur látið nokkra stund líða frá síðasta rifrildinu við manninn, þar til hann stakk hann.

Ari þarf að greiða fórnarlambinu eina og hálfa milljón króna í skaðabætur. Til frádráttar fangelsisvistinni kemur óslitið gæsluvarðhald frá 4. apríl. stigur@frettabladid.is

Tvöföldun klamydíusmita í Færeyjum:

# Bæta þarf kynfræðslu

**FÆREYJAR** Greiningum á klamydíusmitum hefur fjölgað verulega í Færeyjum undanfarinn áratug samkvæmt lýðheilsufræðingnum Malan Egholm sem hefur gert ritgerð um hvernig fyrirbyggja megi klamydíusmit í Færeyjum. Vefútgáfa Útvarps Færeyja greinir frá þessu.

Árið 1997 greindust 5,1 prósent þeirra sem komu í kynsjúkdómaskoðun í Færeyjum með klamydíu. Árið 2006 var þetta hlutfall komið upp í 11,2 prósent og hafði því meira en tvöfaldast.

Egholm segir mikilvægt að bæta kynlífsfræðslu í skólum svo börn læri um kynsjúkdómavarnir og að hrinda þurfi af stað almennum upplýsingaherferðum. - sdg



www.toyota.is

# LYKILLINN AÐ GÓÐU SUMRI

## Frábært tilboð á Betri notuðum RAV4



Sumarið er stutt á Íslandi. **Nú fer hver að verða síðastur að fá sér RAV4 á tilboði.** Árgerðum 2005 og eldri fylgir gisting fyrir fjóra í sjö nætur á Edduhótelunum og bensínkort að andvirði 75 þúsund.










Höfum opið á Nýbýlaveginum til kl. 19.00
og aðrir umboðsaðilar hafa opið til kl. 18.00.

**Vertu í sólskinsskapi og njóttu alls þess sem Ísland hefur upp á að bjóða í RAV4.**

hotel edda
www.hoteledda.is

*__Með hverjum bíl fylgir__ bensínkort að andvirði 75.000 kr. á Shellstöðvum hringinn í kringum landið.

**__Með hverjum bíl fylgir__ gisting í tveggja manna herbergi (f. 2 fullorðna og 2 börn, 12 ára og yngri) með morgunverði á einhverju af Edduhótelunum. Gildir sumarið 2007.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38019 06/07



# Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun

*Kennaraháskóli Íslands auglýsir diplómunám á þroskaþjálfa- og tómstundabraut sem miðar að því að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku með því að gefa hópnum tækifæri til náms að loknu námi í framhaldsskóla. Um er að ræða nýjung í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála sem og stefnu Kennaraháskóla Íslands.*

*Meginmarkmið námsins er að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á starfsvettvangi þroskaþjálfa og tómstunda- og félagsmálafræðinga. Um er að ræða fjölbreytileg störf, s.s. í skólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og á þeim vettvangi sem fólk með þroskahömlun sækir þjónustu.*

*Námið hefst í október 2007 og dreifist á tvö skólaár. Því lýkur vorið 2009. Gerður verður námssamningur við hvern nemanda þar sem tilgreind verða markmið einstakra námskeiða, starfstengd markmið sem og leiðir að settu marki.*

- > ***Inntökuskilyrði*** *eru fjögurra ára nám á starfsbrautum framhaldsskóla eða sambærileg menntun og starfsreynsla.*
- > ***Umsóknir*** *skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð sem fást afhent á skrifstofu Kennaraháskóla Íslands. Nauðsynlegt er að staðfestingar á fyrra námi og meðmæli fylgi umsókn.*
- > ***Skrásetningargjald*** *við Kennaraháskóla Íslands eru 45.000 kr. fyrir skólaárið.*
- > ***Kynningarfundur*** *verður haldinn mánudaginn 25. júní kl. 17.00 í Skriðu, fyrirlestrasal Kennaraháskóla Íslands.*

*Nánari upplýsingar veita ábyrgðarmenn námsins Guðrún V. Stefánsdóttir, lektor, sími: 5633965 og Vilborg Jóhannsdóttir, lektor, sími: 563800*

***Umsóknarfrestur er til 29. júní***

***>>Kennaraháskóli Íslands***
***sími 563 3800 > www.khi.is***


Miðnæturhlaup á Jónsmessu á morgun:

# Hlaupið í Laugardal

**ÚTIVIST** Miðnæturhlaup á Jónsmessu verður haldið laugardaginn 23. júní. Hlaupið hentar fólki á öllum aldri, byrjendum og lengra komnum. Hægt er að velja um þrjár vegalengdir: 3 km skemmtiskokk sem er án tímatöku, og 5 km eða 10 km sem eru með tímatöku. Hlaupið hefst klukkan 22.00 við sundlaugarnar í Laugardal og lýkur á sama stað.

Forskráning í hlaupið fer fram á vef maraþonsins, www.marathon.is, og er netskráning opin til klukkan 18.00 í dag. Einnig er hægt að skrá sig í hlaupið frá klukkan 18.00-21.30 á morgun í anddyri sundlauganna í Laugardalnum.



**KEPPENDUR Í MIÐNÆTURHLAUPI** Miðnæturhlaup á Jónsmessu verður haldið í fimmtánda sinn á morgun.

Allir sem taka þátt fá stuttermabol og verðlaunapening auk þess sem það er frítt í Laugardalslaugina eftir hlaupið fyrir hlaupara. **- pal**



**FRÁ FUNDINUM** Þórólfur Árnason forstjóri Skýrr, Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingarstofu, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og Kristján Möller samgönguráherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ísland talið henta vel fyrir netþjónabú

**Mikil eftirspurn er eftir grænni orku í heiminum. Með nýjum sæstreng haustið 2008 verður Ísland samkeppnishæft um staðsetningu netþjónabúa.**

**IÐNAÐUR** Ódýr vistvæn orka og kuldi eru meðal þess sem gera Ísland mjög samkeppnishæft fyrir staðsetningu netþjónabúa alþjóðlegra stórfyrirtækja. Haustið 2008 verður nýr sæstrengur, sem tengir Ísland við meginlandið, tilbúinn. Þá er orðið raunhæft fyrir fyrirtæki að starfrækja netþjónabú á Íslandi. „Hér erum við í fyrsta skiptið að selja kulda," sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Fjárfestingarstofa, sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið og aðstoðar erlenda fjárfesta við fjárfestingar, átti frumkvæðið að athugun á samkeppnishæfi Íslands fyrir staðsetningu netþjóna á landinu. Niðurstöðurnar, sem voru kynntar í gær, voru að Ísland væri mjög samkeppnishæft þegar búið væri að leggja nýjan sæstreng og tryggja með því stöðugt samband við útlönd. Orka á Íslandi er ódýrari en í helstu samkeppnislöndunum sem eru Bandaríkin, Bretland og Indland. Ásamt því að vera ódýrari er orkan vistvæn sem gerir hana eftirsóknarverðari og sleppa eigendur netþjónanna við kolefnisgjald sem er víða farið að innheimta vegna brennsluorku.

Um fimmtíu prósent af rekstrarkostnaði netþjónabúa er kostnaður vegna orku. „Helmingurinn af þessari orkunotkun fer til kælingar hjá þessum fyrirtækjum venjulega. Ef litið er til íslenskra aðstæðna þá mundi það muna tugum milljóna á ári í minni orkukostnað hjá þessum fyrirtækjum," sagði Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu.

„Það er mikil eftirspurn eftir orku af þessu tagi," sagði Össur. Hann sagði að það væri ákaflega brýnt að fara varlega með þær takmörkuðu orkulindir sem við eigum þannig að skammsýni fengi ekki að útiloka uppbyggingu á þessari starfsemi.

**andriv@frettabladid.is**

## NETÞJÓNABÚ

- Netþjónabú eru rafrænar gagnageymslur og miðlarar.
- Eitt netþjónabú tekur pláss á við sjö til tíu fótboltavelli og notar allt að fimmtíu megavött af orku. Til samanburðar kemur Kárahnjúkavirkjun til með að framleiða 690 megavött.
- Í netþjónabúi af þessari stærðargráðu starfa um fimmtíu sérfræðingar.
- Meðal fyrirtækja sem hafa sýnt áhuga á að byggja netþjónabú á Íslandi eru Microsoft og Yahoo.
- Talið er að magn upplýsinga sem geyma þarf á rafrænu formi aukist um fimmtíu prósent á ári.
- Netþjónabú nýta um eitt prósent af allri orku sem er framleidd í heiminum.
- Orkukostnaður er fimmtíu prósent rekstrarkostnaðar netþjónabúa. Helmingur orkukostnaðarins, fjórðungur rekstrarkostnaðar, er vegna kælingar á tölvubúnaði.




Eldsvoði á hjúkrunarheimili:

# Tíu fórust í eldi í Rússlandi

**RÚSSLAND, AP** Tíu fórust í eldsvoða á hjúkrunarheimili í þorpi í Síberíu í Rússlandi gærmorgun. Yfir 300 sjúklingar björguðust úr eldinum. Fjórir voru fluttir á sjúkrahús með brunasár og önnur meiðsl.

Eldvarnarkerfið virkaði sem skyldi en vakthafandi hjúkrunarkona var fjarri þegar það fór af stað og gat því ekki gert sjúklingum viðvart og kallað á slökkvilið. Ógætnir vistmenn eru taldir hafa valdið eldinum.

Eldurinn í gær bætist við röð mannskæðra eldsvoða í Rússlandi undanfarið sem hafa margir orðið vegna grófrar vanrækslu á öryggiseftirliti. - sdg

Ræða um formlegt samstarf Reykjavíkur og Moskvu í fimm daga heimsókn:

# Borgarstjóri í boðsferð til Moskvu

**UTANRÍKISMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri heimsækir Yuri Luzhkov, borgarstjóra Moskvu, í byrjun næsta mánaðar. Heimsóknin er í boði borgarstjórans rússneska.

Samkvæmt drögum að dagskrá, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, munu borgarstjórarnir tveir ræða um formlegt samstarf borganna tveggja, orkumál og þátttöku Moskvu í áætluninni Ungt fólk í Evrópu. Einnig verður rætt um samning þess efnis að Moskva og Reykjavík verði systurborgir.

Í ferðinni verður haldinn umræðufundur um orku- og vistfræðimál í viðskipta- og iðnaðarráðuneyti Rússa í Moskvu. Á dagskránni eru umræður um viðskiptatengsl landanna tveggja og viðskiptatækifæri tengd endurnýjanlegum orkulindum.

Heimsókninni lýkur síðan sjöunda júlí þegar Vilhjálmur færir Luzhkov tvo íslenska stóðhesta að gjöf við hátíðlega athöfn. Íslenski hópurinn heldur heim á leið daginn eftir.

Auk Vilhjálms borgarstjóra býður Moskvuborg ellefu borgarfulltrúum og starfsmönnum Reykjavíkurborgar í heimsóknina. Átta makar fara með, en þeir borga undir sig sjálfir. - sþs



**MOSKVA** Íslenski hópurinn fer út fjórða júlí og snýr aftur heim áttunda sama mánaðar. Umræðufundur um orku- og vistfræðimál er meðal þess sem er á dagskrá.

Íslendingur í varðhaldi:

# Bíður enn dóms í Brasilíu

**DÓMSMÁL Íslenskur karlmaður sem handtekinn var í Brasilíu í fyrrasumar með 12 kíló af hassi bíður enn dóms. Hann situr í fangelsi í Sao Paulo samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu. „Við höfum ekki heyrt af málinu í einhvern tíma og vitum ekki hvenær dóms er að vænta í málinu,“ segir Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.**

**Annar íslenskur karlmaður, Hlynur Smári Sigurðarson, hefur fengið reynslulausn og kennir í dag Brasilíubúum ensku í samfélagsþjónustu.** - lbb



**BJARNI SÆMUNDSSON** Hefur nýlokið rannsóknaleiðangri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hafrannsóknastofnun:

# Árlegum vorleiðangri lokið

**RANNSÓKNIR Árlegum vorleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar er nýlokið. Leiðangurinn var hluti af langtímavöktun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðunum við Ísland. Athuganir voru gerðar á alls 111 stöðum umhverfis landið, bæði á landgrunninu sjálfu og utan þess. Rannsóknir voru gerðar á hita og seltu sjávar, næringarefnum í sjó, svifþörungum og dýrasvifi.**

**Mælingarnar sýna hita og seltu í hærra lagi sunnanlands og vestan, hita um meðallag og seltu heldur undir meðallagi fyrir norðan og austan land. Lítill gróður var víðast hvar en átumagn við landið nálægt langtímameðallagi. Einnig fóru fram athuganir á loðnu og loðnulirfum og á völdum stöðum var safnað sýnum til mælinga á geislavirkum efnum og koldíoxíði.** - shá

Hugmynd forsætisráðherra:

# Konungur Nepals

**NEPAL, AP** Forsætisráðherra Nepals, Girija Prasad Koirala, vill að konungur Nepal, Gyanendra, og krónprinsinn Paras afsali sér krúnunni áður en íbúar Nepals ganga til mikilvægra kosninga sem ákvarða pólitíska framtíð þjóðarinnar, að því er nepalskir fjölmiðlar greina frá.



**GYANENDRA KONUNGUR**

Koirala hefur stungið upp á að fimm ára gamall sonarsonur Gyanendra fái að taka við krúnunni án formlegra valda sem muni bjarga hinu 240 ára gamla konungsveldi.

Gyanendra, sem er afar óvinsæll í Nepal, neyddist til að láta af valdboðsstjórnun sinni í fyrra eftir að mótmæli höfðu staðið yfir mánuðum saman. - sdg

**DÓMSMÁL**

## Svipt ökuleyfi og gúmkylfum

Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd til að greiða 180 þúsund krónur í sekt fyrir að aka undir áhrifum kannabisefna, amfetamíns og annars örvandi efnis. Þá fundust í bílnum gúmmíkylfur sem héngu saman á keðju og voru þær gerðar upptækar. Hún var einnig svipt ökuréttindum í hálft annað ár.






**HORFINN Í 100 DAGA** Starfsmenn BBC setja borða með textanum „100 dagar“ á veggspjald utan á höfuðstöðvum BBC í Lundúnum með mynd af fréttamanninum Alan Jonston, sem hefur verið í höndum palestínskra gíslatökumanna frá 12. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn Framsóknarflokksins uppfæra ekki upplýsingar um fjárhag og eignir:

# Framsókn hunsar eigin reglur

**STJÓRNMÁL** Upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni þingmanna Framsóknarflokksins hafa ekki verið uppfærðar síðan þær voru fyrst birtar í apríl 2005.

Í reglum um upplýsingarnar segir að þær skuli uppfærðar jafnóðum og tilefni gefst til og í síðasta lagi 1. apríl ár hvert.

Í apríl 2005 setti þingflokkur Framsóknarmanna sér reglur um miðlun upplýsinga um fjárhagsleg tengsl og í framhaldinu birtust upplýsingar um eignir þingmannanna í fyrirtækjum, fasteignum, atvinnurekstri, aukastörf utan þings og boðsferðir og gjafir.

„Við viljum hafa hlutina uppi á borðinu svo menn þurfi ekki að vera með neinn rógburð og tilbúning,“ sagði Hjálmar Árnason þingflokksformaður við það tilefni og Jónína Bjartmarz þingmaður sagði gagnsæi vera markmið reglanna. Bæði eru hætt á þingi.

Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, segir að farist hafi fyrir að uppfæra upplýsingarnar í fyrra en gengið verði í verkið hið snarasta auk þess að bæta við upplýsingum um fjárhagsleg tengsl nýrra þingmanna flokksins.

Framsóknarmenn fóru þess á leit við forsætisnefnd Alþingis að settar yrðu hliðstæðar reglur um upplýsingagjöf alls þingheims. Ekki hefur orðið af því. - bþs



**FRÁ MIÐSTJÓRNARFUNDI FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Á myndinni má meðal annars sjá Guðna Ágústsson formann og Siv Friðleifsdóttur þingflokksformann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lést fimm árum eftir bílslys:

# Konan látin sem fæddi barn í dái

**BANDARÍKIN, AP Kona sem fæddi barn meðan hún var í dái lést á föstudaginn í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Annetta Miller Clark var í dái í fimm ár eftir að hún lenti í bílslysi ásamt manni sínum sem lést stundu eftir slysið.**

**Annetta, sem fékk alvarlega heilaáverka, var barnshafandi og fæddi son fimm mánuðum síðar sem tekinn var með keisaraskurði.**

**Michael, sem er orðinn fjögurra ára, heimsótti móður sína reglulega að sögn móður Annette. „Michael sat yfirleitt við rúmið, tók upp hárburstann og fór að bursta á henni hárið. Það var erfitt að horfa á.“** - sdg


ICEBANK

**Skráning víxla í Kauphöll Íslands**

Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingu vegna skráningar víxla bankans í Kauphöll Íslands og gert aðgengilega almenningi frá og með 22. júní 2007. Eftirfarandi víxlaflokkar hafa verið gefnir út:

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 2. apríl 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 22. júní 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 1001. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. október 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 2. maí 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 22. júní 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 1101. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. nóvember 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. júní 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 22. júní 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 1203. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 3. desember 2007.

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands er Icebank hf.

Lýsinguna er hægt að nálgast á vefsetri útgefanda: www. icebank.is.

22. júní 2007.


# Íslensk orkufyrirtæki í útrás til Kasakstans

**Sendinefnd íslenskra fyrirtækja hélt til Kasakstans á dögunum. Stefna að uppbyggingu orkudreifingarkerfis Mið-Asíuríkisins. Kasösk sendinefnd er væntanleg til landsins. Land í mikilli uppsveiflu segir framkvæmdastjóri Útflutningsráðs.**

**VIÐSKIPTI** Sendinefnd á vegum Útflutningsráðs Íslands hélt til Almaty, stærstu borgar Kasakstans, á dögunum. Íslensk fyrirtæki stefna að raforkuframleiðslu og uppbyggingu orkudreifingarkerfis þar í landi.

„Það liggur fyrir að það þarf að endurbyggja að miklu leyti raforkukerfi Kasakastans,“ segir Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs. „Við viljum leggja til þekkingu á því sviði.“

Í sendinefndinni voru fulltrúar frá Línuhönnun, Sola, Rafteikningu, HydroKraft og Landsbankanum.

Von er á fulltrúum frá orkuveitu Almaty til Íslands á næstunni. „Þeir eru væntanlegir, en við eigum í erfiðleikum með að útvega þeim vegabréfsáritun,“ segir Jón.

„Fyrirtækið mun koma hingað og kynna sér orkuöflun hér á landi. Þeir eru með nokkur orkuver í suðurhluta Kasakstans og eru með eitt stórt vatnsaflsver á teikniborðinu. Við munum kynna þeim þennan geira hérna og fara með þá á Kárahnjúka,“ segir Jón.

Kasakstan er land í mikilli uppsveiflu með mörg verkefni framundan, að sögn Jóns.

„Það var enginn Borat-stíll á neinu sem við sáum þarna. Þetta er mjög skemmtilegt og lifandi umhverfi sem hefði getað verið í hvaða Evrópulandi sem er.“

Hafsteinn Helgason, sviðsstjóri viðskiptaþróunar hjá Línuhönnun, var einnig í sendinefndinni.

„Þarna er um að ræða land sem er jafnstórt og Vestur-Evrópa, með mikinn hagvöxt og uppbyggingu. Það þarf að byggja upp nýtt dreifikerfi raforku svo hægt sé að treysta á það til framtíðar. Við ætlum okkur að taka þátt í að hanna það,“ segir Hafsteinn.

Kasakstan er ríkt af auðlindum, bæði olíu, gasi og málmum. Í landinu búa þó aðeins rúmlega 15 milljónir manns.

„Kasakstan er því með miklar auðlindir á hvern íbúa,“ segir Hafsteinn. „Það er viðskiptalegur og stjórnmálalegur stöðugleiki í landinu og stjórnvöld eru með mjög mikil áform í gangi um að mennta fólk erlendis. Þúsundir Kasaka eru í háskólum erlendis að mennta sig á kostnað ríkisins.“

Kasösk stjórnvöld hafa einnig fylgt fyrirmynd Norðmanna. „Þeir eru að byggja upp auðlindasjóð og ætla að láta komandi kynslóðir njóta góðs af þessum auðlindum. Það verður ekki sagt um þessa þjóð annað en að hún sé á réttri braut,“ segir Hafsteinn.

steindor@frettabladid.is



**OLÍULEIÐSLA Í KASAKSTAN** Orkuiðnaðurinn er viðamikill í Kasakstan og ætla íslensk fyrirtæki að taka þátt í endurnýjun dreifikerfisins. NORDICPHOTOS/AFP

Fórnarlamb Jóns Péturssonar hringdi í Neyðarlínuna í miðjum barsmíðum:

# Ómögulegt að bregðast við öllu

**LÖGREGLUMÁL** Fórnarlamb nauðgarans Jóns Péturssonar, sem var misþyrmt í hálfan sólarhring, hringdi í 112 á meðan barsmíðarnar stóðu sem hæst. Sambandið rofnaði áður en henni tókst að kalla eftir hjálp. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar segir tugi þúsunda símtala berast árlega þar sem hringt er í skakkt númer, lagt er á án þess að nokkuð sé sagt eða hringt er óvart. Ógjörningur sé að fylgja öllum slíkum málum eftir.

Í dómi héraðsdóms yfir Jóni frá því á þriðjudag kemur fram að þegar misþyrmingarnar höfðu staðið í tvo og hálfan tíma hafi konunni tekist að hringja úr farsíma sínum í Neyðarlínuna, en Jón hafi slitið símtalinu áður en nokkur samskipti hafi átt sér stað. Jafnan er hægt að rekja hvaðan símtalið berst.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir að ekki sé hægt að koma í veg fyrir tilvik sem þessi. Þegar ekki er ljóst hver ástæða símtals er og rökstuddur grunur er um að eitthvað sé að þá sé það regla hjá Neyðarlínunni að reyna að hringja til baka og fá nánari upplýsingar. Annars sé ógjörningur að bregðast við, slíkur sé fjöldi símtalanna. „Til þess þyrftum við að tvöfalda mannaflann. Við fáum um 300 þúsund símtöl á ári, þar af eru slík símtöl um 40 þúsund.“ - sh


550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki





Ársæll Kristófer Ársælsson er kominn til Íslands eftir sérhæfða áfallahjálp í Evrópu:

# Ætlar aftur til Malaví eftir árás og rán

**LÖGREGLUMÁL** Ársæll Kristófer Ársælsson, sem varð fyrir árás vopnaðra ræningja í Malaví aðfaranótt 23. maí síðastliðinn, kom til Íslands fyrir tólf dögum. Að sögn Sighvats Björgvinssonar, forstjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), hyggst hann snúa aftur til Malaví í júlí þegar hann hefur lokið sumarleyfi. „Honum líður bara vel," segir Sighvatur.

Ársæll var á heimili sínu í Monkey Bay í Malaví þegar vopnaðir ræningjar réðust inn á heimili hans, bundu hann og kefluðu og rændu öllum verðmætum hans. Áður höfðu þeir læst öryggisverði hans inni í útihúsi.

Í kjölfarið var Ársæll fluttur til höfuðborgarinnar Lílongve ásamt öðrum starfsmönnum ÞSSÍ á svæðinu. Hann fór síðan úr landi til unnustu sinnar í Evrópu, þar sem hann þurfti á sérhæfðri áfallahjálp að halda sem ekki var í boði í Malaví.

Hinir starfsmenn ÞSSÍ hafa snúið aftur til Monkey Bay. Sighvatur segir að ráðist hafi verið í mikið öryggisátak í samstarfi við lögregluna á staðnum. Lýsing við híbýli starfsmanna hafi verið efld, rimlar settir fyrir hurðir og glugga og lögreglumenn annist sérstaka gæslu.

Lögreglan á staðnum handtók einhverja vegna árásarinnar skömmu eftir að hún átti sér stað, en Sighvatur segist ekki halda að þar hafi verið réttir menn á ferð. Rannsókn málsins miði lítið. - sh



**Í MALAVÍ** Ræningjarnir bundu Ársæl og kefluðu og rændu af honum öllum verðmætum. FRÉTTABLAÐIÐ / AP




MITSUBISHI L-200
ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI
Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Veglegur aukahlutapakki innifalinn:
Álfelgur · 32" dekk · Klæðning í palli · Dráttarbeisli

Virkur þátttakandi
Mitsubishi L-200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar
Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla · 2.800 kg dráttargeta · Opnanleg afturrúða · Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero · Spyrnustýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu

MITSUBISHI MOTORS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 0602

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA




800 5555

Alla daga frá 10 til 22




Linde Gas AGA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MS grillleikur með sýrðum rjóma
EKKERT BRUDL
Sýrður rjómi
Grill-leikur
með sýrðum rjóma!
Sýrður léttur
MUNDU PÓSTLISTANN bonus.is
Bónus býður betur!
KAKÓMJÓLK
98 KR.
3 saman
kappi
KAKÓMJÓLK
Bónus skúffukaka
198 KR.
400g
Smyrill 300g
89 KR.
Smyrill
Kílóbrauð!
98 KR.
Kornbrauð
BÓNUS
HEILT KÍLÓ!
26
SNEIÐAR
www.bonus.is
PEPSI MAX
Pepsi Max 0,5L + samloka
198 kr.
ERAN/Landlist
KF GRILL LAMBAFRAMPARTUR
kílóverð nú:
698 KR.
Merkt verð 998 KR.
30% afsláttur við kassann
GRILLKRYDDAÐAR LAMBAFRAMPARTSSNEIÐAR
ALI grillkryddaðar kótelettur og úrbeinaðar svínahnakkasneiðar
SVÍNAKJÖT
Svínakótelettur ALI grill og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673 KR.
30% afsláttur við kassann
SPARHAKK
KF SPARHAKK
kílóverð nú:
398 KR.
Merkt verð 499 KR.
Sparhakk: Blanda sem aldrei klikkar
Trippakjöt (29%), folaldakjöt (22%)
lambakjöt (18%), nautakjöt (15%),
prótín og vatn (fituinnihald er 12%).
Villikryddað kindainnanlæri
INNANLÆRISSTEIK
kílóverð nú:
1998 KR.
VILLIKRYDDUÐ
Hrossabjúgu gróf og kofareykt
KOFAREYKT
30% afsláttur við kassann
KF HROSSABJÚGU
kílóverð nú:
262 KR.
Merkt verð 375 KR.
Frosin lambasvið
279 KR.
kílóverð
...fyrir góðan dag!
Frosin KS lambasvið
THULE
LÉTTÖL
500 ml
49 KR.
ALKÓHÓL 2,25% RÚMMÁL
500 ML

# Fulleldað og klárt á grillið!

Sole mio leggir og læri
kílóverð nú:
787 KR.
Merkt verð 1125 KR.

30% afsláttur við kassann

Blandaðir bitar
kílóverð nú:
275 KR.
Merkt verð 393 KR.

Sjáðu verðið!

EKKERT BRUÐL

## Gott á grillið!

Spareribs
KÍLÓVERÐ NÚ:
826 KR.
Merkt verð 1180 KR.

Knorr fyrir kjúklinginn

Knorr sósa
159 KR.
455g

Babyback
KÍLÓVERÐ NÚ:
895 KR.
Merkt verð 1279 KR.

30% afsláttur við kassann

4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.

Dregin er út matarkarfa í póstlista bonus.is að upphæð 20.000 KR. í viku hverri til 1. sept.!

...fyrir góðan dag! KS

Forsoðnar kryddaðar kartöflur
198 KR.
500g

10x 115g hamborgarar
1258 KR.
Frosnir og fínir í ferðina

10x 80g hamborgarar
898 KR.
Frosnir og fínir í ferðina

5x200g RISA hamborgarar
1168 KR.
Frosnir og fínir í ferðina

12 lítrar af Coca-Cola
498 KR.
6x 2 lítrar

6x 2 lítrar

Formaggi pitsa eða salamipitsa

Formaggi/salami steinofns pitsa
179 KR.
350g

159 KR. pokinn
20 KR.
STYKKIÐ

Frosinn KS lambabógur
kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699 KR.

## „ORÐRÉTT“

### Athafnastjórnmál

**„Nú er ekkert kjaftæði í gangi. Þetta verður gert af fullum krafti í þetta sinn.“**

BJÖRN INGI HRAFNSSON BORGARFULLTRÚI ER Í MEGRUN.
**Fréttablaðið 21. júní.**

### Vesalings Verzlingar

**„Okkur var lofað fjörugu næturlífi sem reyndist ekki vera.“**

JÓNA G. BOGADÓTTIR, NÝSTÚDENT FRÁ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS. HERLÖGREGLAN Á KANARÍEYJUM VAKTAÐI ÚTSKRIFTARHÓP SKÓLANS VEGNA ÓSPEKTA.
**Fréttablaðið 21. júní.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR RITHÖFUNDUR

## *Ferðataskan aldrei lengi í geymslu*



„Það er bara allt ágætt, þakka þér fyrir,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir, rithöfundur og blaðamaður. „Ég var að koma frá Berlín þar sem ég hef verið síðan í janúar með viðkomu í öðrum löndum og er að átta mig á sumarbirtunni. Ég var bara að vinna þar eins og maður gerir. Maður tekur bara tölvuna með sér og vinnur. Sumir segja að þetta sé að láta reka á reiðanum en ég vinn hjá sjálfri mér.“

Sigurbjörg vill ekki upplýsa hvað hún sé að fást við þessa stundina. „Ég er að vinna að ákveðnu verkefni en segi frá því síðar. Það verður að halda smá dulúð.“

Sigurbjörg segist ekki vera á leið út í bili en hún pakki aldrei ferðatöskunni langt niður í geymslu. „Það er samt alltaf gott að koma heim. Og það er ágætt að þó að maður fari í burtu í nokkra mánuði að þá er eins og ekkert hafi skeð þegar maður var fjarri, það var Eurovision og kosningar skilst mér en það er allt með kyrrum kjörum.“

Sigurbjörg fer á ættarmót á Siglufirði um helgina. „Föðurættin er þaðan. Það er orkuveisla að koma á Siglufjörð. Þeir eru svo duglegir Siglfirðingar, þeir halda alls konar hátíðir. Jónsmessuhátíðin þeirra er akkúrat núna um helgina þannig að ég næ fyrirlestrum og ýmsum skemmtilegheitum. Svo eru þeir með þjóðlagahátíð og síldarævintýrið.“ Sigurbjörg var á þjóðlagahátíðinni í fyrra. Ég reyni að fara þangað einu sinni á ári, Siglfirðingar eru snillingar upp til hópa og það er skyldumæting fyrir landsmenn að koma á Sigló.“

## GLJÚFRASTEINN: HEIMILI SKÁLDSINS

Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Nóbelskáldsins Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í hálfa öld. Íslenska ríkið keypti húsið árið 2002, þegar öld var liðin frá fæðingu hans og opnaði það almenningi tveimur árum síðar. Í húsinu er meðal annars margmiðlunarsýning um ævi og starf skáldsins og fagurt um að litast bæði innan dyra og utan.



## SJÓNARHÓLL
ÚTSKRIFTARFERÐIR

### *Farið til Ibiza*



**TINNI SVEINSSON**
Ritstjóri Húsa og híbýla.

„Útskriftarferðir eru auðvitað jafn misjafnar og þær eru margar. Það fer eftir einstaklingunum hvernig til tekst. Vitleysingar verða alltaf vitleysingar og það er lítið við því að gera. Flestir kunna að hegða sér og skemmta án þess að vera með vesen,“ segir Tinni Sveinsson, ritstjóri Húsa og híbýla.

„Mér finnst það sjálfsagt mál að krakkar fari í svona ferðir á útskriftarárinu. Ef þær væru ekki skipulagðar af skólanum myndu krakkarnir sjálfsagt enda á sólarströndinni hvort eð er. Nema án eftirlits. Ég hef fulla samúð með Verslingunum sem fóru grunlausir í partíferð á fjölskyldu- og ellilífeyrisþegaströnd á Kanarí og gerðu allt vitlaust þar í vor. Ferðaskrifstofurnar eiga að passa upp á að svona árekstrar verði ekki. Sjálfur fór ég í útskriftarferð með Verslunarskólanum til Ibiza. Það er miklu skynsamlegri áfangastaður, skilgreind partíeyja með tilheyrandi froðudiskói og skemmtistöðum úti í skógi. Þeir sem eru að skipuleggja útskriftarferðir næsta árs ættu hiklaust að panta sér hótel þar.“

# Ekki kallað á liðsauka milli landa

**Skothvellir og kindajarm er það fyrsta sem heyrist þegar gengið er inn á æfingasvæði sérsveitar ríkislögreglustjóra. Kindurnar virtust óhultar en það sama verður ekki sagt um skotmörk íslenskra og norskra sérsveitarmanna sem hafa æft á svæðinu undanfarna daga.**



**SKOTÆFINGAR** Norskir og íslenskir sérsveitarmenn æfðu skotfimi á æfingasvæðinu í Hvalfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er fyrsta stóra sameiginlega æfing norsku og íslensku sérsveitarmannanna, þó fámennir hópar hafi af og til æft saman, segir Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn og yfirmaður sérsveitarinnar. Þegar Fréttablaðið leit í heimsókn á æfingasvæðið á Miðsandi í Hvalfirði í gær stóðu yfir skotæfingar og um 30 íslenskir sérsveitarmenn og annar eins fjöldi norskra kollega þeirra voru dreifðir um svæðið.

Það er að vissu leyti tímanna tákn að svo margir norskir sérsveitarmenn koma hingað til æfinga, en það sem helst dregur þá hingað er góð aðstaða sem myndaðist til slíkra æfinga eftir að bandaríska varnarliðið hvarf á braut. Mörg mannvirki standa nú auð á Miðnesheiði, þar með talið kvikmyndahús og skóli, og munu sérsveitarmennirnir æfa aðgerðir við aðstæður sem gætu komið upp í slíkum byggingum, til dæmis tengt gíslatökum, segir Jón.

Aðstæður sem sérsveitin æfir fyrir virðast fjarlægar á Íslandi, sérstaklega í hinum friðsæla Hvalfirði. Jón segir æfingarnar til að mynda taka mið af aðstæðum sem komið hafa upp erlendis, svo sem skotárás í skóla í Colombine og gíslatöku í leikhúsi í Moskvu. Einnig sé reynt að gera sér í hugarlund aðstæður sem komið gætu upp hérlendis og búa sig undir það versta.

Jón segir mikils virði að geta æft með erlendum sérsveitarmönnum, þannig hafi báðir aðilar tækifæri til að læra af því sem aðrir séu að gera. Ekki sé þó beinlínis markmiðið að samhæfa sveitirnar þannig að unnt sé að kalla eftir liðsauka milli landa, enda ekki ljóst hvort slíkt gengi á annað borð upp lagalega. Hann segir þó að ef einhvern tíma komi til þess sé gott að hafa prófað að vinna saman á æfingu.

Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur æft á Miðsandi í Hvalfirði frá árinu 2004, og hafa einhverjir meðlimir sveitarinnar æft þar í hverri viku undanfarið, segir Jón.

Hann segir mikinn áhuga á því að sérsveitin fái svæðið frá ríkinu sem varanlegt æfingasvæði, enda vandfundinn betri staður fyrir slíkar æfingar. Jón segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um varanlega ráðstöfun á svæðinu, en bendir á að afar dýrt sé að byggja svona gott æfingasvæði upp frá grunni.



**YFIRMENN** Jón F. Bjartmarz, yfirmaður sérsveitarinnar (til hægri), Guðmundur Ómar Þráinsson, daglegur stjórnandi sérsveitarinnar, og Kristján Kristjánsson aðalvarðstjóri fylgdust með æfingunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## GEFA ENGAN AFSLÁTT AF KRÖFUNUM

Í dag eru 43 í sérsveit ríkislögreglustjóra en markmiðið er að fjölga mönnunum hægt og bítandi í 52. Engin kona er í sérsveitinni, og aðeins tvær lögreglukonur hafa reynt að komast í hana, segir Guðmundur Ómar Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og daglegur stjórnandi sérsveitarinnar.

„Það eru gerðar sömu kröfur til allra, við gefum engan afslátt,“ segir Guðmundur. Hann segir að lögreglumenn geti sótt um að komast á nýliðanámskeið með árs fyrirvara. Á því ári sem líði fram að námskeiðinu séu ýmis próf sem þurfi að standast, og þó að konurnar sem sóttu um hafi staðið sig vel hafi þær ekki staðist kröfurnar. Guðmundur segir sömu stöðu á hinum Norðurlöndunum, þar hafi engar konur komist í gegnum undirbúningsferlið fyrir nýliðanámskeið.



**LIÐSANDI** Æfingarnar eru meðal annars hugsaðar til að efla liðsandann í sérsveitinni, enda getur hópvinnan skipt meira máli en skotfimi eða þol.

## SÆKJA ÞJÁLFUN Í SAMNINGUM TIL FBI

Ekki er reiknað með að byssurnar séu látnar tala fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra, heldur er tíu manna samningahópur hluti af deildinni. Þjálfunin í samningaumleitunum er sótt til Alríkislögreglu Bandaríkjanna, FBI, og eru þjálfarar þaðan til að mynda væntanlegir hingað til lands til að halda námskeið í samningatækni á næstu vikum.

Jón F. Bjartmarz, yfirmaður deildarinnar, segir sögulegar ástæður fyrir því að leitað var til FBI en ekki norrænna kollega eins og gjarnan hafi verið gert. Á þeim tíma sem hópurinn var stofnaður hafi FBI einfaldlega staðið framar en lögregluembætti á Norðurlöndunum, og því hafi verið leitað þangað.


**Stökktu til**
**Costa del Sol**
**27. júní eða 4. júlí**
**frá kr. 34.990**
**Allra síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol þann 27. júní og 4. júlí. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

# Opnum eftir miklar breytingar

## Glæsileg opnunartilboð

**Hlífðar-dýna og Bella Donna Aloe Vera lak fylgja með**




Tempur Spring, hin margrómaða heilsudýna á frábæru júnítilboði
**King (193x203) kr. 199.900,-**
**Cal King (183x213) kr. 199.900,-**
**Queen (153x203) kr. 174.900,-**



## Full verslun af nýjum teppasettum

skrautpúðum og glæsilegum sængurverum

## Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gafl
**Opnunartilboð kr. 309.900,-**



## Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Bólstraður leðurbotn og lappir
**Opnunartilboð kr. 119.900,-**

## Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval



**SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir**




Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# Snýst um að sýna nærveru í norðri

**Norðmenn eru í fremstu röð NATO-bandalagsþjóða með að sýna í verki samstöðu með Íslendingum eftir brottför bandaríska varnarliðsins, til að árétta skuldbindingar bandalagsins gagnvart Íslandi á friðartímum. Þetta er sá skilningur sem viðmælendur Fréttablaðsins í Noregi leggja í þýðingu tvíhliða samnings landanna um samstarf í öryggis- og varnarmálum.**



**NORSKAR F-16-ÞOTUR** Orrustuþotur norska flughersins á flugi. Slíkar vélar munu taka þátt í NATO-heræfingunni Norðurvíkingi sem fram fer hér á landi í ágúst. LJÓSMYND/FORSVARSNETT-NORSKI HERINN

„Það stendur ekki til að Norðmenn taki við því hlutverki sem Bandaríkjamenn gegndu á Íslandi,“ segir Jo Gade, aðmíráll (flaggkommandør) í norska hernum og einn æðsti embættismaðurinn í norska varnarmálaráðuneytinu. Hann átti sæti í norsku viðræðunefndinni, sem gekk frá samstarfssamningnum við Íslendinga í apríl síðastliðnum. Hann tekur hins vegar fram að samkomulaginu hafi almennt verið vel tekið í Noregi og það njóti ótvíræðs stuðnings ríkisstjórnar og þings.

### NATO-samhengi mikilvægt

Gade samsinnir því að samningurinn sé rammasamkomulag, pólitísk viljayfirlýsing sem eftir eigi að koma í ljós hvað muni nákvæmlega koma út úr í reynd.

Sverre Lodgaard, forstöðumaður norsku alþjóðamálastofnunarinnar NUPI, segir einnig að þetta sér rétt mat. „Ég lít líka svo á að þar sem við höfum þennan tvíhliða samning sé Noregur í fremstu röð NATO-landa að annast þau verkefni sem Ísland þarf mest á að halda [eftir brottför bandaríska varnarliðsins], svo sem að sjá til þess að Keflavíkurflugvöllur nýtist áfram sem herflugvöllur og að NATO-herþotur sýni nærveru í íslenzkri lofthelgi,“ segir Lodgaard.

„Það er mikilvægt að sjá þetta í NATO-samhengi,“ áréttar Gade. Fimmta grein Atlantshafssáttmálans, sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll, sé í fullu gildi. Við það má bæta að varnarsamstarfssamningar Íslands við Bandaríkin eru einnig í fullu gildi, þótt þeir fjalli fyrst og fremst um skuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi á hættutímum. Að sögn Gade snúist samkomulagið við Ísland því fyrst og fremst um að sýna Íslendingum samstöðu á friðartímum og virkt pólitískt samráð um öryggis- og varnarmál.

„Þetta snýst um að sýna [hernaðarlega] nærveru á svæðinu,“ segir Gade. Fjölþjóðlega NATO-æfingin Norðurvíkingur, sem fram fer hér á landi í ágústmánuði, verður að hans sögn eins konar prófraun á það hvernig þetta samstarf geti litið út til framtíðar. Í æfingunni munu bæði orrustuþotur og P3-Orion-eftirlitsflugvélar norska hersins taka þátt.

Til að ná því markmiði fram að tryggja að Keflavíkurflugvöllur nýtist áfram sem herflugvöllur, þótt engin föst viðvera herflugvéla sé nú á vellinum, segir Sverre Lodgaard það einnig vera rökrétt næsta skref, að Íslendingar leggi til fólk sem fái þjálfun í að reka flugvöllinn sem herflugvöll, svo að Íslendingar verði betur í stakk búnir til að leika hlutverk gestaríkis heræfinga á borð við þá sem áformuð er í ágúst. Nærtækt væri að Norðmenn sæju um þessa þjálfun.

### Lofthelgiseftirlit?

Spurður hvort hann sjái fyrir sér að norskar orrustuþotur muni í framtíðinni taka þátt í lofthelgiseftirliti, sem kann að verða samið um að NATO-ríki sinni í íslenzku lofthelginni, segir Gade að hann telji ekki þörf á lofthelgiseftirliti af því tagi sem stundað hefur verið í Eystrasaltslöndunum.

„Ég tel eðlilegast að á vettvangi NATO verði fundin ný lausn á þessu lofthelgiseftirliti, sem byggist á mati á ógn á hverjum stað á hverjum tíma. Það er óþarfi að hafa orrustuþotur að staðaldri í öllum krókum og kimum NATO-svæðisins,“ segir hann. Þessa nýju lausn segist Gade geta séð fyrir sér þannig, að NATO-herstjórnin leggi mat á það hvar mest þörf sé á að sýna nærveru hverju sinni. Það geti verið í Eystrasaltsríkjunum einn daginn og á Íslandi hinn. Þannig verði óþarfi að hafa herþotur stöðugt alls staðar, en jafntrúverðugar varnir samt tryggðar í allri lögsögu NATO.



**JO G. GADEV** Aðmíráll og einn æðsti embættismaður norska varnarmálaráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**SVERRE LODGAARD** Forstöðumaður norsku alþjóðamálastofnunarinnar NUPI. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Gæzlusamstarf vandkvæðalaust

Í heimsókn í stjórnstöð norsku strandgæzlunnar í Norður-Noregi, í Sortland í Vesturáli, var sá talsmaður norsku gæzlunnar sem þar varð fyrir svörum, Njål Røkenes, spurður hvort það kynni að flækja samstarf milli íslenzku og norsku gæzlanna að sú norska sé hluti af her en sú íslenzka hrein-borgaraleg. Þessu svarar Røkenes á þá leið, að hann fái ekki séð að það breyti nokkru. „Það er ekkert vandamál að eiga samstarf við íslenzku Gæzluna. Við eigum stöðugt í samstarfi við borgaralega aðila í eigin landi, og við sænsku strandgæzluna til dæmis,“ bendir hann á.

Um nýja samkomulagið milli Noregs og Íslands um aukið samstarf á sviði öryggis- og varnarmála segir Røkenes að það sé mjög jákvætt frá sínum bæjardyrum séð. Það veiti örugglega ekki af efldu samstarfi strandgæzlanna við Norður-Atlantshaf í ljósi hinnar vaxandi umferðar risaskipa um þetta viðkvæma hafsvæði þar sem veður eru oft válynd.

### Ekki auðlindaeftirlit

Håvard Berg-Olsen, undirofursti og yfirmaður flugsveitar 333 í norska flughernum, sem hefur sex P3-Orion-eftirlitsflugvélum á að skipa og hefur sitt fasta aðsetur í herflugstöðinni á Andey í Norður-Noregi, tjáði Fréttablaðinu ennfremur að tæknilega væri það að sjálfsögðu mögulegt að vél sveitarinnar legði leið sína til Íslands af og til. Það væri þó fyrst og fremst komið undir pólitískum vilja og að sveitin fengi fjárveitingar í samræmi við verkefnin sem henni væri ætlað að sinna. Hann leyfði sér reyndar að efast um að það væri viðeigandi að eftirliti af sama tagi og sveitin annaðist í norskri lögsögu – sem snerist að miklu leyti um fiskveiðieftirlit í umboði strandgæzlunnar – væri sinnt í íslenzkri lögsögu af norskum herflugvélum.

Jo Gade í varnarmálaráðuneytinu tekur fram, að sú hernaðarlega nærvera sem Norðmenn kunni að sýna í íslenzkri lögsögu geti aðeins verið til þess fallin að árétta varnarskuldbindingar NATO gagnvart Íslandi; íslenzk yfirvöld verði sjálf að sjá fyrir daglegri áréttingu fullveldisyfirráða sinna yfir íslenzkri lögsögu og auðlindum. Fiskveiðieftirlit og slík verkefni í íslenzku lögsögunni geti ekki verið á könnu neins annars en Íslendinga sjálfra.

*Á morgun: Heimsókn í norska her- og strandgæzlustöð*



FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

**Miðnæturhlaup á Jónsmessu**
**23.06.07**
Árlegt miðnæturhlaup á Jónsmessu fer fram laugardaginn 23.júní n.k.
Hlaupið hefst við Sundlaugarnar í Laugardal kl. 22:00.
Vegalengdir: 3 km án tímatöku,
5 km og 10 km með tímatöku.
Verðlaun verða afhent á bakka Laugardalslaugar í kringum miðnætti.
Þátttakendur fá bol, verðlaunapening, frítt í sund og drykk frá Powerade.

Forskráning er á www.marathon.is til kl 18:00 föstudaginn 22.júní.
Skráning á hlaupdag í anddyri gömlu Laugardalslaugar frá 18:00-21:30.

**Gangi ykkur vel og góða skemmtun.**

REYKJAVÍKURMARAÞON POWERADE. ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

## HVER ER ÞÍN ÍÞRÓTT? - SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

- FIMLEIKAR
- RINGÓ
- PÚTT
- LÍNUDANS
- GOLF
- STRANDBLAK
- GÖTUHLAUP
- TENNIS
- SPARKVALLABOLTI
- HJÓLREIÐAR
- BOCCIA
- FRISBÍGOLF



Eyjólfur Sverrisson setur síðasta Landsmót UMFÍ.
Ljósmynd: Pétur Björnsson

# Hver er þín íþrótt?

## Nú hefur þú tækifæri til þess að láta drauminn rætast og keppa á Landsmóti - og jafnvel komast á pall!



Toyota Corolla bifreið

10 flugferðir með 20.000 gjaldeyri

Gjafakörfur frá Vífilfelli

### Ef þú vinnur ekki til verðlauna getur þú samt unnið glæsilega vinninga í happdrætti Landsmótsins.

Nú er skráning í fullum gangi á landsmót UMFÍ en keppni í ofantöldum greinum er öllum opin. Allir keppendur fá happdrættismiða en þar verður dregið úr glæsilegum vinningum m.a. Toyota Corolla, 10 utanlandsferðum með gjaldeyri og gjafakörfum frá Vífilfelli. Landsmótið er fjögurra daga íþrótta-, menningar- og skemmtihátíð sem haldin verður í Kópavogi 5.-8. júlí.

## Skráðu þig núna!

http://landsmot.kopavogur.is

Landsmót UMFÍ - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla!

LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ




**1.128** kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns/magnbakki




**179** kr/kg. áður 299 kr/kg.
Holta ferskir vængir í Tex Mex kryddlegi




**1.399** kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes lambalærisgrillsneiðar þurrkryddaðar

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21. júní til 24. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir




**1.046** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
SS Grand orange helgarsteik




**1.761** kr/kg. áður 2.348 kr/kg.
Goða lærissneiðar marineraðar




**197** kr/pk. áður 299 kr/pk.
EU Universal þvottaefni 3 kg.




**97** kr/stk. áður 162 kr/stk.
Grand appelsínu Nektar 50% - 2 ltr.

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.164 **-0,28%**

**Fjöldi viðskipta:** 612
**Velta:** 22.322 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | 4,88% | **365** | 2,12% |
| **NÝHERJI** | 3,78% | **ACTAVIS** | 1,70% |
| **ALFESCA** | 0,98% | **LANDSBANKINN** | 0,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,70 -2,12% ... Actavis 87,00 -1,70% ... Alfesca 5,13 +0,98% ... Atlantic Petroleum 1.110 +0,27% ... Atorka 8,08 -0,12% ... Bakkavör 69,50 -0,43% ... Eimskipafélagið 39,90 +0,76% ... FL Group 29,80 +0,00% ... Glitnir 28,30 +0,00% ... Kaupþing 1.108 +0,73% ... Landsbankinn 37,95 -0,52% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,85 -0,30% ... Straumur-Burðarás 21,10 +0,00% ... Össur 107,50 +4,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Samfélagsleg ábyrgð eða hvað?

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, gagnrýnir á heimasíðu sambandsins nýjan samning Landsbankans og Alþjóðahúss. Samningurinn hljóðar upp á tíu milljónir og er sá stærsti sem Alþjóðahúsið hefur gert við einkaaðila. Í greininni segir að í samningnum felist meðal annars að bankinn bjóði innflytjendum ókeypis íslenskukennslu – ef þeir eru viðskiptavinir bankans. Varpar Skúli fram þeim spurningum hvort það sé hlutverk Alþjóðahúss að aðlaga innflytjendur að Landsbanka Íslands og hvort Alþjóðahúsið ætti að vera handbendi fjármagnseigenda í íslenskukennslunni.



### Allt saman á misskilningi byggt

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir efasemdir framkvæmdastjórans á misskilningi byggðar. Námskeiðin sem Landsbankinn ætli að bjóða upp á verði öllum innflytjendum opin. Þeim verði þó, eins og gefi að skilja, sérstaklega beint að viðskiptavinum bankans. „Það er einmitt ekkert í þessum samningi sem skyldar okkur til að benda á Landsbankann eða mæla með honum,“ segir Einar. „Á morgun getum við líka farið í alveg eins samstarf við annan banka, ef þannig ber undir. Þess vegna hefur maður svo góða samvisku yfir þessum samningi. Hann bindur ekki hendur okkar á nokkurn hátt.“



## MARKAÐSPUNKTAR...

Nýherji hefur opnað nýja verslun sem leggur áherslu á stafrænan lífsstíl í Hlíðasmára 3 í Kópavogi. Verslunin fékk nafnið Sense og mun bjóða einstaklingum vörur og þjónustu fyrir nútímaheimili.

Japanska hlutabréfavísitalan Nikkei náði í gær sjö daga hámarki. Í Vegvísi Landsbankans segir að hækkunin komi í kjölfar hækkana á stálfyrirtækjum, útflutningsfyrirtækjum og fyrirtækjum sem framleiða minniskubba.

Í Vegvísinum kemur fram að Nikkeivísitalan hafi hækkað um sex prósent frá áramótum. Það er lítið miðað við að Shanghai Composite hlutabréfavísitalan hefur hækkað um tæp sextíu prósent frá áramótum.

# Emmessís í Sólina

Sól ehf. gekk í gær frá kaupum á Emmessís hf., einu af þekktari vörumerkjum landsins, frá Auðhumlu svf., móðurfélagi Mjólkursamsölunnar. Samkomulag náðist um viðskiptin seint í maí með fyrirvara um áreiðanleikakönnun, sem nú er lokið. Fyrirtækjaráðgjöf SPRON sá um söluna en Arev aðstoðaði kaupanda. Kaupverð er trúnaðarmál.

Sól er tæplega þriggja ára fyrirtæki og framleiðir ávaxtasafa í plastumbúðum. Fimmtán manns vinna hjá Sól en 40 hjá Emmessís.

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólar og einn stofnenda fyrirtækisins, tók við lyklunum að Emmessís í gær. Hann segir engar breytingar fyrirhugaðar á rekstrinum fyrr en undir lok árs.

„Fyrirtækin verða rekin hvort í sínu lagi til að byrja með en fljótlega undir sömu kennitölu. Við gerðum þriggja ára leigusamning við Auðhumlu um að Emmessís verði á Bitruhálsi næstu þrjú árin en stefnum að því að sameina fyrirtækin undir eitt þak,“ segir hann. **- jab**



**SÓLARMENN** Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólar, og Hrafn Hauksson, einn stofnenda fyrirtækisins, sem keypti Emmessís í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gnúpur þriðji stærsti hluthafinn í Kaupþingi

**Eignarhlutir Gnúps í FL Group og Kaupþingi eru metnir á níutíu milljarða króna. Þórður Már Jóhannesson segir að félagið vilji fjárfesta í stjórnendum Kaupþings.**

Fjárfestingafélagið Gnúpur, félag þeirra Kristins Björnssonar, Magnúsar Kristinssonar og Þórðar Más Jóhannessonar, fór yfir fimm prósenta hlut í Kaupþingi í gær. Þetta gerist skömmu eftir að félagið jók hlut sinn í FL Group upp fyrir tuttugu prósent. Miðað við síðasta gengi Kaupþings, 1.108 krónur á hlut, er 5,19 prósenta hlutur metinn á rúma 42,5 milljarða króna.

„Við teljum að Kaupþing verði í lykilstöðu í frekari útrás og uppbyggingu íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis. Þeir hafa sterkt stjórnendateymi sem hefur vakið víða athygli. Í því viljum við fjárfesta,“ segir Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps. Ekki hefur komið til tals að fjárfesta meira í Kaupþingi að sögn Þórðar Más.

Þessi kaup gera Gnúp að þriðja stærsta hluthafanum í Kaupþingi á eftir Existu (22,8%) og óstofnuðu hollensku dótturfélagi Kjalars hf. (9,9%).

Gnúpverjar hafa verið að auka hlut sinn í Kaupþingi á árinu, einkum það sem af er júní. Kaupin í gær námu 3.663 milljónum króna, um 0,45 prósentum af heildarhlutafé Kaupþings. Um áramótin átti félagið um 2,2 prósent í bankanum.

Gnúpur er jafnframt stærsti hluthafinn í FL Group með rúman tuttugu prósenta hlut. Samanlagt eru eignarhlutir félagsins í FL og Kaupþingi metnir á 90 milljarða króna. Gnúpur átti einnig um 1,1 prósent í Straumi-Burðarási í síðustu viku. **eggert@frettabladid.is**

**EIGNIR GNÚPS Í FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM**

| Félag | Virði í milljörðum |
|---|---|
| FL Group (20,1%) | 47,8 |
| Kaupþing (5,19%) | 42,5 |
| Straumur-Burðarás (1,1%) | 2,4 |
| **Alls** | **92,7** |



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON** Gnúpur fór yfir fimm prósent í Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Føroya Banki hækkaði um 29%

**Markaðsvirði bankans jókst um sex milljarða króna.**

Hlutabréf í Føroya Banka ruku upp um 28,6 prósent frá útboðsgengi á fyrsta viðskiptadegi félagsins í kauphöllunum á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Útboðsgengið var 189 danskar krónur á hlut, fyrstu viðskipti fóru fram á genginu 240 en lokagengið var 243. Velta var töluverð í Kauphöll Íslands eða um 530 milljónir króna í 241 viðskiptum.

Markaðsvirði bankans jókst þar með um 540 milljónir danskra króna, jafnvirði sex milljarða íslenskra króna. Heildarvirði bankans í lok viðskiptadags var um 27,2 milljarðar króna.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu sýndu íslenskir fjárfestar einkavæðingunni mikinn áhuga en yfir sex þúsund íslenskir aðilar skráðu sig fyrir bréfum. **- eþa**

# Gjensidige fær meiri tíma

Norska fjármálaeftirlitið hefur veitt gagnkvæma tryggingafélaginu Gjensidige þriggja mánaða frest til þess að kaupa sig upp í fimmtungshlut í Storebrand. Gjensidige heldur utan um tæp tíu prósent og er annar stærsti hluthafinn á eftir Kaupþingi sem er með um tuttugu prósent. Í mars veitti fjármálaeftirlitið bæði Kaupþingi og Gjensidige heimild til að fara með fimmtungshlut í Storebrand. Kaupþing beið ekki boðanna og keypti um tíu prósent í Storebrand á skömmum tíma.

Hlutabréf í Storebrand tóku við sér við þessi tíðindi en þau hafa lækkað að undanförnu. Það kemur þó ekki alveg að sök í tilviki Kaupþings sem færir eignarhlutinn með hlutdeildaraðferð. **- eþa**





# TAX FREE DAGAR

Dagana 22.-24. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, skó, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa þrjá daga.

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. júní 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Varnir Íslands:

# Grannþjóðir taka höndum saman

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra er nú stödd í Noregi þar sem hún hittir í dag Jens Stoltenberg forsætisráðherra. Áður ræddi hún við Anne-Grete Strøm-Erichsen varnarmálaráðherra og Jonas Gahr Støre utanríkisráðherra. Eitt aðalmálið á dagskrá viðræðna Ingibjargar við hina norsku kollega sína var hinn nýi tvíhliða samningur Íslands og Noregs um eflt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Eftir fundi hennar með Strøm-Erichsen og Gahr Støre var haft eftir henni að samningurinn væri rammasamningur og eftir ætti að reyna á hvert innihaldið yrði. Það sé fyrst og fremst undir Íslendingum sjálfum komið. Því sé nauðsynlegt að fram fari umræða meðal þjóðarinnar um hvað hún sé tilbúin að leggja af mörkum til eigin varna. Íslendingar þurfi að horfast í augu við verulega aukningu í útgjöldum til varnarmála en sá útgjaldaliður verði í fyrsta sinn í næstu fjárlögum.

Þetta eru orð í tíma töluð. En það er ekki nóg að ný varnarstefna Íslands birtist í fjárlögum. Útgjöldin þarf að rökstyðja.

Eins og fram kemur í umfjöllun Fréttablaðsins í dag um varnarsamstarfið við Norðmenn eru Norðmenn almennt mjög jákvæðir gagnvart slíku samstarfi við Íslendinga. En eins og Jo Gade, einn æðsti embættismaður norska varnarmálaráðuneytisins, tjáði blaðinu þá eru skýr takmörk fyrir því hvað Norðmenn geta lagt Íslendingum til í þessu sambandi. Daglega áréttingu fullveldisyfirráða Íslendinga yfir lögsögu sinni á láði, legi og í lofti verði þeir sjálfir að annast. Norðmenn ætli sér ekki að yfirtaka það hlutverk sem bandaríska varnarliðið gegndi hérlendis. Enda er í raun óeðlilegt annað en að fullvalda þjóð annist þennan grundvallarþátt sjálfstæðis síns sjálf. Þótt þjóðin hafi vanist því í áratugi að erlent herlið gegndi að mestu þessu hlutverki, svo að segja sem verktaki, er ábyrgðin hennar. Að hún sýni þá ábyrgð í verki er orðið brýnt verkefni eftir að hið erlenda herlið yfirgaf landið.

Enginn ætlast til að Íslendingar komi sér upp flugher. Augljóslega geta þeir lagt annað og skynsamlegra til sameiginlegra varna NATO. En það þýðir líka að Íslendingar þurfa bæði að finna út úr því hvað þeir geta gert til að uppfylla fullveldisáréttingarhlutverkið í lögsögu sinni umfram það sem Landhelgisgæzlan gerir nú þegar – og hvernig þeir geta styrkt eigin varnir jafnframt því að leggja eitthvað áþreifanlegt fram til sameiginlegra varna NATO. Það síðastnefnda er í raun mótframlag hins herlausa Íslands til NATO fyrir framlag þess til varna Íslands.

Samstarfið við Norðmenn á örugglega eftir að reynast Íslendingum vel á þessari vegferð. Að minnsta kosti er það fullkomin tímaskekkja að ala á fornum fyrirvörum gegn slíku samstarfi með því að vísa til ásælni Noregskonungs til áhrifa hérlendis á miðöldum eða til fiskveiðideilna þjóðanna á liðnum árum, eins og heyrzt hefur í umræðunni. Engin ástæða er til að ætla annað en að báðir aðilar nálgist þetta samstarf af fullum heilindum með hagsmuni beggja þjóða að leiðarljósi. Vissulega er það svo að grannþjóðir eiga gjarnan í mestu hagsmunaárekstrunum. En í þessu sambandi gildir, að ágreiningur á einu sviði útilokar ekki samstarf á öðru þegar gagnkvæmir hagsmunir eru í húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn flýtir

Björn Bjarnason og aðrir norrænir dómsmálaráðherrar hittust á árlegum sumarfundi í Finnlandi á miðvikudag. Ræddu þeir meðal annars hvernig efla má samstarf í baráttunni gegn barnaklámi og misnotkun barna. Verður þetta brýna mál tekið upp á öðrum fundi strax í ágúst. Ráðherrarnir lýstu einnig yfir áhyggjum af heimilisofbeldi, sérstaklega ofbeldi gegn konum, og verður lögð „sérstök áhersla á baráttu gegn ofbeldi í norræna samstarfinu“. Stefnt er að því að heimilisofbeldi verði aðalmálið á sumarfundi 2008, það er eftir eitt ár. Eins gott að flana ekki að neinu.

### Þjóðarátak



Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingar, lýsti því yfir fyrr í vikunni að efna þyrfti til þjóðarátaks til að sporna við vændi. Auðvitað er góðra gjalda vert að vilja útrýma vændi og mansali. Hvort það verði gert með sérstöku þjóðarátaki er aftur á móti annað mál. Það myndi þá varla felast í öðru en að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar héldi áfram að hvorki kaupa vændi né falbjóða sig.

### Þjóðnýting



Vel á minnst. Blásið hefur verið til þjóðarátaks til að festa Alfreð Gíslason í sessi sem landsliðsþjálfara í handbolta. Þegar þetta er skrifað hafa um 5.000 manns kvittað á undirskriftalista Vísis og skorað á Alfreð að halda áfram. Allra allra hörðustu stuðningsmenn liðsins eru jafnvel á því að ekki hafi verið gengið nógu langt. Ríkisvaldið eigi að skerast í leikinn; einfaldlega þjóðnýta manninn og láta hann þjálfa landsliðið í knattspyrnu í leiðinni.

bergsteinn@frettabladid.is

# Ósamrýmanleg markmið



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**

**Í DAG** | Fiskveiðistjórnun

Í ljósi síbreytilegra lífshátta mannsins, aukinnar tækni og getu hafa kröfur efnahagslífsins til náttúrunnar stöðugt verið að breytast. Stjórn náttúruauðlinda er flókið og umfangsmikið verkefni. Markmiðin geta verið mismunandi – allt frá friðun til hámarksnýtingar. Núverandi stjórnkerfi fiskveiða hlýtur því að koma til gagngerar endurskoðunar í ljósi niðurstaðna Hafrannsóknastofnunar um stöðu þorskstofnsins. Árangur stjórnunarinnar er í engu samræmi við markmiðin. Það er siðferðileg og lagaleg skylda að leita allra leiða til að ná árangri við stjórn náttúruauðlinda – fyrir okkur sjálf, náttúruna og komandi kynslóðir. Ef núverandi stjórnkerfi skilar ekki þeim árangri sem að er stefnt verðum við að vera tilbúin til þess að skoða nýjar leiðir. Annað væri ábyrgðarlaust.

### Auðlindir sjávar

Auðlindir sjávar hafa lengi verið hornsteinn efnahagslífsins – einkanlega á landsbyggðinni. Markmið laga um stjórn fiskveiða kveða á um nauðsyn verndar og hagkvæmrar nýtingar fiskistofnanna auk traustrar atvinnu og byggðar í landinu. Undanfarin misseri hefur megináherslan verið lögð á hagkvæmni og skilvirkni. Aflaheimildir hafa því færst á færri hendur, sótt hefur verið á færri skipum og tæknin leyst mannshöndina af hólmi. Sjávarbyggðir hafa borið hitann og þungann af hagræðingunni. Afleiðingin er öllum ljós: Störfum fækkað svo þúsundum skiptir, fjárfestingar dregist saman, sveitarfélög tapað tekjum, fasteignaverð lækkað og fólki fækkað – svo einfalt er það. Af þessu verður ráðið að miklar eignatilfærslur hafa átt sér stað frá landsbyggðinni. Á sama tíma hefur eftirlitsiðnaður byggst upp á höfuðborgarsvæðinu. Það getur aldrei verið sanngjarnt að einungis einn hópur landsmanna, íbúar sjávarbyggða, taki á sig allar byrðarnar vegna upptöku kerfis í sjávarútvegi sem ætlað var að þjóna heildinni. Hagræðing hefur orðið í sjávarútvegi, en markmiðið um blómlegar byggðir, trausta atvinnu og eflingu fiskistofna hefur ekki náðst. Stjórnvöld standa því nú frammi fyrir stórum og erfiðum spurningum varðandi stjórn fiskveiða og framtíðarskipulags sjávarútvegsins.

Ein þeirra spurninga er hvort núverandi markmið með stjórn fiskveiða eru samrýmanleg. Það er augljóst, ef ná á hámarkshagræðingu og skilvirkni í greininni að störfum í sjávarbyggðunum mun fækka, nema önnur atvinnutækifæri komi til. Hér verður þó að hafa í huga að þessar byggðir hafa sérhæft sig í sjávarútvegi. Það er styrkleiki þeirra en um leið veikleiki þegar horft er til nýrra atvinnutækifæra og frekari uppbyggingar. Það er markmið núverandi ríkisstjórnar að ráðast í átak í samgöngu-, mennta- og fjarskiptamálum. Það er líka eðlilegt að ríkisvaldið stígi skref í þá átt að létta byrðum af sjávarbyggðum vegna félagslega íbúðakerfisins auk þess sem auðlindagjaldið hlýtur í auknum mæli að renna til sjávarbyggða, ella væri aðeins um áframhaldandi eignaupptöku á landsbyggðinni að ræða. Þá hefur verið rætt um að færa opinber störf út á landsbyggðina. Allt þetta styrkir byggðirnar og veitir þeim ný tækifæri.

### Hvert skal stefna?

En duga þessi úrræði til að sporna gegn þróun undanfarinna ára? Svarið við spurningunni, þegar horft er til lengri tíma, er ekki augljóst en það mun taka tíma að byggja upp atvinnulíf sem skapar störf á móti þeim sem hafa glatast og styrkja grunngerð þessara samfélaga. Sé horft til skemmri tíma er svarið augljóslega nei. Ef horfið verður frá stefnu arðsemis, hagræðingar og skilvirkni í greininni hljóta menn að spyrja: Hverskonar atvinnuvegur verður sjávarútvegur í framtíðinni? Verður hann samkeppnishæfur á alþjóðamörkuðum? Á hann að verða styrktur atvinnuvegur í þágu landsbyggðarinnar? Á að hverfa aftur til þess horfs sem var fyrir upptöku kvótakerfisins? Á að halda áfram á þeirri leið sem við höfum verið undanfarin ár eða á að kúvenda í nafni neikvæðra félagslegra-, atvinnu- og umhverfisáhrifa núverandi skipulags.

Það er afar mikilvægt að fram fari ítarleg umræða um framtíð sjávarútvegsins á næstu misserum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja vinnu við rannsókn á áhrifum núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis á sjávarbyggðir í landinu. Sú vinna getur ekki beðið – í hana verður að ráðast strax því engan tíma má missa. Þetta er löngu tímabær umræða því inn í hana munu spinnast sjónarmið um það hvernig við viljum sjá Ísland byggt til framtíðar og hvað við erum tilbúin til að leggja á okkur fyrir þá sýn.

*Höfundur er formaður þingflokks Samfylkingar.*

# Einkavæðing í menntastefnu?

**UMRÆÐAN**

Menntamál



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um háskólastigið sem kom út nýlega er um margt merkileg. Ánægjulegt er að sjá hversu vel Háskóli Íslands kemur út þrátt fyrir skerta samkeppnisstöðu. Aftur á móti er áhyggjuefni hversu mikill aðstöðumunur er á einkareknum háskólum og opinberum. Að einkareknir háskólar skuli fá sama ríkisframlag og þeir opinberu hefur skapað óæskilegan aðstöðumun og veikt samkeppnisstöðu opinberu háskólanna af skýrslunni að dæma.

Skýrsla ríkisendurskoðunar sýnir að auka þarf fjárframlög til Háskólans á Akureyri. Mikilli og örri fjölgun nemenda við háskólann hafa óneitanlega fylgt vaxtarverkir. Fjölgun nema þýða aukin útgjöld. Því miður virðist núverandi menntamálaráðherra ekki sýna þessu mikinn skilning. Háskólinn á Akureyri hefur fyrir löngu sannað tilverurétt sinn og vonandi fær hann tækifæri til að halda áfram að vaxa og dafna.

Að sama skapi verður að telja undarlegt að fjárframlög til Menntaskólans á Akureyri hafi verið skert um 30% á hverju ári sl. 3 ár. Einnig að forsendur fjárveitinganna hafi breyst jafn oft á tímabilinu. Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, sagði í útskriftarræðu sinni 17. júní, að skólayfirvöld ætluðu ekki að sitja með hendur í skauti. Miðað við stöðuna væri það álitlegur kostur að gera MA að einkaskóla. Samkeppnisstaða skólans byði einfaldlega ekki upp á að reglum og forsendum fjárveitinga væri sífellt breytt. Vonandi verður þessi kostur ekki ofan á, jafnvel þó ekki sé stefnt á að taka upp skólagjöld. Gæði kennslu á ekki að vera háð framlögum fyrirtækja. Stjórnvöld verða einfaldlega að búa svo í haginn að fjárframlög standi undir rekstri skólans.

Sú spurning vaknar hvort búið sé að hrinda af stað yfirlýstri ætlun Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu í menntakerfinu. Markvisst sé verið að skera niður fjárframlög til opinberra skóla og skerða samkeppnisstöðu þeirra til að gera einkavæðingu girnilegri. Markmið menntakerfisins verða aldrei fjárhagsleg í mínum huga. Þau snúast fyrst og fremst um gæði menntunarinnar og hversu vel okkur tekst að búa börn og ungmenni undir lífið. Þarna kristallast grundvallarmunur á stefnu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem ítrekað hefur lýst yfir vilja til einkavæðingar menntakerfisins.

*Höfundur er alþingismaður.*



**Kjúklingaréttir** er nafn á nýrri matreiðslubók frá Skjaldborg. Í henni eru 200 aðgengilegar uppskriftir og 1000 myndir af kjúklingaréttum. Gott uppsláttarrit fyrir alla sem fást við matargerð.

**Pastramí** er enn ein nýjungin í áleggi frá kjötmeisturum Sláturfélags Suðurlands. Pastramí er sérverkaður nautavöðvi sem kryddaður er að hætti Frakka og bráðnar í munni. Tilvalið í forréttinn og sniðugt að rúlla sneiðunum upp og fylla með osti eða aspas. Líka gott eitt og sér.

**Líf og list** í Smáralind býður 20% afslátt um helgina af öllum vörum frá Rosentahl, Evasolo og Georg Jensen í tilefni af eins árs afmæli Kop&Kande á Íslandi. Aldeilis gott í brúðargjafirnar.






WWW.SEAKAYAK ICELAND.COM

**Fagmenntaðir kayak kennarar og leiðsögumenn**

Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877



Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 - Lokað á laugardögum í sumar

ELBA eldunartæki og uppþvottavélar

Nettoline innréttingar

Snaigé kæliskápar

Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana

ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500





**Finnsk bjálkahús**

**Fyrsta flokks sumarhús(heilsárshús) og íbúðarhús úr Lapplandsfuru.**

**Val er um margar þykktir af límtré eða bjálkum.**

**G.Pálsson ehf.**

**Símar : 462 2272 og 896 0423.**





Jóhanna útbýr fljótlegan og hollan kjúklingarétt úr smiðju eiginmannsins. Uppskriftin er á bls. 2. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Undir dönskum áhrifum

***Jóhanna Harpa Árnadóttir lætur til sín taka í eldhúsinu auk þess að sinna áhugaverðu starfi og vera fyrsti kvenformaður Verkfræðingafélags Íslands.***

Jóhanna starfar við áhættustýringu hjá Straumi-Burðarási og er í byrjun matarspjallsins spurð hvort hún sé með einhverja áhættustýringu í eldhúsinu. Hún hlær. „Hún felst þá aðallega í því að koma í síminnkandi mæli að eldamennsku því maðurinn minn, Þorsteinn Páll Hængsson er svo duglandi kokkur. Það hófst þegar ég veiktist eitt sinn á Þorláksmessukvöld og hann þurfti að sjá um jólamatinn. Við höfum að minnsta kosti skipt með okkur verkum í eldhúsinu hin síðari ár og vinnuaðstaðan hefur breyst því hann kaupir líka allar flottu græjurnar.“ Jóhanna segir þau hjón elda flesta daga heima og reyna jafnan að vera með gott hráefni. „Ef ekki er tími til að elda þá berum við fram gróft brauð, til dæmis danska rúgbrauðið frá Myllunni með síld, reyktum laxi og grænum aspas. Lifrarkæfa með súrum gúrkum er líka vinsæl.“

Í ljós kemur að Jóhanna og fjölskylda átti heima um tíma í Danmörku og þaðan er áhuginn á smurbrauðinu kominn. „Manni varð starsýnt á matarpakkana sem litlu börnin þar komu með á leikskólann, brauðið skreytt með steinselju og dilli og smjörpappír á milli sneiða. Þetta umhverfi hafði áhrif á okkar matarmenningu. Efst á mínum persónulega smurbrauðslista eru bufftartar. Þá er lykilatriði að hafa gæðakjöt, nautafilet eða lund sem er rifin niður, borin fram með hráum lauk, kapers, ferskri piparrót og eggjarauðu ofan á grófu brauði. Svo held ég líka upp á sushi sem bóndinn er leikinn í að búa til og ég og aðrir í fjölskyldunni fáum að aðstoða við.“

**gun@frettabladid.is**




**Garmin nüvi 670** | *GPS leiðsögutæki sem inniheldur meðal annars:*

GARMIN

KORT AF EVRÓPU, USA OG KANADA. · ÍSLANDSKORT FÁANLEGT · MP3 SPILARI · BREIÐSKJÁR · SNERTISKJÁR · RADDLEIÐBEININGAR · UPPLÝSINGAGRUNNUR · HRAÐAMYNDAVÉLAR · BLUETOOTH · FM SENDIR

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** N1 · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs
**Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Eico, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, N1, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is



**Matseld.is** er heimasíða þar sem hægt er að finna alls kyns uppskriftir, greinar og umræðu um mat. Einnig er hægt að gerast félagi á síðunni og þá er hægt að deila sínum uppskriftum og skoðunum á mat með öðrum félögum síðunnar.

# Svalandi á sumardögum

***Á heitum sumardögum er fátt meira svalandi en bragðgott og ferskt sorbet.***

Á Íslandi köllum við sorbet stundum ískrap eða ísfrauð þó sumir kjósi að kalla það sínu upprunalega nafni. Sorbet er yfirleitt gert úr ávöxtum og því ferskt og mjög svalandi í miklum hita.

Skemmtilegt getur verið að búa til nokkrar mismunandi bragðtegundir af sorbet í einu og bera þær fram saman og tilvalið að skreyta með ferskum ávöxtum og berjum.

Meðfylgjandi eru fjórar uppskriftir að sorbet með mismunandi ávaxtabragði.

*emilia@frettabladid.is*



Tilvalið er að skreyta sorbet með ferskum ávöxtum og berjum.

### MANGÓ SORBET

**5 dl vatn**
**300 gr sykur**
**500 gr mangómauk**

Vatn og sykur er soðið saman þar til að það er orðið vel tært og kælt stutta stund. Mangómaukinu er bætt saman við og blandan fryst í ísvél þar til hún er orðin vel kremuð.



Mismunandi bragðtegundir af sorbet geta verið mjög góðar saman.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

### HINDBERJA SORBET

**3 dl vatn**
**2 dl sykur**
**safi úr einni sítrónu**
**500 gr frosin hindber**

Vatn og sykur er soðið saman svo úr verði ögn þykkt síróp og látið kólna. Berin, safinn og sírópið er sett í matvinnsluvél sem er látin ganga þangað til úr er orðið mjúkt og slétt frauð.

### APPELSÍNU SORBET

**1 l vatn**
**500 gr sykur**
**safi úr 1 sítrónu**
**safi úr 5 appelsínum**
**rifinn appelsínubörkur af 2 appelsínum**

Allt hráefnið set í pott og látið sjóða smá stund og síðan kælt. Blandan er sigtuð og fryst í ísvél þar til hún er orðin vel kremuð.

### KÍVÍ SORBET

**1/2 dl vatn**
**125 gr sykur**
**1 tsk sítrónusafi**
**400 gr þroskuð kíví**

Sykur, vatn og sítrónusafi er sett í pott og látið krauma þar til sykurinn hefur bráðnað alveg. Kívín eru maukuð og blönduð saman við sykurlöginn. Blandan er sett í ísvél sem er látin ganga þar til frauðið er orðið vel þykkt. Einnig má setja blönduna í mót eða skál og frysta en þá verður að hræra í af og til.

## Uppskrift Jóhönnu



### Einfalt og fljótlegt

**Að hætti Jóhönnu Hörpu Árnadóttur**

1 kjúklingur heill
5-6 kartöflur
2 paprikur
1 laukur
1 búnt brokkál
1 knippi sellerí
2-3 greinar rósmarín

Kjúklingurinn er kryddaður með salti, pipar og góðu kjúklingakryddi og stungið í steikarpoka. Grænmetið er skorið niður gróft og sett í pokann. Síðan sett í 170-180 gráðu heitan ofn og haft í einn og hálfan tíma. Þá er allt tilbúið. Gætið þess að passa upp á soðið í pokanum. Það er svo ljúffengt með.




- himnesk eftirréttasæla

Kleppsvegi 152 | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind | Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

Hunangs Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Grafika 03/2007

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.




Kaffið frá Ricardo Rosales er aftur komið til okkar. Eins og í fyrra er þetta kaffi ljúft og hunangsmjúkt með ávæning af kakói og kryddi.

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum og á kaffihúsum Kaffitárs:

-Kringlunni
-Bankastræti
-Þjóðminjasafni
-Listasafni Íslands
-Reykjanesbæ
-Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

H2 hönnun



**Sparnaðarráð** Safnaðu öllu klinkinu þínu í bauk. Annan hvern mánuð skaltu svo fara í bankann og leggja peninginn inn á sparnaðarreikninginn. Það kemur á óvart að margt smátt gerir eitt stórt.



## Tveir fyrir einn tilboð

***Heimsferðir eru með tilboð á flugi til Montreal.***

Síðustu sætin til Montreal í Kanada þann 28. júní eru á sérstöku tveir fyrir einn tilboði. Flug fyrir tvo báðar leiðir með sköttum kostar því 39.980 krónur eða 19.990 krónur á mann.



## Tæki og tól á tilboði

***Tilboðsdagar í verslunum Tölvulistans um land allt.***

Nú eru tilboðsdagar í verslunum Tölvulistans. Myndaflakkari frá Sarotech á 14.900 kr., 2 gígabæt sd plus-minniskort frá San Disk á 6.990 kr., 1 gígabæt secure digital-minniskort frá Corsair á 3.990 og Adope Phot Elements 4.0 á 9.990 kr., svo dæmi séu nefnd. Nánar á tolvulistinn.is og í verslunum Tölvulistans.

## Tilboðsdagar í Puma

***Pumabúðin á Laugavegi heldur tilboðsdaga um helgina.***

Í dag, föstudag, og á laugardag verða tilboðsdagar í Pumabúðinni á Laugavegi 42. Verslunin selur fatnað, skó og aukahluti frá Puma. Einnig er sundfatnaður frá Speedo seldur þar. Veittur er 20 prósenta afsláttur af öllum vörum í búðinni þessa tvo daga.



## Glerfínn þvottur

***Besta veitir 20 prósenta afslátt á áhöldum til gluggaþvottar.***

Gluggavara, gluggaþvottaskinn, þvottakústur og gluggaþvottasápa eru meðal þess sem Besta selur með 20 prósenta afslætti. Tilboðið gildir til 30.júní næstkomandi, eða á meðan birgðir endast. Flestar vörurnar eru frá fyrirtækinu Unger sem sérhæfir sig meðal annars í framleiðslu á gæðavörum til gluggaþvottar.











# SiRKUS



ANGELINA JOLIE Töffarinn sem varð súpermamma

22. JÚNÍ ■ Friðrika komin aftur á skjáinn ■ Mamma Brads Pitt fór í heimsókn til Jennifer Aniston...



INGIBJÖRG OG JÓN ARNAR

## Seldu villu á 160 millur



GRÉTAR „LÍKMAÐUR“ SIGURÐARSON

## Vill verða sterkastur



SIRKUSÚTTEKT

## EINKAÞOTUR ÍSLENDINGA



FEGURÐARDROTTNINGIN JÓHANNA VALA

## Með eigin stíl


PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og hápróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# blogg
blogg.visir.is/sirkus



## Málaferli gegn forsetanum ekki útilokuð

Mikil og hatrömm nágrannadeilda geisar nú á Laufásveginum á milli þriggja húseigenda annars vegar og embætti forseta Íslands hins vegar. Húseigendurnir Þorsteinn M. Jónsson á Laufásvegi 73, Einar Eiríksson á Laufásvegi 74 og Stefán Matthíasson á Smáragötu 13 hafa ekki fengið að byggja svo mikið sem sandkassa á lóðum sínum þar sem húsin eru öll í næsta nágrenni við forsetabústaðinn á Laufásvegi 72. Embætti forsetans hefur, með hjálp frá Ríkislögreglustjóra, kæft allar framkvæmdir í fæðingu af þeirri ástæðu að öryggi gesta forsetans yrði ógnað við slíkar aðstæður. Húseigendurnir eru afar ósáttir, telja rökin ekki halda vatni og íhuga nú að draga forsetann og embætti hans fyrir dóm til að fá úr því skorið hvort þeir eigi engan rétt á sinni eigin lóð.





## Dansflokkurinn djammaði með landsliðinu

Leikmenn íslenska landsliðsins í handbolta fögnuðu því vel og innilega að hafa borið sigurorð af Serbum, 42-40, í leik liðanna í Laugardalshöll á sjálfan þjóðhátíðardaginn og tryggðu sér þar með sæti í EM í Noregi á næsta ári. Landsliðsmennirnir fóru á Vegamót eftir leikinn og slettu úr klaufunum. Eftir að staðnum var lokað var síðan haldið heim til hetjunnar Ólafs Stefánssonar, sem á íbúð á Hverfisgötu, þar sem leikmennirnir skemmtu sér fram undir morgun með meðlimum íslenska dansflokksins, leikmönnum íslenska kvennalandsliðsins í handbolta og nokkrum valinkunnum leikurum. Herma fregnir að Queen-lagið We Are the Champions hafi verið vinsælt heima hjá Ólafi aðfaranótt mánudags.



HRIKALEGUR **Grétar** lét sig ekki muna um að vippa sér úr bolnum og taka nokkrar vel valdar pósur fyrir ljósmyndara Sirkuss. SIRKUSMYND/HÖRÐUR



GRÉTAR SIGURÐARSON, STUNDUM NEFNDUR LÍKMAÐURINN, ER KOMINN Í AFLRAUNIRNAR

# „BARA ENN EIN GEGGJUNIN“



JESÚS MEÐ Í FÖR **Grétar** er trúaður og veit sem er að honum eru allir vegir færir í aflraunum með frelsarann sjálfan sem ferðafélaga. SIRKUSMYND/HÖRÐUR

Grétar Sigurðarson, sem stundum var kallaður Líkmaðurinn í tengslum við sakamál sem nefnt var Líkfundamálið í fjölmiðlum, hefur snúið baki við ruglinu sem hann var í og hafið nýtt líf. Hann fékk tveggja og hálfs árs dóm fyrir aðkomu sína að dauða Litháans Vaidarar Juskeviciusar árið 2004. Hann lauk afplánun á Vernd í febrúar og vinnur nú í byggingavinnu á daginn. Um helgina tók hann í fyrsta sinn þátt í keppninni Sterkasti maður Íslands og þótt Grétar sé hraustur maður þá er ekki auðvelt að draga fimmtán tonna steypubíl.

„Þetta er bara enn ein geggjunin. Ég er öfgamaður og hef gaman að því að gera eitthvað geggjað,“ segir Grétar í samtali við Sirkus. Hann hefur alltaf verið hraustur maður en augljóst er að hann hefur notað tímann í afplánuninni á Kvíabryggju vel til að byggja sig upp. „Ég er búinn að æfa mikið og hef gert það í þrjú ár. Ég hafði reyndar ekki nema fimm vikna fyrirvara til að byggja mig upp fyrir þetta mót en mér tókst að þyngja mig um sextán kíló á þeim tíma. Ég vann hins vegar eins og skepna fram á kvöld alla dagana fyrir mótið og það er ekki leiðin að toppárangri,“ segir Grétar sem getur þó unað sáttur við sitt á mótinu um helgina. Hann hafnaði í sjöunda sæti af átta keppendum og sagði Hjalti Úrsus Árnason, skipuleggjandi mótsins að Grétar hefði staðið sig býsna vel. „Þetta er gríðarlega erfitt mót og hann sýndi mikla keppnishörku með því að klára allar greinarnar. Hann er efni í alvörumann ef hann hefur metnaðinn til að þroska hæfileikana. Það er ákveðið afrek að vera lifandi eftir svona mót og ég tala nú ekki um í heilu lagi,“ segir Hjalti og hlær.

Og metnaðinn vantar ekki hjá Grétari. Ég er kominn til að vera í þessum heimi og ætla mér að ná langt. Ég hef snúið baki við ruglinu, sagt skilið við þennan heim fíkniefna og einbeiti mér nú að aflraununum. Það er prógramm allan sólarhringinn alla vikuna að komast í toppform og það verður að huga að öllu, æfingum, hvíld og mataræði. Næsta mót, Sterkasti maður Suðurlands, er eftir mánuð og þar ætla ég að koma sterkur inn. Ég ætla mér að hvíla betur fyrir þá keppni og bæta mig verulega.“

*oskar@frettabladid.is*




# Jón Ásgeir fær einkaþotu í október

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, mun fá einkaþotu af gerðinni Falcon 2000 afhenta í október næstkomandi. Jón Ásgeir hefur hingað til notast við bandarísku einkaþotuleiguna NetJets sem býður upp á sömu þotur líkt og kemur fram í einkaþotuúttekt Sirkuss á bls. 10. Hann ætti þannig að vita hvað hann er að fá. Falcon 2000-vélin er stórglæsileg og herma heimildir Sirkuss að verðið á vélinni sem Jón Ásgeir keypti sé vel yfir einn milljarð. Falcon-vélarnar þykja afar góðar, hraðskreiðar og mikið er lagt upp úr huggulegheitum um borð. Þær geta ekki flogið jafnlangt og Challenger-vélarnar sem aðrir íslenskir auðkýfingar eiga en „duga“ rúmlega á flesta þá áfangastaði í Evrópu sem hugurinn girnist. Eða eins og segir auglýsingu frá framleiðandanum Dassault Falcon: „Þægindi og fluggeta stórrar vélar, snerpa og eldsneytisnýting minni vélar.“ Fullvíst er að vélin komi Jóni Ásgeiri að góðum notum enda er það hans verkefni í dag að leiða áframhaldandi vöxt Baugs um gjörvallan heim og ljóst að það verður ekki gert frá Íslandi.





LIPUR OG LÉTT **Falcon-vélin** er snör í snúningum og þægindin innanborðs eru að sjálfsögðu fyrsta flokks.

# SONOR
## FORCE 07
VÆNTANLEG




fáðu bækling hjá okkur
eða skoðaðu á www.sonor.com

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonasstodin.is

## topp 20

BT · SKÍFAN

**14. - 21. júní**

1. **Jógvan** Jógvan
2. **100 íslensk 80‘ lög** Ýmsir
3. **Cortes 2007** Garðar Thor Cortes
4. **Life In Cartoon Motion** Mika
5. **Óskalög sjómanna** Ýmsir
6. **Pottþétt 43** Ýmsir
7. **Volta** Björk
8. **Hver er sinnar kæfu smiður** Laddi
9. **Forever** Gus Gus
10. **Era Vulgaris** Queens Of The Stone Age
11. **Please Don´t Hate Me** Lay Low
12. **Vorvísur** Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir
13. **Lost Highway** Bon Jovi
14. **Back To Black** Amy Winehouse
15. **Pocket Symphony** Air
16. **Memory Almost Full** Paul McCartney
17. **Fnykur** Samúel J. Samúelsson
18. **Á söngferðalagi** Skoppa og Skrítla
19. **Great Northern** Whalekill Mínus
20. **Kurr** Amiina

INGIBJÖRG ÞORVALDSDÓTTIR OG JÓN ARNAR GUÐBRANDSSON SELJA Í GARÐABÆNUM

# FENGU 160 MILLJÓNIR FYRIR GLÆSIVILLU Í EIKARÁSNUM

Habitat-hjónin Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Jón Arnar Guðbrandsson hafa selt glæsivillu sína í Eikarási 7 í Garðabæ fyrir 160 milljónir, eftir því sem heimildir Sirkuss herma. Ekki hefur tekist að fá staðfest hver kaupandinn er. Upphaflega vildu Ingibjörg og Jón Arnar, sem reka einnig fimm Oasis tískuvöruverslanir í Kaupmannahöfn, fá 170 milljónir fyrir húsið sem hefur verið afar áberandi í fjölmiðlum undanfarin ár, bæði í hönnunarþáttunum Innlit/Útlit á Skjá einum og Veggfóðri á Stöð 2 sem og húsbúnaðartímaritunum Hús og híbýli og Veggfóðri.

Það var Íris Björk Jónsdóttir, eigandi tískuvöruverslunarinnar GK, sem byggði húsið árið 2003. Hún gerði það afar nýtískulegt og glæsilegt og seldi það árið 2005 til athafnamannsins og byggingaverktakans Engilberts Runólfssonar. Hann eyddi rúmu ári í húsinu en seldi síðan Ingibjörgu og Jóni Arnari það fyrir 140 milljónir í febrúar á síðasta ári.

Heimildir Sirkuss herma að Ingibjörg og Jón Arnar íhugi jafnvel að flytja til Danmerkur til að geta betur einbeitt sér að rekstri Oasis-búðanna en ekkert liggur þó fyrir í þeim efnum. Þau eiga fyrir 96 fermetra íbúð á Laugavegi 40 sem er einnig til sölu á 33,9 milljónir.



GLÆSIVILLA Eins og sést á þessum myndum er húsið afar glæsilegt í alla staði.



FENGU GÓÐAN PENING Hjónin Ingibjörg og Jón Arnar geta verið ánægð með söluna á Eikarásnum.



BYGGÐI HÚSIÐ Tískudrottningin Íris Björk Jónsdóttir byggði húsið árið 2003.






VIGNIR RAFN „Auðvitað sakna ég skólans en ef ég ætti að velja á milli hans og alvöru lífsins þá vel ég 150 prósent lífið. Nú get ég farið að gera eitthvað sjálfur," segir Vignir Rafn sem er í sambúð. MYND/VILHELM

# Gæti horft á Ólaf Darra sofa

„Heppnin spilar inn í þetta en svo verður maður að vera duglegur, þetta er ekkert öðruvísi en að fá vinnu í banka," segir Vignir Rafn Valþórsson, 29 ára nýútskrifaður leikari, sem þegar er kominn með stór hlutverk. Vignir Rafn hefur verið ráðinn hjá Þjóðleikhúsinu næsta vetur auk þess sem hann fer með aðalhlutverkið í Sakamálaseríu Rásar 1. Hann segir frábæra tilfinningu að vera útskrifaður úr leiklistardeild Listaháskólans og saknar skólans aðeins að takmörkuðu leyti. „Auðvitað sakna ég skólans en ef ég ætti að velja á milli hans og alvöru lífsins þá vel ég 150 prósent lífið. Nú get ég farið að gera eitthvað sjálfur," segir Vignir Rafn sem er í sambúð. Spurður um drauma sína segist hann ætla að vera samkvæmur sjálfum sér. „Ég held að það sé númer eitt, tvö og þrjú og svo að reyna að detta ekki í ruglið eins og svo margir gera." Þegar hann er spurður af hverju hann ákvað að verða leikari segir hann leiklistina sameina allt sem hann hefur áhuga á. „Ég hef gaman af öllu sem kemur að leiklist, sama hvort það er að hanna leikmyndina, búningana, þýða leikrit eða skrifa. Þetta var engin ákvörðun heldur lá leiklistin beinust við," segir hann og bætir við að hann eigi engan uppáhalds leikara. „Það eru margir góðir hér á landi sem maður lítur upp til og ég gæti horft á Ólaf Darra sofa ef út í það er farið. Sem betur fer eru margir að gera góða hluti í íslenskt leikhús þarf virkilega á því að halda."

www.oryggi.is

# „Það var á dagskrá að fá kerfi“




## Heimaöryggi án endurgjalds!

Öryggismiðstöðin býður heimilum að prófa öryggiskerfi án endurgjalds í sumar. Kerfið er sett upp viðkomandi að kostnaðarlausu og prufutíminn er 2 mánuðir*. Öryggiskerfið inniheldur allan nauðsynlegan búnað til að auka öryggi heimilisins og tryggja viðbrögð við innbrotum, eldsvoða og vatns- eða gastjóni.

Tilboðið gildir til 15. júlí og er í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

*Gerður er samningur til 38 mánaða sem er uppsegjanlegur fyrstu tvo mánuðina viðkomandi að kostnaðarlausu.

**Hringdu í 530 2400 og fáðu öryggi í áskrift!**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

JÓHANNA VALA JÓNSDÓTTIR FEGURÐARDROTTNING ÍSLANDS HEFUR ALLTAF FYLGST MEÐ TÍSKUNNI

# FER SÍNAR EIGIN LEIÐIR Í STÍL

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fötum og ég gekk í Verzlunarskóla Íslands þar sem mikið er spáð í tísku," segir Jóhanna Vala Jónsdóttir fegurðardrottning Íslands en bætir við að hún hafi aldrei fylgt tískunni í blindni. „Ég hef alltaf farið eftir mínum eigin stíl sem ég held að sé mjög einfaldur. Ég geng til dæmis ekki í lituðu gallabuxunum sem eru mikið í tísku núna," segir hún brosandi. Jóhanna Vala verslar flest sín föt í Bandaríkjunum. „Ég er heppin, pabbi er flugstjóri og ég hef farið út með honum fyrir síðustu sjö jól og verslað. Ég verð að viðurkenna að ég á rosalega mikið af fötum svo ég þarf ekkert að kaupa mér á næstunni," segir Jóhanna Vala sem starfar sem flugfreyja í sumar. „Ég mun fljúga til Evrópu og Bandaríkjanna og ætla að halda vel í peningabudduna mína og reyna að spara. Ég þarf samt að kaupa mér kjóla fyrir keppnina Miss World sem haldin verður í Kína þann 1. nóvember." Þegar Jóhanna Vala verslar hér heima verða stóru verslunarmiðstöðvarnar helst fyrir valinu. „Mér finnst miklu þægilegra að versla þar en á Laugaveginum og ég held að íslenska veðrið eigi stóran þátt í því. Þegar ég kaupi mér föt hérna heima er það aðallega í Vilu, Söruh og Hype. Ég verslaði líka mikið í Centrum en eftir að verslunin var færð á Laugaveginn hef ég ekki verið nógu dugleg að kíkja þangað." Jóhanna Vala er nýkomin úr sólarlandaferð og ætlar að nota restina af sumrinu til að vinna og undirbúa sig fyrir stóru keppnina í haust. „Þetta verður spennandi. Ég mun dvelja í Kína í fjórar vikur og ég hlakka mikið til."

*indiana@frettabladid.is*

mín fötin



SÆT Jóhanna Vala sæt í bol með keðjum frá Forever21 en bolinn keypti hún í Bandaríkjunum. Gallabuxurnar eru frá Guess en skórnir úr H&M.



SUMARKJÓLL Flottur blár sumarkjóll með bleikum blómum frá einni af uppáhaldsverslunum hennar Jóhönnu Völu, Forever21. Skórnir eru úr Top Shop.



KLASSÍSKT Ljós skyrta úr Zöru en gallabuxurnar eru Lewi's. Skórnir eru frá Aldo, flottir með blómum.



HVERSDAGS Gallabuxurnar eru frá Abercrombie og Fitch og ljósa angórupeysan er úr sömu búð.




# NJÓTTU SUMARSINS MEÐ LANCÔME



Fjöldi sumarlegra tilboða á raka-kremum, húðmjólk, sjáfbrúnandi vörum og sólarförðunarvörum.

Stór, falleg taska fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 6.000 kr. eða meira.*

Líttu við á næsta Lancôme útsölustað.

*ath. gildir ekki með öðrum tilboðum.

LILLÝ VALGERÐUR PÉTURSDÓTTIR LEIDDIST INN Á FRÉTTASTOFUNA FYRIR TILVILJUN.

# Í SKEMMTILEGASTA STARFI Í HEIMI

Draumastarfið væri að komast inn í fréttaskýringar. Gallinn við fréttamannsstarfið er hve lítill tími gefst til að skoða hvert mál og oft vildi maður kafa lengra og dýpra," segir Lillý Valgerður Pétursdóttir, fréttakona á Stöð 2.

### Alltaf haft áhuga á fréttum

Lillý Valgerður, sem er 27 ára, hóf feril sinn í fjölmiðlum sem skrifta en þaðan lá leiðin í Ísland í bítið þar sem hún las fréttirnar. Lillý leiddist inn á fréttastofuna fyrir tilviljun því þótt hún hafi alltaf haft áhuga á fréttum og þjóðmálum lá leið hennar upp á Kárahnjúka þar sem hún ætlaði að starfa og safna sér fyrir ferðalagi þegar henni bauðst starfið. „Karl Garðarsson, þáverandi fréttastjóri, heyrði af mér og réði mig og hér hef ég verið síðan. Ég sé ekki eftir því enda er ég í skemmtilegasta starfi í heimi. Maður veit aldrei hvað dagurinn ber í skauti sér eða hvar á landinu maður endar. Fréttamannsstarfið er fjölbreytt og ég held að það sé fátt sem geti toppað það, sérstaklega þegar maður hefur svona mikinn áhuga á þjóðfélagsumræðu og ég," segir Lillý Valgerður sem útskrifaðist úr stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2003.

„ÉG FINN AÐ FÓLK ÞEKKIR MIG EN OFTAST ERU VIÐBRÖGÐ ÞESS JÁKVÆÐ

### Fékk athugasemdir við útlitið

Aðspurð hvort athyglin sem starfið veiti henni trufli, segir hún svo ekki vera. „Ég finn að fólk þekkir mig en oftast eru viðbrögð þess jákvæð. Ég fæ að heyra vinsamlegar ábendingar um fréttaefni og það er alltaf gott að heyra að fólk fylgist með og láti í sér heyra ef því finnst ekki nægilega fjallað um ákveðin málefni," segir hún en bætir við að hún hafi fengið öðruvísi umfjöllun þegar hún hafi lesið fréttirnar í morgunsjónvarpinu. „Þá voru fleiri að gera athugasemdir við útlit mitt en sem betur fer er ég nánast laus við það í dag, ég held að við konur fáum mun oftar slíkar athugasemdir en karlar," segir Lillý en viðurkennir að margur viðmælandinn hafi rekið upp stór augu þegar hún mætti í viðtöl þegar hún var að byrja í starfinu.

### Hentar að vera á lausu

„Mörgum leist líklega ekkert á þessa ungu stúlku þegar ég var á NFS og mætti ein í viðtöl og sá sjálf um öll tæki og tól. Það hefur breyst þótt það séu alltaf einhverjir sem hafa efasemdir gagnvart fréttamönnum yfir höfuð og finnst við ekki nægilega mikið inni í hlutunum, þess vegna reynir maður að standa sig og sýna verkefnunum og viðmælendum virðingu," segir Lillý sem hefur alltaf haft mikinn áhuga á fréttum. „Þessi áhugi hefur alltaf verið til staðar hjá mér og ég held að maður sé annað hvort með hann eða ekki," segir Lillý Valgerður sem er á lausu. „Það hentar mér vel í vinnunni því ég þarf þá síður að taka tillit til fjölskyldu og get verið reiðubúin að taka að mér verkefni hvenær sem er."

indiana@frettabladid.is



LILLÝ VALGERÐUR „Mörgum leist líklega ekkert á þessa ungu stúlku því ég mætti ein í viðtöl og sá sjálf um öll tæki og tól þegar ég var hjá NFS."

## DRAUMAVIÐMÆLENDUR LILLÝAR VALGERÐAR:



**Osama bin Laden** „Þrátt fyrir að vera einn umtalaðasti maður heims vitum við mjög lítið um hann. Það er mikið af ósvöruðum spurningum sem hann gæti komið á hreint og hann er án efa sá viðmælandi sem ég myndi helst vilja tala við."





**Angela Merkel kanslari Þýskalands** Ég hefði áhuga á að vita hennar framtíðarsýn á Evrópusambandið og upplifun hennar á starfinu."

**Ellen Johnson-Sirleaf, forseti Líberíu** „Fyrsta konan til að vera kjörin forseti í Afríkuríki. Ég myndi vilja ræða við hana um hvernig staða kvenna í Afríku hefur breyst á síðustu árum og svo væri fróðlegt að heyra í henni með réttarhöldin yfir Charles Taylor sem nú standa yfir hjá stríðsglæpadómstólnum í Haag."

**Nancy Pelosi, forseti fulltrúardeildar Bandaríkjaþings** „Mjög voldug kona í bandarískum stjórnmálum. Hún hefur sýnt að hún þorir að taka slaginn við Bush. Það væri fróðlegt að heyra hvernig hún upplifir starfið og þau verkefni sem þingið stendur frammi fyrir."





**Kastró** „Það fer hver að verða síðastur að taka við hann viðtal þar sem heilsu hans hefur hrakað mjög mikið undanfarið. Það væri áhugavert að hitta hann og fá að vita hvort hann sé sáttur við allar sínar ákvarðanir og hvort og þá hvað hann hefði viljað gera öðruvísi."








**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

## Rannveig brosir sem aldrei fyrr



Almættið ákvað á síðustu metrunum að Rannveig Rist yrði kona. Alveg frá því hún var krakki hefur henni fundist skemmtilegast að leika sér með strákunum," segir Sigríður Klingenberg þegar Sirkus biður hana um að spá fyrir Rannveigu forstjóra Ísal. „Hún vill hafa hlutina á hreinu og er skipulögð enda er hún fjarki og það er duglegasta fólki okkar. Fjörkum líkar afskaplega vel í vinnunni og Rannveig má búast við einhverjum sigrum í sínu starfi á þessu ári og hennar tími er ekki kominn til að hætta. Breytingar verða í vor en hún er að fara inn í mjög ljúft sumar og það verður hressilega tekið á því í haust. Gott ár er framundan hjá Rannveigu og hennar viðskiptum, nýir samningar sjá dagsins ljós og Rannveig brosir sem aldrei fyrr. Í einkalífinu mun allt blómstra svo útkoman er 8,7 ef það væri gefin einkunn."





# suðurland


FÖSTUDAGUR 22. JÚNÍ 2007


## Mitt í sögusviði Njálu

**Tjaldstæðið við Hellishóla er eitt vinsælasta tjaldstæði Suðurlands**


BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Hafdís Gunnarsdóttir veitingastjóri og Anna María Ragnarsdóttir hótelstjóri.

# Heimilismatur í öndvegi

Bleikja, lambakjöt, súpa og salat er aðalsmerki veitingasölunnar sem sett hefur verið upp í söluskála Skeljungs í Freysnesi í Öræfum.

„Við bjóðum uppá ýmiskonar góðmeti úr kjöti og fiski, til dæmis rétti úr lambakjöti, bleikju og þorski og einnig vil ég benda á folaldapiparsteik sem við erum með á matseðlinum. Við erum sem sagt með matseðla, bæði í hádeginu og kvöldin og svo súpu og salatbar, kaffi, brauð og kökur allan daginn. Því er alltaf hægt að fá eitthvað gott í svanginn,“ segir Hafdís Gunnarsdóttir, veitingastjóri í hinni nýju greiðasölu í Freysnesi.


Veitingaskáli Skeljungs við Hótel Skaftafell er vinsæll viðkomustaður.

„Við erum samt ekki með hamborgara heldur leggjum meiri áherslu á heimilismat.“

Anna María Ragnarsdóttir hótelstjóri Hótels Skaftafells sem stendur bak við reksturinn tekur undir það. „Þetta fyrirkomulag hefur fengið afskaplega góðar undirtektir. Eiginlega betri en ég þorði að vona. Það virðist vera að fólk sé farið að leita mikið eftir alvöru mat og svo sýnir það salatbarnum líka áhuga. Ég sé fyrir mér að það geti verið þægilegt fyrir tjaldgesti að fá sér salat og fara með út í tjald.“

Um 60 manns komast til borðs í sal söluskálans. „Við byggðum húsnæðið í fyrra en okkur vannst ekki tími til að koma upp veitingasölunni fyrir sumarið þá,“ útskýrir Anna María. Sjálf hefur hún nóg að gera á Hótel Skaftafelli sem er vel bókað fyrir sumarið og reyndar 2008 líka. „Við erum auðvitað með veitingar á hótelinu líka en það er þægilegt fyrir vegfarendur að eiga þess kost að kaupa sér mat hér í skálanum.“ *gun@frettabladid.is*

FAGFORM
GRAFÍSK HÖNNUN
- Við förum með þig lengra
GLUGGAFILMUR
- Flott og ódýr lausn
Erum með sandblástursfilmur og sólarfilmur í miklu úrvali
Fjöldi mynstra og mynda í boði á
www.fagform.is
Auglýsingastofa og skiltagerð
Sími 482-3266 fagform@fagform.is


Hægt er að gista á tjaldsvæði eða leigja sér sumarhús á Hellishólum í Fljótshlíð.

# Mitt í sögusviði Njálu

**Á Hellishólum í Fljótshlíð er rekin vinsæl ferðamannaþjónusta. Aðsóknin á tjaldsvæðið hefur sjaldan verið meiri en nú, þar sem á bilinu 1.500 til 2.000 manns leggja leið sína þangað um hverja helgi.**

„Ætli það megi ekki helst þakka afþreyingunni hérna allan þennan fólksfjölda,“ segir Laila Ingvarsdóttir hress í bragði, en hún rekur fjölsótta ferðamannaþjónustu á Hellishólum í Fljótshlíð, ásamt eiginmanni sínum Víði Jóhannssyni.

„Hérna er til dæmis níu holu golfvöllur, ásamt níu holu par þrjú golfvelli, golfnámskeið sem hefjast næsta mánudag, veiðivatn og hestaleiga skammt frá,“ bendir Laila á máli sínu til stuðnings. „Þeir sem bregða sér á bak fá síðan Njálssögu beint í æð, þar sem við erum staðsett mitt í sögusviði Njálssögu. Svo er hægt að skreppa á Njálusýningu á Sögusetrinu á Hvolsvelli. Auk þess er ýmislegt í boði fyrir yngstu ferðalangana, þar á meðal leiksvæði og -tæki, klifurkastali, rólur, fótboltamark hinum megin á leikvellinum og trampólín, sem nýtur ómældra vinsælda.“

Að sögn Lailu er síðan allt til alls á tjaldsvæðinu. „Sem dæmi var glæsilegt baðhús, með sturtum, salernum, þvottavélum, þurrkurum og heitum pottum nýlega tekið í notkun,“ bendir hún á. „Rafmagnstenglar fyrir húsbíla, felli- og hjólhýsi eru á svæðinu, en tengi samkvæmt evrópskum stöðlum þarf til að tengja í rafmagn.“

Laila tekur fram að engin eldunaraðstaða sé á svæðinu, en það komi þó ekki að sök þar sem glæsilegur veitingaskáli sé til staðar. Boðið er upp á rétt dagsins í hádeginu og á kvöldin,“ segir hún. „Annars er „a la carte“ matseðill í gildi og hægt að panta af honum nánast allt á milli himins og jarðar, lambakjöt, fisk, hamborgara og kökur. Svo rekum við hérna veisluþjónustu, skipuleggjum bæði stærri og smærri veislur fyrir nágrennið í kring og höfuðborgarsvæðið.“

Fyrir utan tjaldsvæðið gefst ferðamönnum kostur á að leigja sér sumarhús á Hellishólum, þar sem 24 hús standa til boða. Níu fimmtán fermetra stór hús, sem taka þrjá til fimm, tíu 23 fermetra hús, þar sem allt að sex manns geta sofið og svo fimm fjörutíu fermetra lúxusbústaðir. Öll búin helstu nútímaþægindum. Laila mælir með að fólki panti sér sumarhús með góðum fyrirvara, þótt það sé yfirleitt alltaf pláss á tjaldsvæðinu. „Enda alveg brjálað að gera,“ eins og hún kemst sjálf að orði. *roald@frettabladid.is*


Hestaleiga er skammt frá svæðinu, þar sem farið er á slóðir Brennu-Njálssögu.

## ● JÓNSMESSA Í ÚTHLÍÐ Í BISKUPSTUNGUM

Mikil skemmtidagskrá er á morgun í tilefni af Jónsmessunni og hefst dagskráin klukkan ellefu að morgni þegar skokkhópur Ingu skokkar af stað frá Hlíðarlaug. Jónsmessumót GÚ hefst síðan á Úthlíðarvelli klukkan fimm og verður mótið með léttu sniði þar sem vanir og óvanir kylfingar spila saman í liðakeppni.

Að lokum verður grillhlaðborð og verðlaunaafhending í Réttinni og ball með hljómsveitinni Blek og Byttur auk þess sem íslensk poppstjarna verður leynigestur kvöldsins. Ballið er haldið til styrktar Kammerkór Suðurlands sem er nýkominn úr tónleikaferðalagi um Frakkland og eru allir velkomnir. *- sig*



# PHILIPS SUMARTILBOÐ Á LCD OG PLASMA




PIXEL PLUS HD · HD ready · HDMI

**Philips 32PFL5322**
32" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD myndtækni, 4.000:1 skerpu, Active Control og Contrast Plus, 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ 109.995**
FULLT VERÐ **119.995**




PIXEL PLUS 2 HD · HD ready · ambi light 2 · USB · HDMI

**Philips 32PF9541**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight baklýsing, Digital Natural Motion, HD Ready, Dynamic Contrast og Active Control, 2 x 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi með 1.200 síðna minni og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ **219.995**




**Philips 37PF5321**
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 1.200:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC tengingu í gegnum HDMI, textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · **TILBOÐ 149.995** · HDMI
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 37PF9641D**
37" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 6.000:1 skerpu, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn og 1 út), textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · HDMI · **TILBOÐ 249.995** · PIXEL PLUS 2 HD · ambi light 2
FULLT VERÐ **339.995**




**Philips 42PF5331**
42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · **TILBOÐ 149.995** · HDMI
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · **TILBOÐ 169.995** · HDMI
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 42PF7621D**
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · **TILBOÐ 219.995** · USB · HD ready
FULLT VERÐ **299.995**




**Philips 42PF9641D**
42" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tenging gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

USB · PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · **TILBOÐ 299.995** · ambi light 2 · HD ready
FULLT VERÐ **369.995**

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR





**Gróðurhús**
Gróðurhús úr plasti eða gleri, hagstætt verð.


**Sláttutraktorar**
Margar gerðir sláttutraktora með safnkössum.


**Garðsláttuvélar**
Bjóðum venjulegar garðsláttuvélar frá Massey Ferguson.

Traust og öflug fjórhjól með aflmikilli og sparneytinni bensín- eða díselvél. Fáanleg með palli eða rúmgóðri farangursgeymslu.



JÖTUNN VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is


Öll fjölskyldan getur notið þess að eyða degi í Slakka.

# Púttað innan um páfagauka

**Í aðeins rúmlega klukkutíma akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er dýragarðurinn Slakki í Biskupstungum.**

Dýragarðurinn Slakki hefur verið starfræktur í þrettán ár og alltaf eitthvað nýtt að bætast við. „Síðasta vor opnuðum við til dæmis innidýragarð líka svo núna er hægt að koma til okkar í hvaða veðri sem er, auk þess sem við erum komin með golfhús þar sem hægt er að spila mínígolf og pútta,“ segir Helgi Sveinbjörnsson eigandi Slakka.

Í Slakka má meðal annars sjá kanínur, kalkúna, kálfa, endur, hænsni, svín, kettlinga og hvolpa. „Í innidýragarðinum erum við líka með fullt af páfagaukum, rottum, músum, fiskum og rækjum,“ segir Helgi.

Nýjasti íbúinn í dýragarðinum flutti inn í fyrradag en það er folald sem var móðurlaust og Helgi ákvað að taka að sér. „Í kvöld fáum við svo refi sem er dálítið spennandi en það eru eldisrefir úr síðasta refabúi á landinu sem er að hætta,“ segir hann.

Í Slakka er líka veitingasala og á sumrin er yfirleitt nóg að gera í garðinum að sögn Helga. „Á veturna koma svo hópar. Það eru aðallega fyrirtækjahópar sem koma í mat til okkar og spila golf og skemmta sér eina kvöldstund. Svo höfum við verið að reyna að fá skólahópa en það mætti vera meira,“ segir hann.

Ekki eru nema hundrað kílómetrar frá Reykjavík að Slakka og því ekki lengi gert að skreppa þangað á bíl. „Aksturinn hingað tekur svona klukkutíma og tuttugu mínútur. Við fáum rosalega mikið af fólki sem er bara í sunnudagsbíltúrum. Þessa dagana eru fjölskyldur stundum hjá okkur í alveg fjóra til fimm tíma sem er mjög gaman. Fullorðna fólkið nær að slappa af og börnin eru fullkomlega örugg því þetta er lítið svæði og auðvelt að fylgjast með þeim.“

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um Slakka geta kíkt á heimasíðuna, www.slakki.is.

*emilia@frettabladid.is*

Elipex
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR







Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli.
Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.



SET
IST ISO 9001

SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

**Gröfuþjónusta Steins ehf.**
**Rauðholti 11, 800 Selfoss - sími 8991770**

**Er með traktorsgröfu fleyg, kapalplóg, snjótönn og flestar gerðir af skóflum.**

Maddömurnar



Kirkjuvegi 8 - 800 Selfossi - 482 4846 - www.maddomurnar.com
Opið: mið.-fös. 13-18 lau. kl. 11-14.

# AUGLÝSING

## UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

### Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1 Bergsstaðir í Bláskógabyggð.**
**Frístundabyggð og landbúnaðarsvæði.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Bergsstaða. Í breytingunni felst að afmörkun svæðis fyrir frístundabyggð og landbúnaðarsvæðis breytist í samræmi við breyttar forsendur landnotkunar á jörðinni, án þess að um sé að ræða aukningu á frístundabyggðinni.

**2 Flúðir í Hrunamannahreppi.**
**Stækkun þéttbýlisins og breytingar á ákvæðum greinargerðar.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015. Í breytingunni felst að þéttbýlismörk Flúða stækka til norðurs og vesturs, gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðarsvæðum á 43 ha svæði sem áður var landbúnaðarsvæði vestan við fyrirhugað tjaldssvæði T1, opið svæði til sérstakra nota merkt T1 (tjaldssvæði) stækkar úr 8.6 í 15.1 ha, gert er ráð fyrir nýju opnu svæði til sérstakra nota á Lambatanga í stað landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis fyrir reiðhöll og skeiðvöll, árfarvegi Litlu-Laxár er breytt þannig að hann færist nær íbúðarsvæði við Hofatún, iðnaðarsvæði P4 breytist í blandaða landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis auk þess sem svæði stækkar til norðvesturs. Að auki eru gerðar breytingar í greinargerð þar sem stefna um landbúnaðarsvæði er gerð skýrari auk þess sem bætt er við ákvæðum varðandi frístundabyggðasvæði.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**3 Iða II í Bláskógabyggð.**
**Frístundabyggð í Vörðufelli.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Iðu II í Vörðufelli. Gert ráð fyrir 12 lóðum á bilinu 5.800 – 6.900 fm þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús og 20 fm aukahús, en nýtingarhlutfall má þó að hámarki vera 0,03. Gert er ráð fyrir neysluvatnstöku úr vatnsbóli ofan við byggðina.

**4 Laugarvatn í Bláskógabyggð. Íbúðarsvæði.**
Tillaga að deiliskipulagi 1. áfanga nýs íbúðarsvæðis á Laugarvatni sunnan við Menntaskólann. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 81 íbúðum í heild, þ.a. 57 í einbýli, 16 í parhúsum og í raðhúsum. Aðkoma að svæðinu verður um nýja tengingu við Laugarvatnsveg (þjóðveg nr. 37) auk þess sem gert er ráð fyrir göngutengingu við miðsvæði Laugarvatns. Gert er ráð fyrir jarðvegsmönum meðfram þjóðvegi til að minnka áhrif umferðarhávaða.

**5 Björk I í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
**Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 83 ha spildu í landi Bjarkar I, vestan við heimreið að bæjartorfu Bjarkar og austan við vatnsból. Gert er ráð fyrir 57 lóðum á bilinu 5.300 til 9.500 fm að stærð þar sem heimilt verður að reisa frístundahús á bilinu 50-200 fm auk 25 fm aukahúss. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0.03.

**6 Flúðir í Hrunamannahreppi.**
**Tjald- og þjónustusvæði.**
Tillaga að deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum austan Sunnuhlíðar. Skipulagssvæðið er 15,7 ha að stærð og er gert ráð fyrir 13.350 fm lóð fyrir allt að 1.200 fm þjónustumiðstöð með sambyggðu gróðurhúsi á einni hæð, með möguleika á kjallara. Þá er gert ráð fyrir um 14,3 ha svæði undir tjald-, húsbíla og hjólhýsasvæði með fjórum byggingarreitum fyrir salerni og einum byggingarreit fyrir þjónustuhús. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem er auglýst samhliða.

**7 Flúðir í Hrunamannahreppi.**
**Reiðhöll á Lambatanga.**
Tillaga að deiliskipulagi 4,4 ha svæðis á Lambatanga fyrir reiðhöll, athafnasvæði/bílastæði, tvo skeiðvelli og skeiðbraut. Heimilt verður að reisa allt að 2.000 fm reiðhöll með allt að 12 m mænishæð. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem er auglýst samhliða.

**8 Hvammur 1 í Hrunamannahreppi**
Tillaga að deiliskipulagi í íbúðarhúsalóðar og lóðar fyrir hesthús/geymslu í landi Hvamms 1 í Hrunamannahreppi. Tillagan nær yfir 1,86 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir 2.053 fm íbúðarhúsalóð og 7.500 fm lóð fyrir hesthús og/eða gróðurhús. Aðkoma að svæðinu verður frá Hvammsvegi og verður vegtenging við heimreið að Hvammi 2.

**9 Sunnuhlíð á Flúðum í Hrunamannahreppi. Íbúðarsvæði.**
Tillaga að deiliskipulagi 1. áfanga íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 12 stórum einbýlishúsalóðum (smábýlum) þar sem heimilt verður reisa allt að 350 fm íbúðarhús á einni hæð og allt að 200 fm aukahús. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem er auglýst samhliða.

**10 Vestra-Geldingaholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lögbýlið Glóruhlíð.**
Tillaga að deiliskipulagi nýs lögbýlis á 31 ha spildu úr Vestra-Geldingaholti. Gert er ráð fyrir allt að 350 fm íbúðarhúsi og allt að 400 fm útihúsum á landi lögbýlisins. Að auki er gert ráð fyrir tveimur 12.000 fm lóðum fyrir frístundahús þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 fm hús. Tillagan er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, en er ekki staðfest.

**11 Kálfhóll 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 7 ha spildu úr landi Kálfhóls 1 á Skeiðum. Í tillögunni er gert ráð fyrir fjórum lóðum á bilinu 5.460 til 7.380 fm að stærð þar sem heimilt er að reisa frístundahús og aukahús. Hámarksbyggingarmagn er 3% af stærð hverrar lóðar.

**12 Skeiðháholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóða úr landi með landr. 166520 (grasbýlið Tögl) , sem liggur á milli lögbýlana Skeiðháholts 2 og Blesastaða. Gert er ráð fyrir 8 lóðum á bilinu 4.471 til 11.653 fm þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús og 50 fm aukahús. Hámarksnýtingarhlutfall er 0.03. Í gildi er deiliskipulag fyrir 3 lóðirnar og fellur það úr gildi við gildistöku nýs skipulags.

**13 Laugar í Flóahreppi. Nýbýlið Laugamýri.**
Tillaga að deiliskipulagi landsspildu úr landi eyðibýlisins Laugar í fyrrum Hraungerðishreppi, vestan aðkomuvegar að Brúnastöðum. Landið er í heild 77 ha en deiliskipulagið nær til um 5 ha af þeirri spildu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 400 fm íbúðarhús, 120 fm starfsmannahús, 1.200 fm reiðhöll og önnur útihús allt að 1.000 fm.

**14 Fljótshólar 3 í Flóahreppi.**
**Íbúðarhús og skemma.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir 33,6 ha spildu úr landi Fljótshóla 3 í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi, suðvestan við Krákuvatn. .Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 350 fm íbúðarhús ásamt bílgeymslu og byggingarreit fyrir allt að 1.500 fm skemmu.

**15 Syðri-Völlur 1 í Flóahreppi.**
**Íbúðarhús og skemma.**
Tillaga að deiliskipulagi 1,6 ha lóðar úr landi Syðri-Vallar 1. Lóðin liggur upp að Hamarsvegi (nr. 308) í austurhluta jarðarinnar og er þar gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 250 fm íbúðarhús og 300 fm skemmu.

**16 Egilsstaðir I í Flóahreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi um 3 ha spildu úr landi Egilsstaða 1 í fyrrum Villingaholtshreppi. Á hluta svæðisins er í gildi deiliskipulag fyrir 3 frístundahúsalóðir sem allar eru um 4.000 fm að stærð. Í tillögunni felst að auk þeirra þriggja lóða sem fyrir eru verða til 2 nýjar um 5.000 fm lóðir fyrir frístundahús auk sameiginlegs svæðis. Heimilt verður að reisa allt að 100 fm frístundahús og allt að 30 fm aukahús á hverri lóð. Við gildistöku nýs skipulags mun eldra skipulag falla úr gildi.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:**

**17 Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
**Hreinsistöð og skólalóð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins á Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 1.400 fm iðnaðarsvæði undir hreinsistöð vestan við félagsheimilið auk þess sem gert er ráð fyrir að skólalóð stækki á kostnað lóðar fyrir verslun og þjónustu. Tillagan er í samræmi við áður auglýsta breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 25. júní til 23. júlí 2007. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 6. ágúst 2007 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu


Hótel Laki er glæsilegt sveitahótel, teiknað af Yrki hf.


Af svölunum er fagurt útsýni.

# Kyrrð og dekur í sveitinni

**Lengst af árinu leggur Hótel Laki í Efri-Vík í Landbroti höfuðáherslu á heilsubót, hollustu, afþreyingu og dekur en yfir hásumarið snýst þjónustan mest um gistingu og góðan mat.**

Hótel Laki stendur á kyrrlátum stað skammt frá Kirkjubæjarklaustri. „Þetta fer verulega vel af stað,“ segir Eva Björk Harðardóttir hótelstjóri „Við erum búin að prufukeyra húsnæðið í vetur og vor og halda námskeið þar sem allt snýst um heilsu og hollan lífsstíl, útivist og dekur. En nú erum við dottin inn í sumarvertíð og þá er heilsudagskránni ýtt til hliðar um sinn og aðaláherslan lögð á gistingu og mat eftir pöntunum. Svo er níu holu golfvöllur í túninu og veiðivatn í túnfætinum, auk þess sem við lánum gestum stafgöngustafi þannig að það er hægt að una sér við ýmislegt hér í okkar fögru sveit.“

Eva Björk er eigandi Hótels Laka ásamt eiginmanninum, Þorsteini M. Kristinssyni og foreldrum sínum Herði Davíðssyni og Salóme Ragnarsdóttur sem hafa stundað ferðaþjónustu um áratuga skeið í Efri-Vík. Fimmtán smáhýsi á hlaðinu eru til merkis um það. Þau eru leigð út til gistingar og hlaðan á bænum sem skreytt er gömlum búmunum, þjónar vel sem grillhús og samkomustaður enda eru árshátíðir og ættarmót fastur liður á dagskránni.

En nú er lífsstílshótel í Efri-Vík orðið að veruleika því nýlega lauk byggingu fyrstu álmu þess af þremur. Í henni eru 16 tveggja manna herbergi á neðri hæð og á efri hæðinni er „hægt að sinna andans- og næringarþörf gesta á staðnum,“ eins og Hörður orðar það. Þar er salur, setustofa og eldhús. Úr gluggum efri hæðarinnar er útsýni til Lómagnúps og Öræfajökuls í austri.

Glerhýsi yfir spa-aðstöðu hótelsins verður byggt í haust. Þar verður hægt að sitja í heita pottinum og virða fyrir sér norðurljós og stjörnur himinsins. Einnig á þá að steypa upp annan áfanga gistirýmisins með 24 hótelherbergjum á tveimur hæðum. Þau eiga að komast í gagnið fyrir næsta sumar og þegar allt verður tilbúið verða herbergin 64 talsins.

Eva hótelstjóri bendir á að stutt sé í margar náttúruperlur og nefnir Fjaðrárgljúfur og Laka sjálfan, Skaftafell og Jökulsárlón. Hún lofar líka að með haustinu muni hún kynna heilsudagskrá fyrir almenning. „Vonandi getum við með tímanum orðið heilsárs heilsuhótel sem býður fólki uppá aðstoð og aðstöðu til að efla hollan lífsstíl og auka lífsgæði sín,“ segir hún. „Þá fyrst getum við orðið sönn í því sem við erum að gera.“

*gun@frettabladid.is*



Toyota Land Cruiser 120 VX (110418) 5/2007, ekinn 2 þús km, 20" krómfelgur, leður, spoiler, dráttarkr, ofl... Ásett verð 6.390 þús.


Toyota Land Cruiser 120 VX Bensín (191038) 6/2003, ekinn 84 þús km, leður, rafmagn í öllu, ofl... Ásett verð 3.750 þús.


Toyota Land Cruiser 120 GX (134019) 5/2007, ekinn 5 þús km, filmur, spoiler, gluggavindhlífar, ofl... Ásett verð 5.590 þús.


Toyota Land Cruiser 120 GX (133661) 9/2005, ekinn 35 þús km, sóllúga, spoiler, dráttarkr, ofl... Ásett verð 4.990 þús.

TOYOTA SELFOSSI

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800
Sími :480 8000
www.toyotaselfossi.is


Toyota Land Cruiser 90 LX Comon Rail (201233) 9/2001, ekinn 90 þús km, álfelgur, samlitur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 2.550 þús.


Toyota Land Cruiser 90 GX (133496) 8/2000, ekinn 186 þús km, 33" breyttur, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.900 þús.


Nissan Patrol Elegance (211019) 6/2005, ekinn 66 þús km, leður, sóllúga, dráttarkr, filmur, ofl... Ásett verð 4.290 þús.


MMC Pajero GLS DID (210847) 8/2000, ekinn 144 þús km, 35" breyttur, leður, sóllúga, dráttarkr, ofl... Ásett verð 2.850 þús.


Toyota Hilux D/C (191014) 2/2007, ekinn 13 þús km, 17" álfelgur, upphækk að framan, dráttarkr, filmur, ofl... Ásett verð 3.790 þús.


Isuzu Crew Cab D-MAX (133920) 7/2006, ekinn 28 þús km, 35" breyttur, dráttarkr, pallhús, ofl... Ásett verð 3.090 þús.


Ford F350 King Ranch (110277) 2007, ekinn 17 þús km, leður, sóllúga, krómpakki, VSK bíll, ofl... Ásett verð 4.890 þús.


Ford F150 Lariat (119832) 9/2004, ekinn 76 þús km, leður, pallok, klæddur pallur, ný heilsársdekk, ofl... Ásett verð 3.090 þús.


Toyota Rav4 4WD (110455) 12/2001, ekinn 87 þús km, fjarst samlæs, cd, ofl... Ásett verð 1.490 þús.


Toyota Rav4 4WD (110390) 10/2000, ekinn 113 þús km, krómuð sílsarör, spoiler, motta í skotti, ofl... Ásett verð 1.390 þús.


GMC Envoy SLE (110073) 2002, ekinn 99 þús km, dráttarkr, loftkæling, sóllúga, ofl... Ásett verð 2.080 þús.


Skoda Octavia Station Dísel (211181) 3/2005, ekinn 34 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.890 þús.


Lexus IS250 Sport (110404) 3/2006, ekinn 15 þús km, leður, sóllúga, xenon, 18" felgur, ofl... Ásett verð 4.950 þús.


Toyota Corolla H/B Sol (201225) 10/2004, ekinn 38 þús km, álfelgur, spoiler, ofl... Ásett verð 1.750 þús.


Toyota Corolla H/B (134044) 10/2004, ekinn 57 þús km, fjarst samlæs, cd, ofl... Ásett verð 1.370 þús.

# Jónsmessunótt á Eyrarbakka

Jónsmessuhátíð er á Eyrarbakka á laugardaginn, níunda árið í röð. Er það til siðs að hittast á Jónsmessunni og gera sér dagamun og leita töfragrasa og náttúrusteina. Dagskráin hefst klukkan níu að morgni og stendur fram á kvöld. Í boði er fróðleiksferð um vesturhluta Eyra, listasýning Elvars Guðna listamanns á Stokkseyri, leikir fyrir börnin, sýndur verður þjóðdans og endað á Jónsmessubrennu. Dagskráin er þétt yfir daginn og nokkuð víst að mikið líf verður á Eyrarbakka. Ætla jafnvel nokkrir Eyrbekkingar að opna híbýli sín upp á gátt og taka á móti gestum og gangandi í spjall og spekúleringar um lífið og tilveruna.

Þeir sem opna gáttir eru meðal annars Kristín Vilhjálmsdóttir á Túngötu 45. Hjá henni verður Nína frænka hennar í heimsókn með gítarinn. Elsa, Pjetur og fjölskyldan í Sólvangi sýna hesta og gítarinn verður tekinn fram. Nöfn þeirra sem munu hafa opið hús ásamt upplýsingum um dagskrá má lesa á vefsíðunni www.eyrarbakki.is



**Jónsmessan verður haldin hátíðleg á Eyrarbakka á laugardaginn. Aldrei er að vita nema menn velti sér naktir upp úr dögginni næsta morgunn.**



**Íbúum Vestmannaeyja fer fjölgandi samkvæmt nýjum tölum.**

## Fjölgun í Vestmannaeyjum

Eyjamönnum fer fjölgandi samkvæmt nýjum tölum. Þeir eru nú 4094 talsins og eru það fimmtán fleiri en bjuggu í Vestmannaeyjum í fyrra.

Frá öðrum desember 2006 hafa 96 manns flutt til Eyja en 94 fluttu í burtu. Á þessu tímabili hafa 15 manns látist en 26 börn hafa fæðst.

Eyjamenn hafa á undanförnum árum reynt að vinna gegn fólksfækkun á svæðinu og eru þetta því góðar fréttir fyrir bæinn.



**Mýrarbolti minnir oft frekar á leðjuslag en fótbolta.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mýrarboltamót á Selfossi

Á laugardaginn verður haldið fremur sérstakt mót á vegum Knattspyrnufélags Árborgar. Keppt verður í mýrarbolta, sem minnir oft frekar á leðjuslag en knattspyrnu.

Mýrarbolti er upprunninn í Finnlandi en síðustu ár hafa verið haldin árleg mót á Ísafirði. Þetta verður í fyrsta sinn sem slíkt mót er haldið á Suðurlandi.

Keppt er í sex manna liðum og eru glæsileg verðlaun veitt. Bestu karla- og kvennaliðin fá verðlaun en einnig verða bestu búningarnir og drullugasti leikmaðurinn verðlaunaðir sérstaklega.

Mótið mun fara fram á Selfossi á laugardag.






ENNEMM / SÍA / NM28090




# ERTU AÐ FARA ÚT Í KVÖLD?
# MUNDU EFTIR NICOTINELL!




**NICOTINELL** MEÐ ÁVAXTA- OG MINTUBRAGÐI FÆST Í HANDHÆGUM 12 STK. PAKKNINGUM

**NICOTINELL** HENTAR HVERT SEM ÞÚ FERÐ

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.



GLÆSILEG Það er óhætt að fullyrða að vél Björgólfs Thors veki athygli hvar sem hún kemur.



## Björgólfur Thor Björgólfsson

Ríkasti maður Íslands á Challenger 604-vél sem er árgerð 1999. Henni hefur breytt í tíu sæta vél samkvæmt heimildum Sirkuss og er öll hin glæsilegasta. Björgólfur Thor notar vélina gífurlega mikið fyrir sig, fjölskyldu sína og nánustu samstarfsmenn í Novator. Challenger-vélin hefur þann kost fram yfir margar aðrar þotur að hún getur flogið mjög langt, heimsálfanna á milli, án þess að stoppa. Á sínum tíma var talið að vélin hefði kostað Björgólf Thor um milljarð króna.

Í STÖÐUGRI NOTKUN Björgólfur Thor er alltaf á ferðinni.



Á FERÐ OG FLUGI Einkaþota Björgólfs og Magnúsar hefur flutt marga Íslendinga á leik með West Ham undanfarna mánuði.



EIGA VÉL SAMAN Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson deila Challenger-vél enda ekki ódýrt að reka slíkan grip.

## Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson

Þessir tveir félagar úr bjórævintýrinu í Rússlandi eru tveir stærstu hluthafar Eimskipafélags Íslands og þeir eiga saman flugvél. Vélin er Challenger 604, líkt og vél Björgólfs Thors en heimildir Sirkuss herma að fjórtán sæti séu í vélinni. Það segir sitt um rekstarkostnaðinn á þessari vél að þessir tveir moldríku menn skuli taka sig saman með eina vél. Hún hefur verið mikið notuð í vetur við að flytja hópa á leiki West Ham í ensku úrvalsdeildinni, þar sem Björgólfur er aðaleigandi.

EINKAÞOTUM RÍKRA ÍSLENDINGA HEFUR FJÖLGAÐ ÖRT Á UNDANFÖRNUM ÁRUM

# Af þotunum skaltu þekkja þá

Íslenskir útrásarvíkingar hafa í síauknum mæli nýtt sér einkaþotur til ferðalaga yfir Atlantshafið á undanförnum árum. Eftir því sem auðjöfrarnir hafa orðið ríkari hafa þeir í síauknu mæli keypt sér einkaþotur en aðrir láta sér nægja að leigja vélar eins og leigubíla þegar þörfin er fyrir hendi. Margar ástæður eru fyrir því að viðskiptamennirnir kjósa að notast við einkaþotur en meginástæðan er sú að tíminn er peningar. Það er líka þreytandi að ferðast oft í mánuði og því nauðsynlegt að mönnum líði vel á slíkum ferðlögum. Sirkus tók saman lista yfir Íslendinga sem eiga einkaþotur og einnig hvernig umsvifamestu kaupsýslumenn landsins koma sér á milli landa. Í rauninni er ógjörningar að ætla að verðleggja þoturnar því það fer mikið eftir innréttingum og stærð eldsneytistanka en óhætt er að segja að engin af þeim vélum sem er í eigu Íslendings kosti undir milljarði. Þegar haft er í huga að rekstarkostnaður á slíkri vél getur hlaupið á rúmum 200 milljónum á ári er augljóst að menn þurfa að vera ríkir mjög til að ráða við slíka fjárfestingu. Vilji menn leigja vél getur einn flugtími kostað um hálfa milljón.

oskar@frettabladid.is



VERÐUR EKKI AFTUR SNÚIÐ Þegar menn hafa einu sinni sest inn í einkaþotu á borð við þessa Dornier-vél þá er erfitt að fara á almenna rýmið hjá Iceland Express eða Icelandair.



## Gísli Þór Reynisson

Félag Gísla Þórs, Nordic Partners, á fimm vélar af gerðinni Dornier 328-300 sem eru leigðar til einkaþotuflugfélagsins IceJet sem er í eigu sömu aðila. Fjórar vélanna eru fjórtán sæta en ein er nítján sæta. Þessar vélar geta flogið styttra en Challenger-vélarnar en eru fínar í flest Evrópuflug. Þær hafa þá sérstöðu að þær eru einu vélarnar á þessum lista sem eru skráðar á Íslandi. Flottasta vélin í flota IceJet er til að mynda með einkennisnúmerið TF-NPA. Allar eru vélarnar nýjar en sú elsta, áðurnefnd NPA-vél, fór fyrst í loftið í mars á síðasta ári. Engu hefur verið til sparað innan dyra eins og sést hér að neðan.

Á FIMM ÞOTUR Athafnamaðurinn Gísli Þór Reynisson á fimm þotur ásamt félögum sínum í Nordic Partners og hefur verið stofnað sérstakt flugfélag í kringum þoturnar sem ber nafnið IceJet.





SÚ NÝJASTA Vél Pálma Haraldssonar er sú nýjasta af þeim Challenger-vélum sem eru í eigu Íslendinga, frá árinu 2003.





LÖGGAN Karl Wernersson er með flott einkennisnúmer á sinni vél.

## Karl Wernersson, Hannes Smárason og Pálmi Haraldsson

Þessir þrír umsvifamiklu kaupsýslumenn eiga allir hver sína Challenger 604 vél. Pálmi Haraldsson, sem er aðaleigandi eignarhaldsfélagsins Fons, á þá nýjustu sem er frá árinu 2003. Sú ber einkennisstafina VP-CEO og er tíu sæta glæsiþota. Vél Karls Wernerssonar, sem er meirihlutaeigandi í hinu ört vaxandi fjármálaveldi Milestone og sjötti ríkasti Íslendingurinn í nýlegri úttekt Sirkuss, er einnig tíu sæta. Hún er frá árinu 2002 og ber einkennisstafina VP-COP. Vél Hannesar Smárasonar, forstjóra og aðaleiganda FL Group, er fjórtán sæta og er hún árgerð 2001.



ALLIR MEÐ EINS VÉLAR Pálmi Haraldsson í Fons, Hannes Smárason í FL Group og Karl Wernersson í Milestone eiga allir eins vélar, Challenger 604.

## Leigja hjá NetJets

Bandaríska einkaþotuleigan **NetJets** er mjög vinsæl meðal íslenskra kaupsýslumanna. Stóru bankarnir þrír, **Landsbankinn**, **Glitnir** og **Kaupþing**, nýta sér allir þetta fyrirtæki undir sína lykilstarfsmenn. Sömu sögu er að segja af Bakkabræðrunum **Lýði og Ágústi Guðmundssyni** og lykilstarfsmönnum Existu, sem þeir eiga stærstan hluta í. **Baugur Group** notar þetta fyrirtæki sem og **Jón Ásgeir Jóhannesson**, stjórnarformaður Baugs, sem notar það líka í einkaerindum. Eins og sjá má á síðu 2 hefur **Jón Ásgeir** þó fjárfest í nýrri einkaþotu sem hann fær afhenta í október. **Materia Invest**, sem er í eigu þeirra **Þorsteins M. Jónssonar** og **Magnúsar Ármanns** og **FL Group**, hafa líka keypt flugtíma af NetJets. Þá hefur **Róbert Wessman**, forstjóri Actavis, líka flogið með þessu fyrirtæki. Tvær flugvélar NetJets ,Raytheon Hawker 800XP og Dassault Falcon 2000, hafa sést oftast hér á Reykjavíkurflugvelli en þær eru afar glæsilegar að innan eins og sést á hér á myndum.



FASTAGESTUR Þessi Falcon 2000 vél NetJets er einn af fastagestunum á Reykjavíkurflugvelli.



RÚMGOTT Það fer vel um menn í Raytheon-þotunni.



BETRA EN SAGA CLASS Það væsir ekki um mann í Falcon-vél þeirra NetJets manna.

# Nýr samstarfsaðili!



# ABC-kort

Við bjóðum Skeljung velkominn sem nýjan samstarfsaðila ABC-korta Netbankans. Skeljungur býður korthöfum ABC-korta 0,5% afslátt af vörum og eldsneyti á Shell stöðvum og að auki rennur 1% af viðskiptum korthafa til ABC-barnahjálpar.



## ABC-kreditkort

Við stofnun ABC-kreditkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Samstarfsfyrirtækin láta 1% af viðskiptum korthafa renna til ABC-barnahjálpar og veita einnig korthöfum góðan afslátt.

## ABC-debetkort

Við stofnun ABC-debetkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. **Öll færslugjöld af kortinu renna til ABC-barnahjálpar.**

## ABC-gulldebetkort

Yfirdráttarvextir ABC-gulldebet eru allt að fjórðungi lægri en hjá stóru bönkunum. **Færslugjald fyrir hverja færslu er 50 kr. og rennur óskipt til ABC-barnahjálpar.**

abc BARNAHJÁLP  Netbankinn

## ABC-barnahjálp

Starf ABC-barnahjálpar snýst um að bæta hag bágstaddra barna. Markmiðið er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálp í formi menntunar og heimila þar sem þess er þörf, auk læknishjálpar, framfærslu og síðast en ekki síst, umhyggju.

**Þú getur sótt um ABC-kortin hjá Netbankanum í síma 550 1800 eða á nb.is.**

Samstarfsaðilar ABC-kortanna eru sérvalin fyrirtæki sem eru leiðandi á markaði á sínu sviði..

BabySam · LYFJA · 66° NORÐUR · Hans Petersen · spron · Veröldin okkar · Pizza Hut · sissa stúdíó · yoga shala

Himinn og haf / SÍA

# Hollywood

## Peninga fyrir kleinuhringi



**Naomi Campbell** hefur komið sér í svo mikið klúður undanfarið að greyið stelpan fær varla vinnu. Ofurfyrirsætan hefur þess vegna farið að ráðum **Kfed** og tekið að sér að leika í auglýsingu þar sem hún gerir grín að sjálfri sér. Það er fyrirtækið Dunkin Donuts sem hefur ráðið Naomi og í auglýsingu mun hún taka eitt af sínum frægu köstum. Það verður forvitnilegt að sjá hvort að þetta hafi eitthvað að segja.



## Falleg í fangelsinu

**Paris Hilton** er greinilega ekki í neinni vinnu á meðan fangelsisvist hennar stendur yfir. Kathy Hilton, móðir Parisar segir hana stara á loftið og veggina allan daginn. Fyrir nokkru reyndi Paris að hengja upp myndir af fjölskyldu sinni á veggina, en fangelsisverðirnir gerðu sér lítið fyrir og rifu þær allar niður. Vinir Parisar segja hana hinsvegar líta vel út. Hótelerfinginn má ekki setja neinar snyrtivörur á sig og hafa vinir hennar haft orð á því hve vel hún liti út án þeirra. Æi, það er nú gott að hún líti vel út í fangelsinu. Vá, hvað okkur líður miklu betur núna.



## Laumast til að hittast

Nokkar myndir náðust af Jane Pitt, móður Brads Pitt fyrir utan hús fyrrverandi tengdadóttur sinnar **Jennifer Aniston**. Þær eru greinilega enn mjög góðar vinkonur. Vá, hvað þetta hlýtur að fara í taugarnar á Angelinu. Jane var í rúma tvo klukkutíma hjá Jennifer. Það hefði verið gaman að vera fluga á vegg þegar þessar tvær hittust. Hvað skyldu þær tala um? Angie, Brad, börnin. Ó, hvað þetta er djúsí.



LEIKKONAN ANGELINA JOLIE HEFUR BREYST EFTIR ÞVÍ SEM ÁRUNUM HEFUR FJÖLGAÐ

# Villingurinn sem varð súpermamma



SJÚK Í BILLY BOB Angelina Jolie og Billy Bob Thornton slepptu ekki hvort öðru á meðan sambandi þeirra stóð.



NÝ STJARNA Á FERÐINNI Svona leit Angelina út er hún lék í myndinni Gia sem kom henni á kortið.

**Munið þið eftir gömlu góðu dögunum þegar Angelina Jolie var ung og villt? Þegar hún skipti um háralit einu sinni viku, lék sér að hnífum og gerði lítið annað en að fara í sleik við Billy Bob Thornton.**

**Angelina Jolie hefur heldur betur breyst síðan þá. Með komu Maddozar í líf leikkonunnar breyttist allt. Angelina varð stillt og virðuleg kona. Hún byrjaði að brosa meira og allt við hana varð einlægara.**

**En Angelina mun örugglega alltaf verða umdeild. Hún hóf ástarsamband við giftan mann. Það hefur án efa ekki farið framhjá neinum. Ekki höfðu margir trúað því að samband þeirra myndi endast, en eins og staðan er í dag er ekki ólíklegt að Bradgelina eigi eftir að vera saman að eilífu. Brad hefur ættleidd öll börn Angelinu og eiga þau saman dótturina Shiloh sem er án efa arftaki Gerber-barnsins.**

**Angelina hefur verið afar opinská um samband sitt við Brad og lýsir honum sem einstökum manni og föður. En nú aðeins fyrir nokkrum mánuðum ættleiddu þau sitt þriðja barn. Það virðist ekkert geta stöðvað þessi tvö og hefur hún oft talað um það að henni langi í sjö til 14 börn.**



HVER MAN EKKI EFTIR ÞESSU? Kossinn sem sjokkeraði alla. Angelina og bróðir hennar James Haven.



ROSALEGA GRÖNN Angelina er sögð vera um 49 kíló. Hún segist þó ekki eiga við átröskun að stríða heldur hefur árið verið erfitt fyrir hana.



FYRIRMYNDARFJÖLSKYLDA Jolie-Pitt fjölskyldan ásamt Shiloh og Zahöru. Eru þau ekki sæt?



HAMINGJUSÖM Brad og Angelina eru á góðri leið að verða nýja gullna parið í Hollywood.

**Það hlýtur þó að taka sinn toll að vera í svona opinberu sambandi, eiga fjögur börn og vera fræg kvikmyndastjarna því mikið hefur verið rætt í fjölmiðlum hversu grönn Angelina er orðin og hvort hún ætti við vandamál að stríða en Angelina hefur komið fram og sagt að móður missirinn ásamt því að vera með barn á brjósti væri um að kenna. Samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs er Angelina aðeins 49 kíló. Þrátt fyrir að vera afar létt er hún ótrúlega sterk, og heldur á tveimur af fjórum börnum sínum eins og ekkert sé. Ekki slæmt það.**




# SÆTAR STUTTHÆRÐAR

Það er orðið svaka trend allt í einu í Hollywood að láta allt flakka þegar það kemur að hárgreiðslu nú orðið. Eitt sinn var ekki hægt að láta sjá sig út á götum Los Angeles með neitt annað en Cindy Crawford-hár. En tímarnir hafa breyst og nú eru allar skvísurnar með stutt hár og bera það vel. Við erum að fíla þetta.





VICTORIA BECKHAM Er miklu sætari með stutt hár, en hún var orðin þreytt á því að vera endalaust með hárlengingar.







MICHELLE WILLIAMS Dawson's Creek-skvísan er lík Miu Farrow í Rosemary's Baby og það fer henni vel.



SELMA BLAIR Er alltaf sexí og getur í raun gert hvað sem er við hárið á sér.

**Peugeot Speedfight 50 AC**



# 24 tíma leikur 10-11 og mix




**10-11 og MIX í samstarfi við FM957 kynna.**
Í tilefni af því að nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn verður 10-11 með Zúúber tilboð í júní á MIX. Komdu við í einni af þeim verslunum 10-11, sem opnar eru allan sólarhringinn og settu MIX á Zúúber tilboði í körfuna þína. Þegar þú kemur að kassanum mun starfsmaður spyrja þig léttrar spurningar og ef þú svarar rétt, kemstu í pott sem dregið verður úr í morgunþættinum Zúúber á FM957 alla föstudaga til 30. júní.

Í verðlaun verða **25.000 kr.** matarútektir í 10-11 og í lokavikunni mun einn heppinn þáttakandi vinna sér inn glæsilega Peugeot Speedfight 50 AC vespu og hjálm frá Bernhard, fríar tryggingar hjá Sjóvá fyrsta árið, hlífðarföt frá 66° norður og kassa af MIX.
**Mundu, það er alltaf stutt í næstu 10-11.**

## Nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn

10-11 Arnarbakka, Reykjavík ][ 10-11 Austurstræti, Reykjavík ][ 10-11 Barónsstíg, Reykjavík ][ 10-11 Borgartúni, Reykjavík
10-11 Dalvegi, Kópavogi ][ 10-11 Engihjalla, Kópavogi ][ 10-11 Hafnargötu, Keflavík ][ 10-11 Hafnarstræti, Akureyri
10-11 Hjallabrekku, Kópavogi ][ 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík ][ 10-11 Kaupangi, Akureyri ][ 10-11 Langarima, Reykjavík
10-11 Laugalæk, Reykjavík ][ 10-11 Lágmúla, Reykjavík ][ 10-11 Leifsstöð, komusal ][ 10-11 Lyngási, Garðabæ
10-11 Melabraut, Hafnarfirði ][ 10-11 Seljavegi, Reykjavík ][ 10-11 Sporhömrum, Reykjavík ][ 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði

66° NORÐUR · FM957 · BERNHARD · PEUGEOT · SJÓVÁ · Mix

10-11
*...alltaf opið!*
www.10-11.is

# helgin

## Hvað á að gera í sumarleyfinu?

„Ég hef yfirleitt skellt mér á Humarhátíð á Hornafirði enda fædd og uppalin þar. Einnig er ég búin að stefna á að fara í Skaftárfell í útilegu síðustu sumur og ætla að reyna að standa við það þetta árið en það er einn fallegasti staður á landinu. Við KR skutlur ætlum líka að taka einhvern óvissudag og fara í rafting eða annað spennandi, en annars ætla ég bara að njóta lífsins, grilla nóg af súkkulaðibönunum.“



**Embla Grétarsdóttir knattspyrnukona**

„Ég ætla í fjallgönguferð í viku til Króatíu. Síðan eyði ég sem mestum tíma á Akureyri og vonast til að fá þar bongóblíðu. Einnig stendur til að fara í veiðiferð og svo fer ég væntanlega í innkaupaferð til Milanó. Vonandi verður sumarið sólríkt og þá fyllist ég orku og þörf til útiveru.“



**Guðlaug Halldórsdóttir kaupmaður**

„Ég ætla að slappa af í sumarleyfinu og skreppa til Ítalíu en þá ferð planaði ég fyrir langa löngu. Þar munum við taka bíl og aka um landið.“



**Kiddi Bigfoot plötusnúður**

„Ég er að fara til Miami með manninum mínum en við ætlum í siglingu. Þaðan fer ég svo til Suður-Ameríku í nokkra daga og fer svo aftur til Daytona Beach að skoða skóla og versla.“



**Kristín Ýr Bjarnadóttir tónlistarkona**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is, **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# Garðar Thor stefnir hraðbyri á gullplötu

Tenórinn geðþekki Garðar Thor Cortes nálgast nú óðfluga gullplötu hér á Íslandi en búast má við að nýr diskur hans Cortes 2007 muni ná tilskyldu fimm þúsund eintaka marki á næstu vikum. Diskur Garðars Thors er langsöluhæsti diskur íslensks listamanns það sem af er þessu ári og sagðist Sigvaldi Kaldalóns, markaðsstjóri Skífunnar, ekki sjá nokkurn annan en hinn færeyska Jógvan sem gæti mögulega slegið honum við á næstu mánuðum.

Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars Thors, segir í samtali við Sirkus að þetta séu góðar fréttir en komi honum svo sem ekki á óvart þar sem diskurinn sé einstaklega góður. „Við erum búnir að selja hátt í þrjátíu þúsund eintök hér í Bretlandi sem er frábært en við teljum vera svigrúm fyrir enn meiri sölu. Þessi diskur er það góður að við hættum ekki fyrr en hann er kominn inn á hvert heimili í Bretlandi,“ segir Einar og hlær.

Fyrsti diskur Garðars Thors sem bar nafnið Cortes og kom út fyrir jólin 2005 seldist í tuttugu þúsund eintökum og var langsöluhæsti diskurinn á Íslandi það árið.




**GULLPLATA Á NÆSTU GRÖSUM Garðar Thor Cortes er nálægt því að selja fimm þúsund eintök af nýjum diski sínum hér á Íslandi.**

FRIÐRIKA GEIRSDÓTTIR MÆTT AFTUR Í ÍSLAND Í DAG EFTIR NOKKURT HLÉ

# YNDISLEGT AÐ VERA KOMIN TILBAKA Í HRINGIÐUNA



**MÆTT AFTUR Á SKJÁINN Friðrika Geirsdóttir mun verða í Íslandi í dag í sumar og segir móralinn í hópnum vera hreint út sagt frábæran.** SIRKUSMYND/VALLI

Glöggir sjónvarpsáhorfendur hafa tekið eftir því að Friðrika Geirsdóttir er mætt aftur í Ísland í dag á Stöð 2. Hún hefur tekið upp þráðinn á nýjan leik frá síðasta hausti en þá hætti hún til að ritstýra matartímaritinu Bístró. Frækin frammistaða hennar í fyrra vakti mikla athygli enda var hún óreynd í sjónvarpi. Nú leikur hún við hvurn sinn fingur og segir það yndislegt að vera komin til baka. „Ég er enn þá í barneignarfríi og er bara í hálfu starfi til að byrja með. Ég kem svona hægt og rólega inn í þetta aftur,“ segir Friðrika í samtali við Sirkus. „Þetta er hins vegar alveg meiriháttar gaman.



Hópurinn er yndislegur og mórallinn frábær,“ segir Friðrika og hrósar samstarfsfólki sínu Steingrími Ólafssyni, Ingu Lind Karlsdóttur, Katrínu Rut Bessadóttur, Sölva Tryggvasyni, Oddi Ástráðssyni og Svanhildi Hólm Valsdóttur í hástert.

Sonur Friðriku og Stefáns Hilmarssonar, fjármálastjóra Baugs, kom í heiminn þremur mánuðum fyrir tímann. Tók þá við erfiður tími þar sem hann dvaldi á sjúkrahúsi fyrstu þrjá mánuðina en Friðrika segir hann dafna vel í dag. „Honum gengur rosalega vel. Hann styrkist og dafnar með hverjum deginum,“ segir Friðrika um prinsinn sinn.

oskar@frettabladid.is

# SPURNINGAKEPPNI Sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HÉR MÆTAST HALLDÓR GYLFASON LEIKARI OG LOGI BERGMANN EIÐSSON SJÓNVARPSMAÐUR.

1. Hvað heitir ný heimildarmynd um Rolling Stones?
2. Hver gekk þverrt yfir Grænlandsjökul til styrktar krabbameinsrannsókna?
3. Með hvaða NBA liði leikur Tony Parker?
4. Hver skrifaði skáldsöguna Eitur fyrir byrjendur?
5. Hver er nýr ritstjóri Blaðsins?
6. Hver er höfuðborgin í El Salvador?
7. Hvar á landinu er Ungmannafélagið Tindastóll?
8. Í hvaða nýju mynd leika þeir félagar Brad Pitt, George Clooney og Matt Damon?
9. Hvaðan koma flestir erlendir ríkisborgarar sem búsettir eru hér á landi?
10. Hvað heitir yngsti meðlimur Simpson-fjölskyldunnar?







## Logi Bergmann

1. Thunder Rolls.
2. Man ekki.
3. San Antonio Spurs.
4. Hugleikur Dagsson.
5. Ólafur Stephensen.
6. San Salvador.
7. Á Sauðárkróki.
8. Ocean's Thirteen.
9. Póllandi.
10. Maggie.



## Halldór Gylfason

1. Satisfaction.
2. Marta Halldórsdóttir.
3. San Antonio Spurs.
4. Leif Panduro.
5. Björn Björnsson.
6. San Salvador.
7. Á Sauðárkróki.
8. Mýrin 2.
9. Póllandi.
10. Maggie.

Logi Bergmann endar sigurgöngu Halldórs. Logi sigrar með sjö stigum gegn fimm. Halldór skorar á Sóleyju Elíasdóttur leikkonu sem mun mæta Loga Bergmann í næstu viku. Fylgist með.

**Svör: 1.** Shine a Light. **2.** Marta Guðmundsdóttir. **3.** San Antonio Spurs. **4.** Eiríkur Örn Norðdal. **5.** Ólafur Stephensen. **6.** San Salvador. **7.** Á Sauðárkróki. **8.** Ocean's Thirteen. **9.** Póllandi. **10.** Maggie.

# Taktu þátt í ævintýraleik

## sjáðu á www.bt.is hvort lukkumiðinn á Kellogg's pakkanum þínum færir þér vinning

Við bregðum á leik í tilefni af frumsýningu um allt land á Shrek the Third. Finndu límmiða með lukkunúmeri á Kellogg's pökkunum, farðu á www.bt.is og sláðu inn lukkunúmerið. Ævintýralegir vinningar bíða þín.




**1. vinningur:** PANASONIC 42" Plasma veggsjónvarp, PANASONIC upptökutæki með 160 GB hörðum disk og DVD spilari, Playstation 3 leikjatölva, Shrek 3 leikur á PS3. Heildarverðmæti vinnings er um 330.000 kr.

**Fullt af öðrum ævintýralegum vinningum:** Ferð fyrir 2 til Evrópu með Iceland Express, 50.000 króna ferðaávísun og 20.000 úttekt á kreditkorti frá BYR, 300 bíómiðar á Shrek the Third, 20 DVD pakkar með myndunum Shrek og Shrek 2 og 15 ársbirgðir af Kellogg's vörum.

BYR SPARISJÓÐUR — Iceland Express — BT — Kellogg's






Lukkunúmerið þitt er:

Sláðu inn númerið á bt.is og fáðu strax að vita hvort þú hafir unnið. Ævintýralegir vinningar bíða þín!

**Leitaðu að lukkumiðanum á Kellogg's pakkanum þínum!**

Fiton/SÍA FI021591


Ananas hlunkur
Appelsínu hlunkur
Ávaxta hlunkur
Lakkrís hlunkur
Grænn hlunkur
Nýtt
Hlunkur
Lúxus súkkulaði íspinni
Lúxus lakkrís íspinni
Lúxus vanillu íspinni
Lúxus karamellu íspinni
Kjörís
Lúxus
Lúxus konfekt toppís
Nýtt
Lúxus súkkulaði toppís
Lúxus karamellu toppís
Ananas hlunkur mínus
Grænn hlunkur mínus
Súkkulaði shake
Jarðarberja shake
sykurlaus
Hlunkur Mínus
Magnum piparmyntuís með dökku súkkulaði
Magnum með súkkulaði
Magnum með hvítu súkkulaði
Magnum með karamellu og tvöföldu dökku súkkulaði
Púkaskott með hlaupkúlum
Trúðaís með tyggjókúlu
Magnum með súkkulaði og möndlum
Calippo appelsínuklaki
Calippo
Twister
Magnum
Twister með berja- og sítrusbragði
Wall's
Calippo klakakúlur með jarðarberja- og sítrusbragði

3 -4 herbergja íbúð með húsgögnum og búnaði, miðsvæðis í Hafnarfirði. Leiguverð er 130.000 á mán. bankaábyrgð. Uppl. í síma 822 1941.

Room for rent. 110 RVK. Bed inclu. WC, no shower. 30 þús. Info. 694 8494 & 699 8982.

Til leigu 2. herb. íbúð með húsgögnum á Miklubraut 105 Rvk. Uppl. í s. 699 0328 & 699 0381.

## Húsnæði óskast

Lítil íbúð eða rúmgott herbergi óskast til leigu handa rólegum reglumanni. Uppl. í síma 897 9939.

Hjón m./eitt barn óska e./3-4 herb. íbúð helst í 111. Reglusöm. Uppl. í s. 697 0002.

Herbergi/stúdíóíbúð í Vesturbæ, miðbæ eða Seltj.nesi óskast. Er í HÍ Greiðslug. að 50þ. /mán. S. 896 8867.

Einstæð móðir með 1 barn óskar eftir 2ja til 3ja herbergja íbúð í Garðabæ. Uppl. í s. 663 5610.

Herb. óskast fyrir ungan mann, þarf að vera með wc, sturtu og þvottaaðstöðu. Uppl. í s. 898 7428.

## Sumarbústaðir



**SUMARBÚSTAÐAHLIÐ**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd o.fl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S: 486-1810 vig@vig.is www.vig.is

Óska eftir sumarhúsi á Suðurlandi Verðhugmynd allt að kr 13 milljónir. Þarf að vera á eignarlandi. Uppl. í síma 663 1567 eða doddi65@hotmail.com

Til sölu 20 fm Bjálka gestahús ósamansett, allt fylgir með til að fullklára það. Verð 800 þús. Uppl. í s. 660 1006.

Til sölu glæsilegar sumarbústaðalóðir í landi Miðengis Grímsnesi. Uppl. í s. 894 0105.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Upphitaður bílskúr á Rvk-svæðinu óskast á fyrir vönduð húsgögn. Uppl. í s. 860 1957.

## Gisting

rent.is looking for a place to stay? Wide selections of short term rentals. www.rent.is

rent.is Erum með mikið af fullbúnum íbúðum á skrá í skammtímaleigu. www.rent.is

**Sumargisting í Rvk.**
3. Herb. ný íbúð, fullbúin húsgögnum, 4-5. rúm, ADSL, 2 nætur eða fl. Pantið tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is símar 898 6033 & 698 9874.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið - Sumarstarf**
**Óska eftir starfsmanni frá og með 9. júlí, ekki yngri en 18 ára. Vinnutími frá 04-12 + önnur hvor helgi. Einni vantar fastann starfsmann frá og með 1. sept. í verslun okkar, ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 897 0702 & 861 4545.**

**Keiluhöllin**
**Óskum eftir starfsmönnum í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 864 6112 & www.keiluhollin.is**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

**Meiraprófsbílstjóri**
**Óskum eftir að ráða meiraprófsbílstjóra með vagnaréttindi í 6 mánaðar vinnu. Uppl. í s. 698 1458, Hildur.**

**Þernur**
**Óskum eftir að ráða þernur til starfa. Starfið er laust nú þegar eða fljótlega. Nánari uppl. veitir Jónína á Hótel Óðinsvé Óðinstorgi eða í sími 511 6200.**

**Bifreiðastjórar**
Vegna mikillar vinnu vantar okkur bifreiðastjóra með rútupróf til vinnu í sumar, fjölbreyt verkefni, mikil vinna og góðir bílar Umsóknir berist með tölvupósti til: atvinna@grayline.is.Nánari upplýsingar veittar í síma 660 1303.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434 & 822 5229.

Trukkaþjónustan leitar eftir góðum og traustum trailer bílstjóra í afleysingar og fullt starf. Þarf að hafa reynslu. Áhugsamir sendið umsókn á trukkar@simnet.is einnig hægt að hafa samband við Hjalta í síma 616 9090.

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

Stýrimann og vélstjóra vantar á 105 tonna dragnótarbát. Uppl. í s. 821 6664 & 893 5590.

Ráðskona óskast í sveit á Austurlandi. Svar sendist á Fréttablaðið merkt „Ráðskona".

Staff wanted in sandwich making. Work hours from 05.00-09.00. More information in tel. 864 1593, Ella.

**Mötuneyti - Afgreiðsla ofl.**
Starfsfólk óskast til að vinna í einu skemmtilegasta fyrirtæki landsins. Vinnutími frá 11-19 Ekki yngri en 18 ára. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. gefur Kristleifur í síma 697 7888.

SL ehf auglýsir eftir áreiðanlegum trésmiðum/vönum mönnum í alhliða og fjölbreytta trésmíðavinnu. S. 894 3203.

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf/vaktavinnu. Einnig vantar pizzabakara í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar gefur Hlynur í s. 899 7719.

Byggingafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vönum verkamanni í vinnu. Uppl. í s. 869 3959 & 896 9515.

Óska eftir bifvélavirkja eða vönum manni vantar einnig á smurstöð. Uppl. í s. 899 4009 & 587 4700.

**Sólbaðstofa**
Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

## TIL SÖLU

**Notuð skrifstofuhúsgögn og lagerhillur.**
Vegna flutninga eru til sölu notuð skrifstofuhúsgögn og lagerhillur.
Hagstætt verð.
Upplýsingar veitir Daniel í síma 820 6931

## Atvinna óskast

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt




## Tapað - Fundið



**Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu**

**Halló! Ég heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Fyrir nokkru gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól frá Örninum í Skeifunni. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 3 vikum, það var tekið hjá kóngulóarleiktækinu hjá Fjölbraut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjólreiðatúr. Mamma og ég erum búin að leita voða mikið af hjólinu mínu.**

**Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!**

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

vísir
www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

## FASTEIGNIR

**LUNDUR FASTEIGNASALA**
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK
Karl Gunnarsson löggiltur fasteignasali

**Lokað á Lundi dag frá kl. 14.00**



Frum

Í dag er 41 nemandi að útskrifast úr námi til löggildingar fasteignasala frá Endurmenntun Háskóla Íslands. **Í þeim hópi eru allir 4 sölumenn Lundar.** Um leið og Lundur óskar þeim og öðrum útskriftarnemendum **innilega til hamingju með áfangann,** er vakin athygli á því að **skrifstofur Lundar verða lokaðar frá kl.14 í dag.**

## FASTEIGNIR

Hafnargötu 20 • 230 Keflavík
Sími 421 1700 • es.is
**Eignamiðlun Suðurnesja**
*Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali*

**Flúðir - Heiðarbyggð - tilbúið til afhendingar**



Frum

**Þverlág 1 - Flúðum** Glæsilegt 75 fm nýtt orlofshús, tilbúið til afhendingar. Húsið er fullfrágengið með glæsilegri 200 fm verönd kringum húsið. Húsið skiptist í þrjú svefnh., stofu, eldhúskrók, baðh., forstofu og geymslu. Parket og flísar á gólfum, innréttingar og fataskápar úr eik. Heitur pottur á verönd (hitaveita). Tveir golfvellir í nágrenninu. Húsið er fullfrágengið og tilbúið til afhendingar strax. **Verð 22.500.000.-**

***Eigandi verður á staðnum laugardaginn 23. júní nk. frá kl. 14.00 til 16.00 og sýnir eignina, sími 896 0362. Nánari upplýsingar veitir Sigurður hjá Eignamiðlun***

Hafnargötu 20 • 230 Keflavík
Sími 421 1700 • es.is
**Eignamiðlun Suðurnesja**
*Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali*

**Opið hús á laugard. 23. jún. kl. 2-4**



Frum

**Lækjarmót 85 – Sandgerði**
Nýtt glæsilegt, 168.8 fm parhús, tilbúið undir tréverk, hiti í stéttum, lagnir fyrir heitum potti. Til afh. nú þegar.
**Verð 23.900.000.-**

***Verktaki er einnig með í smíðum sambærileg hús við Breiðhól.***



Þröstur Árnason
lögg.fasteignasali

Ásdís Ýr Aradóttir
ritari/sölumaður

**BAKKI**
**Sími 482-4000**
**www.bakki.com**
**bakki@bakki.com**

**Grímsnes - Gott verð**



68,2fm Sumarhús: Vestan við Búrfell í Grímsnesi stendur þessi fallegi sumarbústaður í sælureit hentugum til trjáræktar. Bústaðurinn er byggður úr timbri og selst eins og hann er í dag, allar innréttingar komnar og rafmagn fullbúið, eftir er að taka inn heitt vatn sem er komið á svæðið og gólfefni vantar. Eftir er að setja pall við húsið. Utanhúsklæðning er harðviður og bárustál og svart plekel er á þaki. Svefnherbergin eru 2, auk þess er baðherbergi/þvottahús, stofa/eldhús og anddyri. Hitaspírall er í gólfi. Húsið stendur á eignarlóð sem er 4.621fm. **Verð 15 millj.**

# Sálrænt ástand þeirra sem meiða og deyða dýr

**UMRÆÐAN**
Dýraofbeldi



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Eðlilega fyllist fólk óhug þegar það heyrir fréttir um að ungmenni geri sér að leik að meiða og deyða dýr. Maður veltir fyrir sér hvernig andleg líðan þeirra er sem þetta gera? Hefur gerandinn e.t.v. verið meiddur sjálfur, er hann jafnvel haldinn miklum sársauka, reiði og biturleika? Hver svo sem orsökin er, virðist ljóst að eitthvað hefur farið úrskeiðis. Hvað nákvæmlega, vitum við ekki fyrr en málefni hans og fjölskylduaðstæður hafa verið skoðaðar.

Fregnir um andfélagslega hegðun eins og þessa kalla fram ýmsar spurningar í hugum almennings. Spurt er t.d. hvort þeir sem þetta gera séu einfaldlega vondir í eðli sínu, eða fæðst hreinlega með hvatir til að pynta og drepa? Þessari spurningu svara ég hiklaust neitandi. Að hugsa dæmið með þessum hætti er að mínu mati varhugavert og vita gagnslaus nálgun. Önnur algeng spurning í þessu sambandi er hvort þetta sé ekki allt sjónvarpinu og tölvuleikjunum að kenna? Þeirri spurningu er heldur ekki hægt að svara með einsatkvæðisorði, jafnvel þótt það sé sennilegt að barn sem hefur ofbeldi sem fyrirmynd frá unga aldri og yfir langan tíma kunni að bera alvarlegan skaða af. Hvort hin skaðlegu áhrif leiði til löngunar að pynta og drepa dýr er að mínu mati einföldun á alvarlegu máli.

Aðrir velta fyrir sér hvort í uppeldi þessara ungmenna hafi vantað siðferðislega kennslu sem leitt hafi til einhvers konar siðblindu? Barn sem fer á mis við að vera kennt grundvallaratriði siðfræðinnar getur svo sannarlega reynst erfitt að setja sig í spor annarra og finna til samkenndar. Áhrifagirni og hópþrýstingur er enn annað fyrirbæri sem kemur upp í hugann við tíðindi sem þessi. Getur ungmenni verið svo áhrifagjarnt að ef hvatt til að taka þátt í verknaði sem þessum láti það tilleiðast? Hópþrýstingur og múgsefjun er afl sem, ef óbeislað, getur leitt til þess að hópurinn framkvæmir hluti sem einstaklingurinn, væri hann einsamall, myndi aldrei láta sér detta í hug að gera. Mikilvægt er að börnum sé snemma kennt að varast áhrif og afleiðingar hópþrýstings.

Loks er forvitnilegt að velta fyrir sér hversu stór hópurinn er sem um ræðir? Er hér e.t.v. um fáa einstaklinga að ræða sem endurtaka verknaðinn eða er þetta stærri hópur? Að meiða og deyða dýr sér til gamans er klárlega æfing í ofbeldi sem ekki nokkur leið er að segja til um hvar endar. Verði þessum aðilum ekki hjálpað eru þeir að mínu mati í áhættuhópi þeirra sem kunna að stunda andfélagslega hegðun lungað af lífsferli sínum. Tökum sameiginlega ábyrgð og vörumst að dæma fyrirfram. Það sem skilar sér best til að sporna við og slökkva á hegðun sem þessari er að ná til þessara ungmenna og fjölskyldna þeirra, greina vandann með faglegum hætti og veita viðeigandi aðstoð. Eins þarf að hlúa að þeim sem koma að slíkum verknaði.

Fyrst og fremst er þetta sorglegt, að sjálfsögðu fyrir þolendur en ekki síst fyrir gerendurna sem síðar á ævinni líta til bernsku sinnar og rifja upp minningar um að hafa pyntað og murkað lífið úr dýrum.

*Höfundur er sálfræðingur.*

# Enn um samvinnufélög

**UMRÆÐAN**
Samtryggingar



JÓN SIGURÐSSON

Í grein minni hér í Fréttablaðinu 19. júní sl. vakti ég athygli á því að í samvinnufélagi á ekki að myndast neitt „fé án hirðis“, en þetta gerðist hérlendis vegna sérstakra sögulegra og lagalegra ástæðna. Eftir lagabreytingar 2001 eru þessar ástæður ekki lengur fyrir hendi.

Samvinnuformið hefur dafnað bæði vestan hafs og austan á undanförnum árum. Það hentar hópum sem hafa hagsmuni að verja en leita ekki eftir hámörkun einkaarðs. Það hentar í velferðar- og félagsþjónustu, á menntasviði og í húsnæðis- og fjölskylduþjónustu. Auk þess hentar það t.d. sem þjónustu- og framkvæmdaafl á jaðarsvæðum og í dreifbýli.

Í grein minni gat ég þess að takmarkanir eru á ráðstöfun stofnsjóðseignar í samvinnufélagi. Þannig fylgir t.d. aðild einstaklings að samvinnufélagi viðskiptalegri þátttöku og erfist ekki skv. 17.gr. laga um samvinnufélög. Aftur á móti ber samvinnufélagi skv. 38.gr. laganna að greiða erfingjum inneign í stofnsjóði við andlát félagsmanns.

Í samvinnustarfi þekkjast ýmis sérstæð félagsform. Eitt þeirra er gagnkvæm félög, einkum á sviði trygginga. Eins og nafnið bendir til hafa þau sérstöðu. Starfshættir þeirra og verkssvið hafa t.d. verið skilgreind ólíkt því sem átt hefur við um íslensk kaupfélög.

Samvinnutryggingar störfuðu sem gagnkvæmt félag og voru skrásettar þannig meðal annarra samvinnufélaga. Sigurður G. Guðjónsson lögmaður vék réttilega að þessu í grein hér í Fréttablaðinu 20. júní sl. - en í sérstökum tilgangi eins og sjá má af grein hans.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi rektor Samvinnuháskólans.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




**BILLY WILDER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1906**

*„Leikstjóri verður að vera allt í senn lögreglumaður, ljósmóðir, sálgreinandi og skepna.*

***Billy Wilder, sem skapaði sér nafn með kvikmyndum á borð við Some Like It Hot (1959) og Sunset Blvd. (1950), um starf sitt sem kvikmyndaleikstjóri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. JÚNÍ 1977

## *Fyrsti ríkissaksóknarinn fangelsaður*

Á þessum degi árið 1977 hóf John Mitchell (1913-1988) fangelsisafplánun fyrir glæpi sína í Watergate-hneykslinu og varð þar með fyrsti ríkissaksóknari Bandaríkjanna til að fara í steininn.

Mitchell, sem var fæddur í Detroit, lagði stund á lögfræði við Fordham-háskóla í New York og varð fljótt dugmikill lögfræðingur. Árið 1967 sameinaðist lögfræðistofan sem hann starfaði hjá, fyrirtæki Richards M. Nixon, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, sem varð til þess að líf hans breytti um stefnu.

Ári seinna hafði Mitchell umsjón með árangursríkri kosningaherferð Nixons í forsetakosningunum, sem átti sinn þátt í því að hann varð ríkissaksóknari 1969. Þremur árum síðar sagði Mitchell af sér til að geta stýrt annarri kosningaherferð fyrir Nixon, svo hann næði endurkjöri sem forseti, og hóf almenn lögfræðistörf eftir það.



Mitchell var sóttur til saka af dómstólnum í New York árið 1973, ákærður fyrir að hindra framgang réttvísinnar í rannsókn á leynilegum fjárframlögum í kosningasjóð Nixons. Hann var sýknaður 1974, en stefnt sama ár fyrir samsæri og aðrar sakir í Watergate-hneykslinu. Hann hlaut átta ára skilorðsbundinn dóm í Washington D.C. 1975.

Mitchell hóf fangelsisafplánun árið 1977, eftir að áfrýjunum hafði verið vísað frá. Hann var náðaður í ársbyrjun 1978 og starfaði sem viðskiptaráðgjafi, eftir að hafa verið sviptur málflutningsleyfi.

## MERKISATBURÐIR

**1938** Tveimur árum eftir að Þjóðverjinn Max Schmeling sigraði Bandaríkjamanninn Joe Louis í hnefaleikum, sem Adolf Hitler áleit vitnisburð um yfirburði nasista, náði Louis að rota Schmeling þegar þeir öttu aftur kappi.

**1941** Þjóðverjar gerðu innrás í Sovétríkin með því að senda meira en þrjár milljónir fótgönguliða yfir landamærin. Þar með rufu þeir griðasáttmála sem ríkin tvö höfðu gert með sér.

**1944** Franklin Roosevelt undirritaði sáttmála, sem varð til þess að uppgjafarhermenn fengu kennslugjöld, ódýrt veð og önnur fríðindi.

## AFMÆLI



**Steingrímur Hermannsson** fyrrverandi forsætisráðherra, er 79 ára.



**Þór H. Tulinius** leikari er 48 ára.

**Meryl Streep** leikkona er 58 ára.



**Eyrún Magnúsdóttir** sjónvarpskona er 28 ára.





**GÖNGUGARPUR** Sigfús Gunnarsson gerði sér lítið fyrir og skellti sér í fyrsta skipti á Hvannadalshnúk. Hann lét tilhugsunina um fjórtán tíma göngu ekki aftra sér og útilokar ekki að fara aftur ef rétt veðurskilyrði eru fyrir hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SIGFÚS GUNNARSSON:** GEKK Á HVANNADALSHNÚK Í FYRSTA SINN

# Lét gamlan draum rætast

Sigfús Gunnarsson, starfsmaður Íslandspósts, lét gamlan draum rætast, þegar hann gerði sér nýlega lítið fyrir og gekk á Hvannadalshnúk í fyrsta sinn á ævinni.

„Ég hafði virkilega gaman af ferðinni, enda veður gott og útsýnið alveg einstakt,“ rifjar Sigfús upp, sem gekk ásamt sjötíu öðrum starfsmönnum Íslandspósts. Hann segir ferðina hafa verið farna fyrir tilstuðlan tiltekinna starfsmanna innan fyrirtækisins, sem hafa tekið upp heilsusamlega lífshætti.

„Þetta var mín fyrsta ferð á Húkinn,“ heldur hann áfram. „Ég hef nú oft keyrt þarna framhjá og ætlað að skella mér upp eftir. En tilhugsunin um að keyra alla leið austur, gista um nóttina, ganga í fjórtán tíma daginn eftir og keyra svo í bæinn, hefur aftrað mér. Ætli ég hafi bara ekki verið of latur til að nenna að standa í öllu þessu brölti.“

Eða þar til nú og segir Sigfús ástæðuna helst þá að hópnum hafi gefist kostur á að gista í tvær nætur á Hótel Skaftafelli. Þar af leiðandi hafi starfsmennirnir getað hvílt lúin bein eftir alla gönguna, enda ekki vanþörf á ef marka má Sigfús.

„Þetta eru náttúrlega fjórtán tímar,“ segir hann. „Þarna er mjög bratt í byrjun, sem er gott því þá finnur fólk samstundis hvort það hefur nógu mikið þrek til að halda áfram. Enda erfitt að ætla að snúa við þegar upp á jökulinn er komið, því þá þurfa menn að gera það upp á eigin spýtur. Þess vegna hættu tveir við strax í upphafi, en restin fór alla leið. Mér finnst það bara nokkuð gott miðað við sjötíu manna hóp.“

Að sögn Sigfúsar var hann, líkt og aðrir meðlimir í hópnum, búinn að undirbúa sig fyrir gönguna eftir leiðbeiningum frá leiðangursstjórunum, þeim Haraldi Ólafssyni og Ingþóri Bjarnasyni. Til marks um það hafi hann nokkrum sinnum gengið á Esjuna og farið á Snæfellsjökul mánuði áður. Þar að auki sé hann búinn að hjóla og skokka í fjölmörg ár, enda mikið fyrir útivist.

En skyldi göngugarpurinn ætla að gera framhald á göngunni á Húkinn? „Nei, ég er nú ekki viss um það,“ svarar hann. „Ég er svo hræddur um að verða fyrir vonbrigðum, ef veðrið verður ekki eins gott og síðast. Annars ætla ég ekki að útiloka neitt, enda á maður víst aldrei að segja aldrei. Þannig að hver veit, ef veðurspáin er góð.“

roald@frettabladid.is




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Stefánsson**

fyrrv. flugvallarvörður í Norðfirði, Þelamörk 1b, Hveragerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 19. júní.

**Kristín Munda Kristinsdóttir**
**Stefán Karl Harðarson Sólveig Margrét Magnúsdóttir**
**Kristinn Grétar Harðarson Aðalheiður Ásgeirsdóttir**
**Hörður Harðarson Anna Margrét Pétursdóttir**
**og barnabörn.**

†



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ingileifar Bryndísar Hallgrímsdóttur**

Lynghaga 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki B4 Landspítala í Fossvogi og starfsfólki Sóltúns fyrir einstaka alúð og hlýhug í veikindum hennar.

**Hallgrímur Gunnarsson Steinunn Helga Jónsdóttir**
**Gunnar Snorri Gunnarsson**
**Áslaug Gunnarsdóttir Þór Þorláksson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Árnadóttir**

hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, áður til heimilis að Asparfelli 10, Rvk,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 18. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Sigurbjörg Pétursdóttir**
**Guðbjörg Aðalheiður Pétursdóttir Hallgrímur Friðriksson**
**Áslaug María Sigurbjargardóttir Ólafur Sævarsson**
**Atli Þór Alfreðsson**
**Linda Ósk Valdimarsdóttir**
**Ratan Pétur Friðrik Hallgrímsson**
**Mamata Björk Hallgrímsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og frænka,*

**Jónfríður Valdís Bjarnadóttir**

Mosabarði 15, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 12. júní sl. Útför verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. júní kl.15.00.

**Kristófer Bjarnason**
**Róbert Örn Kristjánsson**
**Elsa Esther Kristófersdóttir Bárður Þór Sveinsson**
**Alexandra Ýr**
**Bjarni S. Kristófersson Gunnþóra Rut Bragadóttir**
**Elsa Esther Valdimarsdóttir**
**Bjarni Gissurarson**
**Gissur Bachmann Bjarnason Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Dagbjört Jóna Bjarnadóttir Magnús Halldórsson**
**Sævar Örn Bjarnason Anna Bjarnadóttir**
**Valdimar Bjarnason Kolbrún Hjálmtýsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**Hinn 26. júní 1982 voru Þuríður K. Þorbergsdóttir og Gísli Gunnarsson gefin saman í Glaumbæjarkirkju.**

Í tilefni af því og fleiri tímamótum á árinu bjóðum við til garðveislu í Glaumbæ laugardagskvöldið 23. júní og hefst hún klukkan 20.00. Klæðnaður eftir veðri, en vonast er eftir miðnætursól.



**50 ára**

**Jóna Th. Viðarsdóttir**

formaður Hundaræktarfélags Íslands, er 50 ára í dag.

Á þessum tímamótum bjóða Jóna Theodóra og Magnús Jónatansson ættingjum og vinum til veislu í Rafveituheimilinu Elliðaárdal í kvöld milli kl. 18 og 21.

Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu

***Veldu speltpylsubrauð frá Myllunni***

# Nýtt!




# Myllu Speltpylsubrauð

## Veldu frekar nærandi og trefjaríku Myllu speltpylsubrauðin

Nýju pylsubrauðin frá Myllunni eru bökuð úr spelti, sem margir velja fremur en annað korn til matargerðar vegna næringargildis síns og hollustu. Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára og er nú afar vinsæl um allan heim vegna jákvæðra eiginleika sinna fyrir líkamlegt atgerfi.

***Komdu við í næstu búð og veldu Myllu speltpylsubrauð fyrir þig og fjölskylduna.***

Spelti er óhemju góð uppspretta ríbóflavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess að vera uppspretta ýmissa steinefna, s.s kopars, járns, mangans og zinks. Spelti inniheldur mikilvæg steinefni og hyaluronsýru, sem inniheldur m.a. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi í augum og liðum líkamans. *Sjá nánar á www.myllan.is*

Myllu Spelt PYLSUBRAUÐ

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**Hafðu það gott. Kauptu Myllu speltpylsubrauðin reglulega.**

www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.






# STUÐ MILLI STRÍÐA Martröð á Jónsmessunótt

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ÆTLAR EKKI AÐ VELTA SÉR UPP ÚR DÖGGINNI Í ÁR



Jónsmessa er á sunnudaginn en af ákveðnum ástæðum hef ég ákveðið að gera ekkert sérstakt af því tilefni í ár frekar en síðustu ár. Þegar ég var yngri var ég hins vegar miklu duglegri og prófaði ýmislegt, eins og að stökkva yfir sjö girðingar og tína sjö blóm, sitja næturlangt á krossgötum og velta mér upp úr dögginni.

Eftirminnilegust er óneitanlega Jónsmessunóttin þegar ég var svona átján ára. Þá var ég heima á Húsavík og var á rúntinum með vinkonu minni þegar við sáum að það hafði rignt aðeins fyrr um kvöldið. Okkur fannst þetta því alveg tilvalið tækifæri til þess að velta okkur upp úr dögginni og ákváðum að drífa í því.

Þar sem við vildum ekki að neinn sæi okkur við þetta athæfi ákváðum við að keyra upp á heiði fyrir ofan bæinn og stoppuðum ekki fyrir en engin merki sáust um hann nema Húsavíkurfjallið sem virtist nær en nokkru sinni fyrr. Þar sem við töldum okkur vera fullkomlega öruggar um að enginn sæi okkur þarna klæddum við okkur úr hverri flík og veltum okkur samviskusamlega upp úr blautu lyngi. Ég get alveg viðurkennt að þetta var ekki það þægilegasta sem ég hef gert en óneitanlega mjög skemmtilegt og við hlógum mikið.

Það var ekki fyrr en við vorum á leiðinni aftur niður af heiðinni sem það rifjaðist allt í einu upp fyrir mér að í bæjarblaðinu hafði nokkrum dögum áður verið auglýst Jónsmessunæturganga upp á Húsavíkurfjall. Ég get ekki lýst því hvað við vinkonurnar vonuðum innilega á því augnabliki að enginn hefði haft vit á því að taka með sér kíki í þá göngu – hvað þá myndavél með aðdráttarlinsu!

Það fyndnasta við þetta áhættu- og nektaratriði allt finnst mér samt að ég hafði á þessum tíma ekki hugmynd um hvaða tilgangi það átti að þjóna að velta sér upp úr dögginni á Jónsmessunótt og hef það eiginlega ekki enn þann dag í dag.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði



# 36 á annarri
# 32 á hinni



### Gómsætt í veisluna

- Skerðu ferskt kjötið í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa kjötinu í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnukjötið eru líka frábært hrátt sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

**Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskt úrvals hrefnkjöt á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.**

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo er það þægilegt í matreiðslu.

Þú getur fengið girnilegar uppskriftir og upplýsingar á www.hrefna.is

Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:

NÓATÚN KRÓNAN Samkaup úrval nettó FK FJARÐARKAUP

KJARVAL Melabúðin Þín verslun KASKO

**Hrefnuveiðimenn**
www.hrefna.is

# „Þetta er rómantík og nostalgía náttúrlega“

**Römm er sú taug... Sigurjón Jóhannsson, leikmyndahönnuður og listmálari, opnar sýningu í Bræðslunni á Siglufirði í dag. Þar heldur hann áfram rannsókn sinni í stórum vatnslitamyndum á þeim heimi sem nú er löngu horfinn: síldarárunum á Sigló.**

„Ég rankaði við mér til lífsins í þessum slag,“ segir Sigurjón um bernskuár sín á Siglufirði þá síldarævintýrið stóð sem hæst. Hann hefur lagt sig eftir að festa þann heim á örk með vatnslitum: „Það eru svona tuttugu ár síðan og í fyrstu ekki af mikilli alvöru og af einhverju tilefni sem ég man ekki hvert var, en svo smátt og smátt tók þetta yfir. Ég er að skýra frá þessari reynslu, þessum tíma sem aldrei verður aftur. Þetta síldarævintýri sem tók aðeins tvær kynslóðir, sextíu ár. Birtist síldin aftur verður hún ekki unnin svona. Þetta er rómantík náttúrulega og nostalgía sem ég er ekkert að sneiða hjá. Ég rækta hana og hef gaman af henni. Ég kalla þessar myndir alþýðurómantík. Ég vinn þessar myndir allar í vatnslitum. Það er efni sem ég hef ekki getað slitið mig frá og komist upp á lag með að nota.“

### Mótíf úr atvinnulífi horfin

Sigurjón er ekki sá eini sem unnið hefur skipulega með myndefni frá síldarárunum. Arnar Herbertsson hefur sótt þangað myndefni í litlar olíumyndir: „Við erum þeir einu sem höfum skipt okkur af þessu myndefni. Í rauninni eru sárafáir málarar sem skeyta um sjávarsíðumótíf, eiginlega engir. Mitt sjónarhorn er ansi þröngt. Það er bara síldin. Ég held mig við þennan reynsluheim sem ég þekki út og inn. Þetta eru orðnar ansi margar myndir sem ég hef málað á þessum tuttugu árum. Fleiri hundruð myndir. Þær hafa farið helvíti víða. Menn kaupa þetta til gjafa. Þetta er orðinn heimur sem ég hef skapað og ég fer inn í þann heim. Þær eru keimlíkar að því leytinu.“

Á sýningunni í Gránu sem opnar í dag eru uppi 24 stórar myndir. Grána er nýtt hús, byggt á árunum 1999 til 2000. Þar eru uppsettar vélar og tæki til að sýna íslensku síldarverksmiðjuna á árunum 1935-45. Síldarminjasafnið hlaut fyrir sýningarnar í Gránu og Róaldsbrakka Evrópsku safnaverðlaunin 2004, og var þá kjörið besta nýja iðnaðarsafn Evrópu. „Þar uppi er mjög fallegt svalaloft og gallerí og þar ætla ég að sýna þessar myndir. Í Gránu er mjög merkilegt sýningarhald eftir Örlyg Kristfinnsinsson safnstjóra. Þetta er í rauninni innsetning á bræðslusögunni og djásnið í þessari innsetningu hans er kvikmynd Þorgeirs Þorgeirsonar, Maður og verksmiðja sem svarar því sem þarna fyrir augu ber mjög skemmtilega.“ segir Sigurjón.

### Jónsmessuhátíðin

Sýningin hans er hluti af hátíðahöldum nú um helgina: „Þetta hefst núna á Jónsmessuhátíðinni – hundrað ára afmæli Róaldsbrakka. Þar verður lesið úr Guðsgjafaþulunni hans Halldórs. Þar eru fjöldamörg minni sem má rekja til Siglufjarðar. Eins og til dæmis geitin: geitin er staðreynd. Faðir minn sagði mér frá henni alltaf heldur dapur, því geitin gekk um og snikti tóbak og brennivín af mönnum. Það eru sögur eins og þessar sem leita inn í myndheim minn í þessum verkum.“

Róaldsbrakki er eitt húsanna sem mynda hið einstaka Síldarminjasafn á Siglufirði. Hann á hundrað ára afmæli í ár, var reistur 1906-1907 af Ole Tynes fyrir Olaf Roald í Álasundi.

### Rómarganga

Sigurjón fór suður um tvítugt. Hann sótti fyrst suður til Rómar í arkitektanám einn vetur áður en hann settist í Handíða- og myndlistaskólann. Þá var skólinn tveggja ára nám. Þar voru þá við nám nokkrir þeirra sem síðar urðu nýjungamenn í íslenskri myndlist: Sigurjón, Tryggvi Ólafsson, Þórður Ben og Hreinn Friðfinnsson. Hefur upphaf íslenska poppsins í myndlistinni verið rakið til ferðar þeirra Hreins og Sigurjóns til London 1964. Og inn í þá mynd kemur Dieter Roth. Hann og Richard Hamilton sem er talinn fyrstur manna til að draga staðalímyndir auglýsinga inn í myndlist Evrópu á miðjum sjötta áratugnum voru í samstarfi.



**MYNDLIST** Sigurjón Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Leikhúsbaktería

Þegar Sigurjón kom heim úr Bretlandsferðinni tók hann að vinna verk með klippitækni og sýndi þau á upphafssýningu SÚM sumarið 1965. Klippimyndir segist hann hafa unnið mest fram yfir 1970 og æ síðan en þá var leikhúsið búið að ná honum á sitt vald. Hann vann í upphafi í nokkrum sýningum Grímu með samstarfskonum sínum til margra ára, Bríeti Héðinsdóttur og Brynju Benediktsdóttur.

„Eftir það beindist öll mín viðleitni að því að komast inn í leikhúsið. Ég fór til Kaupmannahafnar 1968 og vildi læra en það var tilraunadeild við Konunglega listaháskólann sem kenndi leikmyndagerð. Þar komst ég í sambönd sem gáfu mér aðgang að leikhúsum, en leikhúsheimurinn er lokaður heimur og vill verja sig. Næstu árin tók ég hvaða starf sem var í leikhúsum í Kaupmannahöfn til að læra fagið.“

### Fjörutíu ára ferill

Sigurjón á nú að baki yfir fjörutíu ára feril í leikhúsi og yfir hundrað leikmyndir og hann viðurkennir fúslega að það sé hans heimahagi, þar vilji hann helst vinna. En vinna í leikhúsi vill leggjast í tarnir. Bríet Héðinsdóttir skrifaði fyrir mörgum árum grein í málgagn Leiklistarsambandsins þar sem hún staðhæfði að íslenskt leikhús þjáðist af nýjungagirni og hafnaði reynsluríku fólki. Um þessar mundir má sjá þess merki: reynslulitlum leikstjórum er hampað en hinum eldri parkerað. Miðað við aldur og fyrri störf á maður eins og Sigurjón ekki bjarta framtíð í íslenskum leikhússtofnunum, spyrjum við?

### Öllum sturtað út

„Leikhúsið virðist ekki kæra sig um áratugareynslu starfsmanna sinna nema upp að ákveðnu marki. Nýir menn njóta gjarnan uppsveiflu. Svona fyrstu árin. Þeim er tekið tveim höndum. Svona var mér tekið. Ég var settur í fast djobb í Þjóðleikhúsinu og fékk alltof mikið að gera. Svo er reglan sú að það smám saman fjarar undan þeim nema þeir hafi einhver ráð uppi í erminni til að hamla því. Í stærra samhengi, í meira fjölmenni, eru menn í tvo áratugi að vinna sér þegnskap í greinunum. Þá eru þeir komnir á það plan sem tryggir þeim nokkuð stöðug verkefni. Þetta er þveröfugt hér. Hér er öllu sturtað út á efri árum. Það eru undantekningar á þessu sem eiga helst við um leikara og Gunnar Eyjólfsson er alveg dásamlegt dæmi um það. Geri aðrir betur. Eða Herdís. Það er mjög gott að hafa þetta fólk hjá sér með alla sína reynslu,“ segir Sigurjón.

Í samanburði við aðrar greinar listanna í öðrum löndum: klippara í kvikmyndum og listræna stjórnendur, suma leikstjóra sem vinna eins lengi og þeir hafa þrek til sumir, hljómsveitarstjóra og myndlistarmenn er íslenskt leikhús sér á parti. „Samanburður sem þessi er ansi skemmtilegur og lýsandi,“ segir Sigurjón og glottir. Sýningin á lofti Gránu stendur í átta vikur. **pbb@frettabladid.is**

RÝMINGARSALA
allar vörur með
70-90%
afslætti
TOPMAN
SMÁRALIND I 522 8383



**FORRITIÐ SKYPE ER TIL MARGRA HLUTA NYTSAMLEGT** Ásdís Sif Gunnarsdóttir fer ótroðnar slóðir og flytur gjörninga sína eftir óravíddum netsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fremur myndlistarljóð

Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður hefur verið upptekin á sunnudagssíðdögum frá því í janúar því þá svarar hún kalli listfúsra notenda samskiptaforritsins Skype. Ásdís Sif fær upphringingar hvaðanæva að úr veröldinni í gegnum símforrit þetta og segir verkefnið hafa tekist afar vel. „Þetta hefur verið alveg ofboðslega spennandi, þetta er mjög skemmtilegt form. Ég hef verið með gjörninginn milli klukkan fimm og sex á sunnudögum, að íslenskum tíma.“

Fólk hringir inn og Ásdís svarar með einnar til tveggja mínútu löngum gjörningi sem hún líkir við myndlistarljóð. Hún segir það fara alveg eftir stemningu dagsins hvernig gjörningarnir verða og þannig virki þeir einnig eins og dagbók um líf hennar.

Hróður verkefnisins hefur borist víða og á dögunum tók Ásdís til að mynda þátt í sýningu í Glasgow þar sem hún „svaraði“ hringingum allt kvöldið. „Vinkonur mínar sem fóru á myndlistarmessuna í Basel settu líka upp tölvu þar og hringdu í mig,“ segir Ásdís.

Hún segir að sýningarnar undanfarið hafi verið ákveðinn hápunktur á verkefninu og segist vera að íhuga að taka sér smá frí frá þessari sunnudagsskuldbindingu. „Ég er búin að vera að frá því í janúar og er að spá í hvort ég ætti að halda áfram. Ég geri það pottþétt en hugsa samt að ég taki mér tveggja vikna frí,“ segir hún sposk.

Ásdís Sif er reyndar á förum til hinnar fögru borgar Prag þar sem hún mun endurvekja gjörningalist sem kennd er við „Leikhús listamannanna“ ásamt tíu öðrum listamönnum sem tengjast gallerí Kling & bang. En þegar hún snýr aftur geta áhugasamir lesendur slegið á tölvuþráð til hennar. Notendanafnið hennar er asdissif og hún mun an efa koma hlustendum sínum á óvart. **- khh**


Íslenskt tónlistarsumar
Nýjar íslenskar geislaplötur í næstu verslun
Topp lög
5CD
100 íslensk 80's lög
Frábær plata
JÓGVAN
Jógvan
CORTES
Garðar Cortes
Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfad. - Vorvísur
Hvanndalsbræður
Hvanndalsbræður - Skást of
ÓSKALÖG sjómanna
2CD
Óskalög sjómanna
Icelandic folksongs
Skoppa og Skrítla á söngferðalagi
Skoppa og Skrítla á söngferðalagi
LJÓTU HÁLFVITARNIR
26. júní
Ljótu hálfvitarnir
Í brekkunni
2CD
2. júlí
Í brekkunni
sena
okkar heimur // þín skemmtun

# Af þessum heimi

Ljósmyndasýningu Katrínar Elvarsdóttur í Listasafni ASÍ við Freyjugötu lýkur um helgina.

Sýningin ber yfirskriftina „Af þessum heimi“.

Katrín útskrifaðist frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur tekið þátt í fjölda einka- og samsýninga á Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu, en hún býr og starfar í Reykjavík.



KRINGLU KRÁIN
Stór Dansleikur
FÚSTARNIR
í kvöld
Söngvarar: Stefán Jónsson, Andri Backmann, Geir Ólafsson

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 23/6 kl. 20 UPPS. Sun 24/6 kl. 20 UPPS.
Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðustu sýningar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




GAY BALL
Í IÐNÓ
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 22. MAÍ
FRÁ KL. 23 – 03
DJ ÞÓRIR OG DJ ANDY ÞEYTA SKÍFUM
SAMTÖKIN ´78
THULE

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

19 20 21 22 23 24 25

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 Tónlistarhátíðin **Við djúpið** á **Ísafirði**. Í hádeginu heldur tónlistarhópurinn **Aton** tónleika á **Silfurtorgi** kl. 12.15 en í kvöld leikur hópurinn ásamt **Evan Ziporyn** og **Christine Southworth** í **Edinborgarhúsinu** kl. 20. Nánari upplýsingar á heimasíðunni **www.viddjupid.is.**

☐ 22.00 Gítarleikarinn **Rory Stuart** heldur tónleika á skemmtistaðnum **Highlander**, **Lækjargötu 10**. Með **Rory Stuart** leika þeir **Agnar Már Magnússon** á orgel og **Scott McLemore** á trommur.

#### SÝNINGAR

☐ 11.00 **Helga Sigurðardóttir** sýnir **galleríinu Art-Iceland**. Hafið í öllum sínum margbreytileika er áhrifamáttur sýningarinnar. Sýningin ber heitið **Mar**. Sýningin er opin 11-18 virka daga og 11-16 á laugardögum.

☐ 11.00 **Rannveig Ásbjörnsdóttir (Ransý)** sýnir á **Geysir bistro & bar** Aðalstræti 2. Listakonan sýnir vatnslitamyndir en yfirskrift sýningarinnar er **Landslag og blóm**. Staðurinn er opinn alla daga frá 11-22.

☐ 12.00 **Björn Ásbjörnsson** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**, Þverholti 2. Verkið **Bönd** tengist hugleiðingum um hjónaband, ættarband og tímann. Grunnur verksins er í norrænni goðafræði og gerir Bergsteinn tilraun til að gera tímans bönd sýnileg. **Listasalur Mosfellsbæjar** er opinn virka daga kl. 12-19 og lau 12-15.

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 11.00 Í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan**, **Astri Luihn**, **Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Listamennirnir vinna með ýmsum aðferðum og útfrá ólíkum hugmyndum en eiga það sameiginlegt að búa og starfa utan þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri. Sýningin stendur til 24. júní en safnið er opið alla daga nema mánudaga milli 11-17.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Sýningar á söguloft**

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
**Júní:** 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
**Júlí:** 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
**Ágúst:** 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



JÓN NORDAL TÓNSKÁLD

# Hljóðrituð verk eftir Jón Nordal

Þessa dagana standa yfir hljóðritanir á þremur verkum eftir Jón Nordal á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins. Stjórnandi er Petri Sakari sem kemur sérstaklega til landsins af þessu tilefni en þessi fornvinur hljómsveitarinnar hefur stýrt fjölmörgum tónsmíðum Jóns um árabil, bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og öðrum sveitum víðar um heiminn, og hefur því staðgóða þekkingu á verkefninu.

Rás 1 átti frumkvæði að þessu áhlaupaverki en það eru Konsert fyrir hljómsveit frá 1949, Canto elegiaco frá 1971 fyrir selló og hljómsveit og Epitafion fyrir strengi, tréblásara og slagverk frá 1974 sem verða hljóðrituð.

Næsta starfsár stendur til að hljóðrita einnig Brotaspil (1962) og Concerto lyrico (1975) fyrir hörpu og strengi.

Þessi hljómsveitarverk eru ýmist til í áratuga gömlum upptökum hljómsveitarinnar eða þau hafa ekki verið hljóðrituð af hljómsveitinni. Því var ákveðið að ráðast í þetta brýna verkefni.

Með því er einnig vonast til að bregða upp enn gleggri mynd af tónsmíðaferli Jóns en verkin eru mörg samin tiltölulega snemma á ferli tónskáldsins. Það elsta, Konsert fyrir hljómsveit, samdi Jón einungis 23 ára gamall um það leyti sem hann útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Jón Nordal hefur verið viðstaddur upptökurnar sem lýkur í dag.

Einleikari í Canto elegiaco er Bryndís Halla Gylfadóttir. Bjarni Rúnar Bjarnason tónmeistari og Ólafur Thoroddsen tæknimaður sjá um hljóðritanir á vegum Rásar 1. Að sögn Bjarna Rúnars hefur vinnan við þessi verk verið afar ánægjuleg. „Þetta er kvalitetstónlist og gerist ekki betri hér. Jón er slíkur öðlingur að starfa með.“

Bjarni hefur verið starfandi við hljóðritanir á vegum Ríkisútvarpsins í nær aldarfjórðung. Hann segir starf tónmeistara vera að tengja saman hina tæknilegu hlið og listamennina, hljóðfæraleikara, hljómsveitarstjóra og tónskáldið ef það er á staðnum. Hann segir menn nota frá tveimur upp í fjörutíu hljóðnema eftir aðstæðum en þeir hjá RUV hljóðriti beint í steríó. Þannig vinni þeir bæði fyrir útsendingar á Rás 1 og einnig erlend fyrirtæki, Naxos og Chandos.

Jón Nordal er fæddur 1926 í Reykjavík. Hann stundaði píanónám hjá Árna Kristjánssyni og tónsmíðanám hjá Viktori Urbancic og Jóni Þórarinssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík en þaðan útskrifaðist hann 1949 og fór þá til Zürich í Sviss í framhaldsnám. Heimkominn gerðist hann mikilvirkur píanóleikari, tónskáld og kennari en Jón gegndi stöðu skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík um árabil. Hann hefur auk þess starfað ötullega að félagsmálum tónskálda hér á landi.

Jón hefur samið fyrir ýmsar hljóðfærasamsetningar, hljómsveitir, kammerhópa, einleikshljóðfæri og kóra en langflest verka hans frá liðnum árum eru fyrir kóra. Nýjasta verk hans var einmitt frumflutt af Hamrahlíðarkórnum við setningu Listahátíðar í Reykjavík í maí síðastliðnum. Fáum blandast þó hugur um að framlag Jóns til íslenskrar hljómsveitartónlistar er einstakt enda lagði hann sig sérstaklega eftir því framan af ferli sínum að auðga íslenskar hljómsveitarbókmenntir. Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnaði áttræðisafmæli Jóns í fyrra með glæsilegum tónleikum þar sem Ásdís Valdimarsdóttir, Einar Jóhannesson, Erling Blöndal Bengtsson, Guðný Guðmundsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson fluttu fjóra konserta Jóns ásamt hljómsveitinni.

**pbb@frettabladid.is**

Treystu fagfólki fyrir þínu teiti
Veislu- og fundaþjónusta með 30 ára reynslu
Nýtt og fullkomið hátæknieldhús og búnaður
Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana
Hágæða þjónusta og lipurð í framsetningu
Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir
Viðburðarstjórnun, ráðgjöf og skemmtikraftar




Skoðaðu sali, veitingar, þjónustu á **teiti.is**
**Teiti** veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

## NÝJAR BÆKUR

Út er komið fræðiritið **Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld.** Verkamannafélagið Dagsbrún hefði orðið 100 ára 26. janúar í fyrra en um svipað leyti var liðin hálf öld frá stofnun Bókasafns Dagsbrúnar. Af því tilefni buðu Elfing-stéttarfélag og ReykjavíkurAkademían til ráðstefnu í Iðnó. Þar fluttu sjö fræðimenn erindi um ýmis efni sem tengjast verkalýðshreyfingunni og áhrifum hennar á samfélag 20. aldar en einnig var sjónum beint að nútímanum og hvert stefna skyldi. Erindi þessi eru nú gefin út í riti, aukin og endurbætt. Þar fjalla þjóðfélagsfræðingar, sagnfræðingar og bókmenntafræðingar um framleiðsluhætti, stjórnmál, stöðu kynjanna, húsnæðismál, velferðarkerfi og fleira er tengist þessu fróðlega viðfangsefni. Meðal höfunda greinanna eru félagsfræðingarnir Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ingólfur Gíslason og Stefán Ólafsson, sagnfræðingarnir Guðmundur Jónsson og Ólöf Garðarsdóttir og bókmenntafræðingurinn Viðar Hreinsson. Formála ritar Sigurður Bessason en ritstjórar eru Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir. Ritið er fáanlegt hjá Eflingu-stéttarfélagi, ReykjavíkurAkademíunni og Bókasafni Dagsbrúnar.



Forlagið Bjartur gefur út ítölsku skáldsöguna **Hver er Lou Sciortino?** eftir Ottavio Cappellani. Hver er Lou Sciortino? er léttleikandi átakasaga um ítalsk-ættaðan Ameríkana sem er að feta sín fyrstu spor á glæpabrautinni. Eftir misheppnað upphlaup í Ameríku er Lou Sciortino sendur til Sikileyjar, þar sem hann á að sitja við fótskör mafíuforingja umdæmisins. Á Sikiley kynnist hann alvöru átökum og klassískum aðferðum mafíunnar við að kveða þau niður. Bókin er bráðfyndin háðsádeila á skipulagða glæpastarfsemi og misvitra harðjaxla. Höfundurinn Ottavio Cappellani er fæddur í Catania, á Sikiley, árið 1969 og býr þar enn. Að öðru leyti hefur hann komið víða við. Hann er heimspekimenntaður. Hann hefur keppt á Ólympíuleikunum. Hann starfar sem blaðamaður og dálkahöfundur fyrir nokkur ítölsk dagblöð. Hann er tónlistarmaður og textahöfundur í eigin póst-pönk hljómsveit. Auk þess er hann ólívubóndi. Hver er Lou Sciortino er hans fyrsta bók. Þýðandi er Paolo M. Turchi. Bókin er fertugasta og önnur bókinni í neon-röðinni, en neon er ritröð þar sem það besta sem er verið að skrifa úti í hinum stóra heimi birtist hratt og örugglega í glæsilegum íslenskum þýðingum. Fjórar til sex bækur koma út á ári í neon-flokknum.




LÉTT BYLGJAN 967









Whistles

Útsalan
er hafin

30-70%
afsláttur

Whistles | Kringlunni | sími 517-5790 | www.whistles.co.uk





> Í SPILARANUM

**Traveling Wilburys** - The Traveling Wilburys
**Marc Almond** - Stardom Road
**The White Stripes** - Icky Thump
**Queens of the Stone Age** - Era Vulgaris
**Perfect Disorder** - White Trash Lullabies

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Týndust í Liverpool

Rokksveitin Gavin Portland er á tónleikaferð um Bretland sem stendur yfir til 2. júlí. Fyrst hitar sveitin upp fyrir Hell is for Heroes en eftir það heldur hún nokkra tónleika ein og sér.

„Þetta hefur gengið ágætlega. Þetta eru stærri staðir en við erum vanir, þannig að þetta er upplifun fyrir okkur,“ segir söngvarinn Kolbeinn Þór Þorgeirsson, sem býr í Englandi. „Við erum þyngsta bandið í „line-up“-inu og maður sér að sumir eru ekki alveg að fíla það en okkur er alveg sama. Þó svo að það væri bara einn af þrjú hundruð sem fílar okkur þá væri það alveg nóg því þetta fólk hefur engan sjéns í að heyra í okkur annars.“



**GAVIN PORTLAND** Rokkararnir í Gavin Portland eru á tónleikaferð um Bretland.

Gavin Portland hefur þegar spilað í Liverpool en Kolbeinn segir þá félaga ekkert hafa getað skoðað sig um í borginni. „Við eiginlega týndumst í Liverpool í tvo tíma og hlupum inn rétt fyrir „sándtékkið“. Hinar hljómsveitirnar eru allar með leiðarkerfi í bílunum sínum en við erum bara með gömlu góðu kortabókina,“ segir Kolbeinn og bætir við: „Við komum náttúrlega úr hardcore-pönksenunni og erum vanir harki og því að hlutirnir séu einfaldir. Við erum bara komnir til að spila og spjalla við fólk og allar hugmyndir um baksviðsherbergi og umboðsmenn eru svolítið undarlegar.“

- fb




> Plata vikunnar

Jógvan
Jógvan
★★★
„Besta íslenska Idol/X-Factor-platan til þessa og það frá Færeyingi.“



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Plata 20. aldarinnar þrítug*

Þriðja júní sl. voru liðin 30 ár frá útkomu plötunnar Exodus með Bob Marley & The Wailers. Exodus er að mati margra besta plata Marleys og ein af bestu plötum sögunnar. Til að halda upp á afmælið var platan nýlega gefin út í 30 ára afmælisútgáfu, eða útgáfum réttara sagt þar sem það eru fimm mismunandi útgáfur í boði: Vínyll, CD, CD og DVD (með tónleikum í Rainbow Theater í London í júní 1977), 144 síðna harðspjaldabók (CD fylgir) og USB-minniskubbur. Exodus er fyrsta platan sem kemur út á því formi, en fleiri fylgja í kjölfarið, m.a. nýja White Stripes platan Icky Thump.




3. desember 1976 réðust 7 byssumenn inn á heimili Bob Marley í Kingston á Jamaíka og skutu á Marley sjálfan, eiginkonu hans Ritu og fleiri viðstadda. Þremur dögum seinna yfirgaf Marley Jamaíka og dvaldi næstu 16 mánuði í útlegð í London. Það var þar í Fall Out Shelter og Basing Street hljóðverunum sem efnið á Exodus og Kaya sem kom út árið á eftir var tekið upp. Sú pólitíska ólda sem ríkti á Jamaíka var þannig kveikjan að þessu meistaraverki Bob Marley.

Lögin tíu á Exodus eru öll frábær, en frægust eru sennilega titillagið, Natural Mystic, Jamming, Three Little Birds, One Love og Waiting In Vain. Exodus var fyrsta plata Marley til að fara á topp sölulistans í Bretlandi og hún hafði mjög mikil áhrif á tónlistarlífið þar. Þetta var í miðri pönkbylgjunni og pönkið og reggíið rugluðu saman reitum, m.a. hjá sveitum eins og Clash og Members.

Tímaritið Time útnefndi Exodus plötu 20. aldarinnar, en það val vakti á sínum tíma mikla athygli. Flestir hefðu veðjað á Bítlana, Dylan eða Beach Boys. Exodus er hinsvegar ekkert síður vel að titlinum komin (ef maður ætlar sér á annað borð þá firru að velja plötu aldarinnar) heldur en Abbey Road eða Pet Sounds. Þetta er fullkomin poppplata, en hefur um leið þjóðfélagslegan undirtón og eins og öll alvöru meistarastykki þá hljómar hún alltaf jafn fersk; – það er hreinlega ekki hægt að fá leið á henni.




# Langþráð endurútgáfa

**Tónlist hinnar goðsagnakenndu ofursveitar The Traveling Wilburys er nú loks fáanleg í fyrsta sinn í rúman áratug. Steinþór Helgi Arnsteinsson fór yfir feril sveitarinnar.**



**HETJUR** Hljómsveit með öðrum eins snillingum og voru í The Traveling Wilburys hefur aldrei litið dagsins ljós, hvorki fyrr né síðar.

Um mitt árið 1988 þurfti George Harrison að gera lag á b-hlið smáskífunnar This is Love sem hafði verið að finna á plötunni Cloud Nine þetta sama ár. Harrison hafði unnið mikið með Jeff Lynne, leiðtoga ELO, um þetta leyti en þeir fengu Tom Petty, Roy Orbison og Bob Dylan til að vinna með sér að lagi í hljóðveri þess síðastnefnda í Santa Monica í Kaliforníu. Eftir tvo daga varð til lagið Handle With Care og auðvitað áttuðu menn sig á því að þar var á ferð meira og merkilegra efni en eitthvað til þess að eyða á b-hlið. Að frumkvæði Harrison varð til hljómsveitin The Trembling Wilburys (Harrison og Lynne kölluðu ýmis tæki í hljóðverinu Wilbury sem var stytting á We'll bury them in the mix). Lynne stakk síðan upp á Traveling í stað Trembling sem allir samþykktu.

**Nelson, Otis og félagar**

Í lok árs 1988 kom síðan út platan Traveling Wilburys Vol. 1. Þrátt fyrir þessar kanónur innan borðs héldu þeir sig við leyninöfn og kölluðu sig Nelson (Harrison), Otis (Lynne), Lefty (Orbison), Charlie T. Jr. (Petty), Lucky (Dylan).

Þessi nýstofnaða hljómsveit varð hins vegar fyrir áfalli í desember sama ár þegar Roy Orbison lést sviplega. Sveitin ákvað hins vegar að halda áfram og var rætt um að Del Shannon (þekktastur fyrir slagarann sinn Runaway frá 1961) tæki stöðu Orbison. Shannon framdi hins vegar sjálfsmorð árið 1990.

**Þögnin langa**

Traveling Wilburys Vol. 3 leit síðan dagsins ljós í október árið 1990 og aftur breyttu þeir félagar nöfnum sínum. Margar sögusagnir hafa verið uppi um ástæður þess að Vol. 2 kom aldrei út, og segja sumir að það hefði verið í virðingarskyni við Orbison en aðrir telja að um einfalt grín hafi verið að ræða. Hvað sem því líður þá fékk Vol. 3 ekki nærri eins góðar viðtökur og fyrri platan, þó að platan hafi vissulega selst í milljónum eintaka.

Eftir því sem leið á áratuginn komu reglulega upp sögusagnir um að ný plata væri í bígerð en aldrei varð neitt meira úr þeim getspám. Plöturnar tvær voru síðan aldrei endurútgefnar sökum réttindaágreinings en réttindin voru í höndum Harrisons. Hann lést svo eins og margir vita árið 2001.

**Loks fáanlegir á ný**

Petty gaf síðan út í viðtali við XFM-útvarpsstöðina í Bretlandi að stefnt væri að endurútgáfu platnanna og Lynne staðfesti slíkt í viðtali við Q-tímaritið í febrúar síðastliðnum. Í dag hefur því langþráðum áfanga verið náð. Sett með báðum plötum Traveling Wilburys, auk mynddisks sem inniheldur myndbönd sveitarinnar og heimildamynd er nú fáanlegt um allan heim. Plötur sveitarinnar hafa fyrir þetta gengið kaupum og sölum á netinu og víðar og verið fáanlegar frá fjögur þúsund krónum og allt upp í rúmar tíu þúsund krónur.

Aðdáendur geta því tekið gleði sína á ný og hlustað á hið frábæra byrjunarlag Vol. 3, She's My Baby, skemmt sér yfir gömlu myndböndunum og fengið gæsahúð yfir Handle With Care á nýjan leik. Viðtökurnar láta heldur ekki á sér standa en platan fór í efsta sæti plötusölulistans í Bretlandi og hjá Amazon.

## BRENNSLAN B.SIG

Tónlistarmaðurinn B.Sig valdi lög eftir þá listamenn sem eru í mestum metum hjá honum. „Þessi listi var ótrúlega erfið fæðing,“ segir B.Sig sem náði þó að lokum að setja saman 10 laga lista.

**1. History - The Verve**
„Einn mesti töffari okkar tíma syngur hér taktfast í gegnum frábært lag.“

**2. Revolution Blues - Neil Young**
„Gæti valið endalaust af lögum eftir þennan mann. On The Beach einfaldlega ómissandi plata!“

**3. An American Trilogy - Elvis Presley**
„Mín fyrsta hetja á eftir Kevin Keegan. Svona á að gefa manni gæsahúð. Össss. Glory Glory Hallelujah!“

**4. Hello - Oasis**
„MAD FOR IT!“

**5. Jenny Wren - Paul McCartney**
„Hefði getað valið gott Bítlalag, nú eða eitthvað af sólóplötum þeirra. En þetta er eitt fallegasta lag sem hefur verið samið.“

**6. Everybody Knows This Is Nowhere - Neil Young**
„Mín uppáhalds plata með Neil-aranum og vel ég því titillagið. Mæli einnig með plötunni Silver & Gold, vanmetið kvikindi.“

**7. Gamla gasstöðin við Hlemm - Megas.**
„Þetta er svo svalt lag. Alveg hrikalega svalt lag.“

**8. I Live For You - George Harrison.**
„Þetta er svo fallegt lag. Alveg hrikalega fallegt lag.“

**9. The Rainbow/Eden/Desire - Talk Talk.**
„Hrein snilld í 23 mínútur. Headphones eru must! Takk, Lalli og Daddi.“

**10. Crap Kraft Dinner - Hot Chip**
„Þetta eru snillingar. Ég vildi ég hefði meira pláss fyrir fleiri lög!“



**B. SIG** Gaf nýverið út sína fyrstu plötu.


UPPSELT!
AUKATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR
THE WALL
STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
FIMMTUDAGINN 28. JÚNÍ KL. 19.30
AUKATÓNLEIKAR
Eitt mesta stórvirki rokksögunnar í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar og Dúndurfrétta, sem áður hafa slegið rækilega í gegn með vönduðum flutningi á mörgum rokkperlum.
FÖSTUDAGINN 29. JÚNÍ KL. 19.30
UPPSELT
Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Útsetningar ::: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA SEM ALLRA FYRST Á WWW.SINFONIA.IS
MIÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS
FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
RÁS 2
VÍKING LÉTTÖL

# Metsölulisti Eymundsson

kiljur

**1. Viltu vinna milljarð?**
Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Fimmtán vikur á toppi vinsældarlistans.

**2. 5. Riddarinn**
James Patterson



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundi heims um þessar mundir.

**3. Konungsbók**
Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**4. Ókei bæ!**
Hugleikur Dagsson



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

**5. Flugdreka-hlauparinn**
Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**6. Síðasti Musterisriddarinn**
Raymond Khoury



Gleymið öllum ofmetnu met-sölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

**7. Tvíburarnir**
Tessa de Loo



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**8. Saffraneldhúsið**
Yasmin Crowther



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

**9. Sá yðar sem syndlaus er**
Ævar Örn Jósepsson



Besta glæpasaga síðasta árs að mati gagnrýnenda.

**10. Sér grefur gröf**
Yrsa Sigurðardóttir



Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika...




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Réð nýjan lögfræðing

Pamela Bach, fyrrverandi eiginkona „strandvarðarins“ Davids Hasselhoff, hefur ráðið sér nýjan lögfræðing í forræðisdeilu sinni við Hasselhoff. Bach ákvað að reka síðasta lögmann sinn skömmu eftir að Hasselhoff hlaut forræði yfir tveimur dætrum þeirra, þrátt fyrir að myndir hafi verið birtar af honum á netinu ofurölvi. Bach hefur áfrýjað málinu og ætlar sér ekki að tapa í þetta sinn.

Hasselhoff og Bach giftust árið 1989 en skildu í janúar á síðasta ári. Gekk skilnaðurinn endanlega í gegn í ágúst síðastliðnum.



**BACH OG HASSELHOFF** Pamela Bach og David Hasselhoff þegar allt lék í lyndi.



**ÁSTLAUST HJÓNABAND** Þótt þau hafi verið kærustupar aldarinnar varð hjónabandið bæði ástlaust og þjakað af svikum og lygum.

# Nýju ljósi varpað á Díönu

**Hefur ekki allt verið skrifað, myndað og sagt um Díönu Spencer, prinsessuna af Wales? Það finnst fyrrum glanstímaritaritstjóranum Tinu Brown ekki og nýlega gaf hún út bókina Diana‘s Chronicle sem er sögð varpa nýju ljósi á prinsessu fólksins.**

Sitt sýnist hverjum um útgáfu bókarinnar og blaðamaður Herald Tribune spyr sig þeirrar spurningar hvort þetta sé ekki örvæntingarfull tilraun Brown til að koma sér aftur í sviðsljósið. Hún hafi jú verið áberandi um miðjan tíunda áratuginn þegar hún ritstýrði Vanity Fair og The New Yorker en eftir að spjallþáttur hennar Topic A With Tina Brown var blásinn af á CNBC-sjónvarpsstöðinni hafi ritstjórinn horfið af sjónarsviðinu. Rithöfundurinn sjálfur vísar þessu á bug og haft er eftir henni í The Independent að hún hafi tekið í kringum 225 viðtöl fyrir bókina. Því hljóti bókin að draga eitthvað nýtt fram í dagsljósið.

### Eyðingarmáttur Díönu

Bókin greinir vissulega frá atburðum sem ekki hafa áður verið á vitorði almennings. Tina réttlætir skrif sín með þeim útskýringum að Diana hafi haft svo mikil áhrif á breska menningu, framkomu og þjóðlíf að: „við hljótum alltaf að hafa áhuga á henni“. Aðstoðarritstjóri Wall Street Journal, Tunku Varadarajan, tekur að einhverju leyti undir þessi orð í ritdómi sínum.

En ekki er víst að aðdáendur Díönu verði sáttir við þá mynd sem dregin er upp af prinsessu fólksins. Þrátt fyrir að margir telji að lífið í Buckingham-höll hafi eyðilagt þessa saklausu stúlku verður ekki annað séð, ef marka má bók Tinu, að Díana hafi sjálf átt hlut að máli. Hún hafi til að mynda lekið skilnaði Fergie og Andrew prins í fjölmiðla til að beina kastljósinu frá sér og sínum vandamálum. Þá rauf hún þá miklu þögn sem ríkt hefur um heimilishaldið hjá bresku konungsfjölskyldunni. Þetta þagnarbindindi er að mati Brown eitt af lykilatriðum þess að konungsfjölskyldunni tókst að halda virðingu sinni hjá bresku þjóðinni. Díana varð þess hins vegar valdandi að fjölmiðlar fjölluðu á ítarlegri hátt um einkalíf hirðarinnar, eitthvað sem hafði ekki tíðkast fyrir komu hennar.

### Óvæntur stuðningur við Philip

Tina varpar jafnframt nýju ljósi á samskipti Díönu og Karls Bretaprins. Díana hafi ekki verið barnanna best og þrátt fyrir að Karl hafi allt viljað fyrir hana gera hafi Díana ekki fylgt einföldustu reglum sem Karl var alinn upp við. Einnig er greint frá því að samlíf þeirra hjóna hafi verið tilbreytingalítið og bólfarir „frekar leiðinlegar og einhæfar“. „Skömmu eftir að Diana hafði eignast Harry virtist áhuginn endanlega farinn. Hún prófaði að klæða sig í kynþokkafull undirföt og dansa erótískan dans fyrir framan Karl. Honum fannst það sæmilegt,“ skrifar Tina um leyndardóma svefnherbergisins. Og rithöfundurinn upplýsir einnig að ástæðan fyrir því að Buckingham-höll gaf Karli leyfi til að giftast Díönu hafi verið sú að:„hún var eina hreina meyjan í heiminum sem hafði blátt blóð“.

Philip prins, maðurinn sem jafnan er hataður af bresku þjóðinni, er ekki alslæmur ef marka má bók Tinu. „Í augum almennings er hann álitinn ruddi og dóni og vissulega getur hann verið það,“ hefur Daily Mail eftir Tinu. En í bókinni kemur fram að það hafi verið Philip sem hafi nánast gengið prinsunum í föðurstað eftir að móðir þeirra lést. „Þegar þeir fylgdu kistunni eftir þá kom Philip í veg fyrir að þeir brotnuðu niður með því að segja þeim sögur frá öllum þeim stöðum sem þeir gengu framhjá,“ skrifar Tina. „Vilhjálmur var sonurinn sem Philip hafði alltaf dreymt um að eignast. Og fyrst honum mistókst með Karl vildi hann leggja sitt af mörkum til að gera Vilhjálm að manni,“ bætir Tina við.

freyrgigja@frettabladid.is



**DÍANA** Tina Brown varpar nýju ljósi á prinsessuna í bók sinni.

## HVER ER TINA BROWN?

Tina Brown fæddist í Maidenhead á Englandi 1953. Hún fékk snemma áhuga á skrifum og vann meðal annars leikritasamkeppni The Sunday Times árið 1973. Hún þótti ákaflega snjall blaðamaður og varð fræg á Bretlandi þegar hún fór að umgangast menn á borð við Dudley Moore og Auberon Waugh.

Hún hætti þó að skrifa leikrit og fór að sinna blaðaskrifum fyrir The Sunday Times en þar kynntist hún núverandi eiginmanni sínum, Sir Harold Evans. Brown stofnaði tímaritið Tadler og vonaðist til að geta sameinað pólitík og afþreyingu í eitt en hafði ekki þolinmæðina sem þurfti og flutti til New York. Þar var hún ráðin í skamman tíma á Vanity Fair en að endingu fór svo að Brown var ráðin ritstjóri blaðsins árið 1984. Átta árum síðar var Brown síðan fengin til að ritstýra The New Yorker. Lengi vel stóð mikill styr um Brown og töldu margir af lesendum blaðsins að hún hefði eyðilagt það. Hún hætti árið 1998 og stofnaði blaðið Talk sem vakti mikla lukku fyrir ferska nálgun á umræðuefnin en útgáfu þess var hætt eftir hryðjuverkaárásirnar í New York 11. september.




Ananas hlunkur
Appelsínu hlunkur
Ávaxta hlunkur
Lakkrís hlunkur
Grænn hlunkur
Nýtt
Hlunkur
Lúxus súkkulaði íspinni
Lúxus lakkrís íspinni
Lúxus vanillu íspinni
Lúxus karamellu íspinni
Lúxus
Kjörís
Lúxus konfekt toppís
Nýtt
Lúxus súkkulaði toppís
Lúxus karamellu toppís
Grænn hlunkur mínus
Ananas hlunkur mínus
Súkkulaði shake
Jarðarberja shake
sykurlaus
Hlunkur
Mínus
Magnum piparmyntuís
með dökku súkkulaði
Magnum með súkkulaði
Magnum með hvítu súkkulaði
Púkaskott með
hlaupkúlum
Trúðaís með tyggjókúlu
Magnum með
karamellu og
tvöföldu dökku
súkkulaði
Magnum með súkkulaði
og möndlum
Calippo
appelsínuklaki
Calippo
Calippo
SHOTS
TWISTER
MAGNUM
WALL'S
Twister með berja-
og sítrusbragði
Calippo klakakúlur með
jarðarberja- og sítrusbragði






SAMbíó ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 3 - 5:30 | |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SAMbíó KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 3 - 8:15 - 10:20 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMbíó AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 - 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

SAMbíó KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 6 | L |
| CODE NAME... | kl. 8 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 12 |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 18 |

www.laugarasbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD (ENSKT TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | |
| SHREK THE THIRD LÚXUS | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS




# Höfðar til barnssálarinnar

**Breski tónlistarmaðurinn Jarvis Cocker les upp úr íslensku þjóðsögunni Búkollu á tónlistarsíðunni Daytrotter.com. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir söguna í uppáhaldi hjá mörgum.**

Cocker er fyrstur í röð þekktra tónlistarmanna sem ætla að lesa upp úr bókum á síðunni og kaus hann að segja frá ævintýrum Búkollu, sem hafa lengi verið ofarlega í huga okkar Íslendinga.

„Mér hefur alltaf fundist þetta mjög indæl saga," segir Árni Björnsson þjóðháttafræðingur. „Þetta er dálítil uppáhaldssaga hjá mörgum. Hún gengur mjög vel í krakka og þá sem halda þessu barnslega í sér. Það eru ýmsir listamenn sem segja þetta, þar á meðal tónlistarmenn. Þá er þetta eitthvað sem höfðar til barnssálarinnar eins og þegar litli drengurinn bjargast með hjálp kýrinnar," segir Árni. „Foreldrunum þótti ekki sérlega vænt um hann og hann var einmana."

Svo virðist sem ævintýrið um Búkollu, sem hefur verið þýtt yfir á ensku og japönsku, hafi snert taug í Cocker enda er stutt síðan hann hitti föður sinn í Ástralíu eftir þrjátíu ára aðskilnað. „Þótt við værum líffræðilega tengdir var þetta eins og að hitta einhvern ókunnugan," sagði Cocker um endurfundina. „Við tengdumst ekki eins og feðgar gera. Ég hafði séð fyrir mér ákveðna týpu sem ég hélt að hann væri en síðan kom raunveruleikinn í ljós. Það var mjög erfitt."


ÁRNI BJÖRNSSON Hefur alltaf fundist Búkollusagan vera mjög indæl saga.

Jarvis Cocker hefur komið tvisvar hingað til lands. Í fyrra skiptið kom hann með hljómsveitinni Pulp og spilaði í Laugardalshöll árið 1997 við góðar undirtektir. Þorsteinn Kragh, sem skipulagði komu sveitarinnar hingað til lands, segir áhuga Cocker á Búkollu ekki koma sér á óvart. „Hann er mjög skemmtilegur og „intelligent" gaur og mikill húmoristi. Hann hafði alltaf mikinn áhuga á landi og þjóð og var mikið að pæla í íslenskum skáldum og músík," segir Þorsteinn. „Þessir krakkar eru langskemmtilegasta fólk sem ég hef flutt inn á mínum sautján ára ferli í bransanum."


**JARVIS COCKER** Tónlistarmaðurinn Jarvis Cocker les upp úr Búkollu á erlendri netsíðu.

Búkolla hefur verið íslenskum tónlistarmönnum ansi hugleikin í gegnum tíðina. Laddi söng eftirminnilega um hina baulandi Búkollu á plötunni Deió árið 1981 og Björk Guðmundsdóttir söng lagið Búkolla á sinni fyrstu sólóplötu sem kom út 1976.

freyr@frettabladid.is

# Tíu ára afmæli Furstanna

Tíu ára starfsafmæli Furstanna verður haldið á Kringlukránni um helgina. Á efnisskrá Furstanna verður swing og latínmúsik, efni sem hún hefur verið að leika undanfarin ár.

„Til þess að dreifa þessu örlítið og ná til breiðari hóps höfum við fengið Stefán úr Lúdó og André Bachmann til liðs við okkur," segir Geir Ólafsson, söngvari Furstanna. „Breiddin verður í hávegum höfð og við verðum í góðum gír hvað það varðar."

Furstarnir voru stofnaðir fyrir tilstilli Harðar Magnússonar sem rak Ártún í denn. „Hann vildi endurvekja dansmenninguna og bað mig og Árna Scheving að búa til band. Það átti bara að vera sumarband en okkur þótti svo gaman að fá að spila svona músik og þeir höfðu svo gaman af því að svona ungur drengur, eins og ég var þá, vildi spila svona músik," útskýrir Geir. „Svo leiddi bara eitt af öðru og síðan hefur þetta verið upp á við. Áður en við vissum af vorum við búnir að starfa í tíu ár sem er mikið ánægjuefni. Það er gaman að svona hópur, þar sem aldursmunurinn er svo mikill, skuli ná að halda saman og alltaf síhressir og síkátir."

Afmælistónleikarnir verða bæði föstudags- og laugardagskvöld og hefjast klukkan 23.15. - kh


**GEIR OG ANDRÉ** Þeir syngja með Furstunum í kvöld sem fagna tíu ára starfsafmæli.




# Amiina kemur út úr skugganum

Amiina hefur lengi verið þekkt nafn innan íslensku tónlistarsenunnar en sendir núna fyrst frá sér heila breiðskífu. Hljómsveitin hafði samt áður gefið út eina stuttskífu og loks smáskífu við lagið Seoul. Sú smáskífa virkaði vel til þess að erta aðdáendur sveitarinnar og í kjölfarið hélt Amiina í fyrsta skipti tónleika þar sem hún var aðalnúmerið. Tónleikarnir fóru fram í Tjarnarbíói og féllu vel í kramið hjá þeim sem þar sátu. Ekki eyðilagði það heldur fyrir stúlkunum prúðu þegar Yoko Ono sagði nýlega í bresku útvarpi að ef hún þyrfti að fara á eyðieyju væri Seoul eitt þeirra laga sem hún tæki með sér þangað.

Eftir að hafa fylgst með sveitinni í dágóðan tíma þarf því ekki að koma neinum á óvart að frumburður Amiinu er þroskað, heilsteypt og vel mótað byrjunarverk. Meðlimir Amiinu sýna og sanna að þeir kunna að leita uppi fallegar laglínur og framkalla þær með sínu eigin nefi. Lögin virka líka enn betur á plötunni sjálfri en þau hafa gert á tónleikum því hér er hver hlutur á réttum stað og gælt hefur verið við hvern hljóm.

Platan kemur samt lítið á óvart enda var slíkt líklega ekki ætlunin. Í staðinn er platan einstaklega traust og ber með sér mjúkt og hlýtt yfirbragð sem auðvelt verður að leita til í komandi framtíð.

Nokkur lög standa þó upp úr. Hið fyrrnefnda Seoul er algjörlega óviðjafnanlegt, Rugla inniheldur notalegan söng og grípandi laglínu og Kolapot býr yfir kæruleysislegum brag og æðruleysi. Helsti ókostur plötunnar er hins vegar að helst til of fá lög vekja mikla eftirtekt. Þau renna samt sem áður mjúklega í gegn og eiga auðvitað sinn þátt í þeirri sterku heild sem platan myndar.

Plötunni tekst allavega að draga Amiinu almennilega úr skugganum og fram í dagsljósið þar sem hún á svo sannarlega skilið að vera. Öll vinnsla plötunnar er fagleg og góð og þá sérstaklega umslagið sem er með því flottasta sem sést hefur hérlendis.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



**TÓNLIST**
Kurr
Amiina
★★★★
Loksins sendir Amiina frá sér breiðskífu og eins og við var að búast er niðurstaðan traust og heillandi verk.

# Weisz leikur hjá Jackson

Rachel Weisz hefur tekið að sér aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Peters Jackson, The Lovely Bones. Myndin er byggð á metsölubók Alice Seabold. Weisz leikur móður stúlku sem var rænt og síðan myrt. Getur stúlkan fylgst með fjölskyldu sinni að handan og séð hvernig missirinn breytir henni smám saman.



RACHEL WEISZ

Upptökur á myndinni hefjast í Pennsylvaníu og á Nýja-Sjálandi í október. Handritshöfundar eru Jackson og Philippa Boyens.



**WES CRAVEN** Hefur höfðað mál gegn nágranna sínum Pauly Shore.

# Wes Craven höfðar mál

Leikstjórinn Wes Craven hefur höfðað mál gegn nágranna sínum, gamanleikaranum Pauly Shore. Að sögn Craven rann vatn frá húsi Shore niður brekku og skemmdi hús hans. Atvikið átti sér stað í desember eftir að Shore hafði átt í miklum framkvæmdum á lóð sinni er hann lét koma þar fyrir sundlaug og heilsulind.

Craven, sem hefur leikstýrt myndum á borð við A Nightmare on Elm Street og Scream, telur að vatnið sem rann frá húsi nágranna síns hafi farið illa með lóðina í kringum hús sitt og lækkað fasteignaverðið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hitnar hægt og rólega í kolunum hjá Justin Timberlake og Jessicu Biel. Justin er ekki sá eini sem virðist vera hrifinn af Jessicu því mamma hans er víst afar ánægð með hana. Þær tvær sáust versla saman í Osló í vikunni en Justin er þar á tónleikaferðalagi. Vinskapur þessi kemur einhverjum á óvart þar sem móðir Justins þoldi víst aldrei Cameron Diaz.



Gisele Bundchen virðist ekki vera mjög afbrýðisöm út í fyrrverandi stúlku nýja kærasta síns, Tom Brady. Brady skildi við leikkonuna Bridged Moynahan áður en hann hitti Gisele en vissi ekki þá að Bridget væri ólétt. Núna hefur Gisele lýst því yfir að hún sé afar hrifin af barninu og að það trufli sig ekkert að verða stjúpmóðir þess. „Ef þú elskar einhvern, elskarðu allt sem honum fylgir. Það er mjög auðvelt fyrir mig að vera skilningsrík þegar kemur að slíkum hlutum,“ sagði Gisele.







Þrjár sérverslanir - ein netverslun

Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð



Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.
Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum.
Fullt verð 32.800.
Pakkatilboð aðeins 27.880.



Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór.
Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði.
Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum.
Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 44.800.
Pakkatilboð aðeins 37.990.



Scierra fluguveiðipakki.
Scierra Avalanche einhenda ásamt Scierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900



Scierra tvíhendupakki.
Scierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Scierra fluguhjól úr áli. Scierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.



Scierra MBQ vöðlur og skór.
Vinsæll öndunarvöðlupakki á frábæru verði.
Fullt verð 29.990.
Pakkatilboð aðeins 19.950.



Scierra Canyon veiðijakki.
Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
Fullt verð 17.995. Nú á tilboði í júní aðeins 14.495



Ron Thompson Aquasafe veiðijakki.
Vinsæll, vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 12.995. Nú á tilboði í júní aðeins 9.995.



Ron Thompson neoprenvöðlur.
4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám.
Góður brjóstvasi.
Fóðruð stígvél með filtsóla.
Fullt verð 12.995.
Nú á tilboði í júní aðeins 8.995

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

## > Besti dómarinn



Garðar Örn Hinriksson þótti dæma leik Fram og Fylkis fádæma vel og gaf Fréttablaðið honum níu í einkunn. Hann dæmdi tvær vítaspyrnur í leiknum en hafði engu að síður góð tök á honum.

## > Bestu ummælin

„Ástandið er gjörsamlega ömurlegt, ég segi það hreint út,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR eftir leikinn gegn HK. Um sína stöðu sagði hann einfaldlega: „Það kemur ekki til greina að segja upp.“



# sport

sport@frettabladid.is

**7. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** FIMM STIGA FORYSTA FH Á TOPPNUM

# *Átján stig skilja að FH og KR*

Sumarið sem átti að vera svo gott hjá KR-ingum er löngu orðið að hreinni martröð. Og lengi getur vont versnað, að því er virðist. Tap liðsins gegn HK í fyrrakvöld var að flestra mati síðasta tækifæri Teits Þórðarsonar að snúa gengi sinna manna við. Flestir eru löngu búnir að afskrifa hann, það er að segja allir nema hann sjálfur og stjórnarmenn KR Sports.

Leikmenn KR hafa sjálfir rætt um það að andrúmsloftið í KR sé ekki nógu gott. Leikmenn hafi ekki kunnað að gleðjast yfir sigrum liðsins í vetur en þau hafa verið fá tilefnin fyrir KR-inga að gleðjast í sumar. Liðið virðist fast í vítahring andleysis sem það nái einfaldlega ekki að rífa sig úr.

FH er andstæða KR. Hvort sem litið er á stöðutöflu deildarinnar eða þetta fræga andlega ástand. FH lenti undir gegn sprækum Blikum en unnu engu að síður. Íslandsmeistararnir kunna líka að fagna sínum sigrum eins og um þann fyrsta væri að ræða. Það er góðs viti.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 16, Keflavík.
**Flest skot á mark:** 9, Fram.
**Fæst skot:** 5, HK & Víkingur
**Besta skotnýting:** HK, 40%
**Hæsta meðale.:** FH, 7,00.
**Lægsta meðaleink.:** Fylkir, 4,00.
**Grófasta liðið:** Fram, 24 brot.
**Prúðasta liðið:** Kefl., HK & KR, 12.

**Fjöldi áhorfenda:** 5.888
Meðalfjöldi áhorfenda í hverri umferð þarf að vera í rúmum fimm þúsundum upp úr þessu ef hundrað þúsund manna múrinn á að vera rofinn í sumar. Umferðin var því ágætlega sótt en flestir komu á leik FH og Breiðabliks, samtals 2052. Aðsóknin á heimaleiki Fram og Víkings í umferðinni ollu vonbrigðum.



**VALUR OG FRAM** 850 manns mættu á leik þessara liða í 1. umferð deildarinnar í vor og eins og sjá má er stúkan í baksýn nokkuð tómleg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aðsókn á Íslandsmót karla:

# Fæstir mæta á Laugardalsvöll

**FÓTBOLTI Valur og Fram hafa lélegasta aðsókn áhorfenda á heimaleiki sína það sem af er Landsbankadeild karla. Bæði félög spila heimaleiki sína á Laugardalsvelli, þjóðarleikvangi Íslands. Völlurinn tekur tíu þúsund manns í sæti og er því nokkuð tómlegt um að litast á leikjum Vals og Fram.**

**Ásamt þeim félögum eru Breiðablik og HK einu liðin sem ekki ná þúsund manns að meðaltali á leik. Þau lið spila bæði á Kópavogsvelli en þar er verið að byggja nýja stúku.**

**FH og KR fá langflesta áhorfendur á sína heimaleiki.** - esá

### AÐSÓKN Á HEIMALEIKI

| Félag | Fjöldi leikja | Meðalt. áhorf. |
|---|---|---|
| FH | 3 | 1.856 |
| KR | 4 | 1.792 |
| Keflavík | 3 | 1.398 |
| ÍA | 4 | 1.204 |
| Fylkir | 3 | 1.135 |
| Víkingur | 4 | 1.027 |
| Breiðablik | 4 | 993 |
| HK | 3 | 968 |
| Valur | 4 | 946 |
| Fram | 3 | 943 |

# Okkar aðferð virkar vel

**Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður HK, er leikmaður sjöundu umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann hélt marki sínu hreinu er liðið vann góðan sigur á botnliði KR. Hann er ánægður með frammistöðu HK.**

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson er leikmaður sjöundu umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann lagði grunn að sigri HK á KR í fyrrakvöld með því að halda marki sínu hreinu í 2-0 sigri sinna manna. Hann sagði að sigurinn hafi vitanlega verið sætur, en ekkert sætari en aðrir sigrar.

„Mér finnst allir sigrar frábærir, hvort sem það er gegn KR eða einhverjum öðrum,“ sagði hann en Gunnleifur er gamall leikmaður KR. „Ég skipti yfir í KR á sínum tíma og lærði margt gott á mínum tíma þar. En ég HK-ingur að upplagi og það er félagið sem ég elska. Ég stend og fell með HK.“

Hann segir að sigur HK-inga hafi verið sanngjarn í þessum leik. „Við börðumst fyrir þessum stigum og nýttum okkar færi. Þeir nýttu ekki sín færi. Það eru margar leiðir til að ná árangri í fótbolta og þetta snýst ekki eingöngu um að spila sambabolta. Við verjumst vel og berjumst mikið. Það hefur skilað sér vel hingað til.“

Flestir þeir sem fylgjast með íslenskri knattspyrnu eru gáttaðir á stöðu KR í deildinni en liðið er á botninum með aðeins eitt stig. Menn spyrja sig hvað sé að hjá KR.

„Tja, þeir eru bara ekki nógu góðir. Mér er samt eiginlega alveg sama hvað er að hjá þeim,“ sagði Gunnleifur og hló.

Hann er ánægður með byrjun HK í mótinu en liðið er nú í fyrsta sinn í efstu deild og hefur náð tíu stigum eftir fyrstu sjö umferðirnar. Liðið situr í fimmta sæti deildarinnar.



**GLATT Á HJALLA** Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður KR, virðist skemmta sér vel á leik HK og KR. Grétari Hjartarsyni KR-ingi virðist ekki eins skemmt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum búnir að vinna alla okkar heimaleiki en höfum ekki verið að standa okkur nógu vel á útivelli. Það er eins og þó við séum ekki með það sjálfstraust á útivöllum sem við erum með heima. Ef við náum að stappa aðeins í okkur stálinu í útileikjunum erum við í góðum málum.“

Árangurinn á heimavelli er glæsilegur, þrír sigurleikir og markatalan er 5-1. Á útivelli hefur HK náð einu jafntefli en tapað fjórum leikjum. Liðið hefur enn ekki skorað mark á útivelli en hefur fengið átta á sig.

„Næstu þrír leikir verða allir á Kópavogsvelli en einn af þeim er „útileikur“ á móti Breiðabliki. Stefnan hlýtur því að vera sett á níu stig í þessum leikjum,“ sagði hann.

HK var nánast undantekningalaust spáð falli úr deildinni í vor og kom Gunnleifi nokkuð á óvart sú umræða sem var um liðið.

„Oft fannst mér að fólk hlyti að halda að við kynnum einfaldlega ekki að sparka í bolta. Við værum bara handknattleiksfélag. En þessi umræða þjappaði okkur saman. Við erum kannski ekki að fara að rúlla upp þessu móti enda er það ekki hálfnað og við erum alls ekkert öruggir með okkar sæti í deildinni.“

Næsti leikur HK verður einmitt gegn grönnunum í Breiðabliki á þriðjudaginn kemur og má búast við afar athyglisverðri rimmu.

eirikur@frettabladid.is



**STEFÁN ÖRN** Skoraði sex mörk í fjórtán leikjum fyrir Keflavík á síðasta sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Reynir Sandgerði fær liðstyrk:

# Stefán lánaður frá Keflavík

**FÓTBOLTI** 1. deildarliðið Reynir í Sandgerði fékk Stefán Örn Arnarson lánaðan í einn mánuð frá Keflavík í gær. Stefán hefur lítið verið viðriðinn Keflavíkurliðið í sumar og aldrei fengið sæti í byrjunarliðinu. Hann kemur til með að styrkja Reynisliðið svo um munar en félagið berst í neðrihluta 1. deildarinnar um þessar mundir.

Eftir einn mánuð verður málið endurskoðaður og ákvörðun tekin um framhaldið. - hþh



**HÖRÐUR** Ætlar ekki að yfirgefa sökkvandi skútu Silkeborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/MIDTJYLLAND AVISEN

Danska félagið Silkeborg:

# Heldur í Hörð og Hólmar Örn

**FÓTBOLTI Hörður Sveinsson og Hólmar Örn Rúnarsson ætla að vera áfram hjá danska félaginu Silkeborg sem féll úr úrvalsdeildinni á síðasta tímabili. Hörður sagði við Fréttablaðið í gær að sér liði vel í bænum en Silkeborg kom saman til æfinga í gær eftir sumarfrí.**

**„Okkur líður mjög vel hérna, það er gert vel við okkur og stefnan er sett á að fara beint aftur upp. Ef það gerist ekki þá mun ég skoða mín mál,“ sagði Hörður sem er samningsbundinn til 2009.**

**Hörður sagði Hólmar Örn vera í sömu stöðu en Bjarni Ólafur Eiríksson er aftur á móti kominn aftur til Vals.** - hþh

Daði Lárusson:

# Bætti metið sitt

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Daði Lárusson bætti persónulegt met sitt þegar hann hélt marki sínu hreinu í 51 mínútu gegn Breiðabliki á miðvikudaginn. Daði hélt marki sínu samtals hreinu í 437 mínútur frá því Keflvíkingurinn Símun Samuelsen skoraði hjá honum á 64. mínútu í 2. umferð og þar til Nenad Petrovic skoraði á 51. mínútu í 7. umferð í vikunni.

Daði bætti metið sitt frá því í fyrra um 10 mínútur. - hþh




# Ótrúlegt verð

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.




**49.990kr**
GOTT VERÐ

## JVC tökuvél
### GZ-MG130
Ótrúlega nett digital media tökuvél
30GB harður diskur (Allt að 37,5 tíma upptaka)
1/6" upptökuflaga með 800.000 pixela upplausn
2,7" LCD breiðskjár
Tekur SD/SDHC kort
34x optical zoom og 800x digital zoom
Innbyggð kyrrmyndavél
Tekur hljóð upp í Dolby Digital
CyberLink DVD solution klippi- og afspilunarforrit fylgja
Titringsdeyfir
USB 2.0 tenging við tölvu
Fylgihlutir : Spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC) og kaplar



**14.990kr**
GOTT VERÐ

## Olympus myndavél
### FE-210
7.1 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
2,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hreyfimyndataka (Hámarksupplausn 640x480)
Þrjár myndstærðir
15 scene modes
Auto flass, red eye reduction og tímarofi
USB tenging við tölvu
Tekur xD kort
9MB innra minni
USB snúra og hugbúnaður fylgja




**24.990kr**
GOTT VERÐ

## Olympus myndavél
### MJU-740
7.1 megapixel
5x optical zoom og 5.6x digital zoom
Frábær við öll birtuskilyrði
Autofocus og auto white balance
Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
Átta myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
17MB innbyggt minni
Tekur xD kort
Hugbúnaður fylgir



**29.990kr**
GOTT VERÐ

## Casio myndavél
### EX-Z1050
10,1 megapixel
EXILIM engine 2.0
Anti shake DSP
Betri focus með auto framing
BESTSHOT
Super life rafhlaða sem endist 370 myndir
Mjög bjartur(1200 cd/m2)og skýr 2.6"
LCD widescreen skjár (114.960 pixlar)
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 7.9 - 23.7mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn 640x480 - 10,2Mbps - 25fps)
15mb Innra minni og rauf fyrir SD/MMC kort
Hleðslutæki og hugbúnaður fylgja



**17.990kr**
GOTT VERÐ

## Olympus myndavél
### FE-190
6 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
2,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 320x240)
Þrjár myndstærðir
10 scene modes
Auto flass, red eye reduction og tímarofi
USB tenging við tölvu
Tekur xD kort
22MB innra minni
USB snúra, hleðslurafhlöður og hugbúnaður fylgja



**19.990kr**
GOTT VERÐ

## Casio myndavél
### EX-Z60
6 megapixel
Ótrúlega lítil og nett
EXILIM engine
BESTSHOT
Anti-Shake DSP - Hristivörn
Skýr 2.6" LCD widescreen skjár (114.960 pixlar)
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
Hreyfimyndataka með hljóði (hámark: 640x480 - 30fps - 10.2Mbit/s)
8MB Innra minni og rauf fyrir SD/MMC kort
Rafhlaða endist í 200 skot
Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja
512MB SecureDigital kort frá Sandisk fylgir




**29.990kr**
GOTT VERÐ

## JVC tökuvél
### GR-D700
1/6" upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
520 lína upplausn
34x optical zoom og 800x digital zoom
2.7" LCD breiðskjár
Digital color night scope
Snapshot möguleiki
Titringsdeyfir
DV útgangur
Vefmyndavél
Fylgihlutir : Spennubreytir, rafhlaða og kaplar

Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**HEIÐAR** Er orðaður við 1. deildarlið WBA. NORDICPHOTOS/AFP

Heiðar Helguson:

## Sterklega orðaður við WBA

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson var í gær orðaður við skipti yfir til WBA frá Fulham. Diomansy Kamara ku vera á óskalista Fulham sem vill kaupa hann á þrjár milljónir punda auk Heiðars. Sky fréttastofan hefur eftir umboðsmanni Kamara að Fulham hafi mikinn áhuga á leikmanninum.

Heiðar var 16 sinnum í byrjunarliði Fulham á síðustu leiktíð og hefur áður sagt að hann vilji vera áfram hjá félaginu. Ekki náðist í Heiðar vegna fréttanna í gær. **- hþh**



**MOURINHO** Knattspyrnustjóri Chelsea var ánægður með að félagið væri loksins komið í efsta styrkleikaflokk Meistaradeildarinnar. NORDIC PHOTOS/AFP

Meistaradeild Evrópu:

## Chelsea í hópi þeirra bestu

**FÓTBOLTI Chelsea er komið í hóp átta efstu liðanna í fyrsta styrkleikaflokki Meistaradeildar Evrópu. Árangur félagsins er loksins talinn nógu góður og sleppir það því við að mæta Liverpool, Arsenal, Manchester United, AC Milan, Barcelona, Inter Milan eða Real Madrid í riðlakeppninni. Chelsea hefur lent í mjög erfiðum riðlum síðustu tvö ár þegar það dróst saman með Barcelona. - hþh**

Mikill þrýstingur meðal áhrifamanna í KR um að Teitur Þórðarson víki:

# Ósætti um Teit innan raða KR

**FÓTBOLTI** Samkvæmt afar áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins eru margir áhrifamanna innan raða KR síst sáttir við störf Teits Þórðarsonar, þjálfara meistaraflokks karla. Sumir eru á þeirri skoðun að skipta þurfi um þjálfara og að það sé orðið tímabært fyrir löngu. Ekki náðist í Jónas Kristinsson, formann KR Sports, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Þessar sömu heimildir herma einnig að búið væri að skipta út þjálfaranum ef einhver annar álitlegur kostur væri í stöðunni. Þeir þjálfarar sem eru á lausu í dag þykja hins vegar ekki nógu góðir til að snúa við gengi KR.

Sjálfur sagði Teitur í gær að hann vissi ekki til þess að nein slík umræða væri innan KR. „Ég hef ekki rætt við stjórnina samankomna en ég hef rætt við marga stjórnarmenn. Ég veit ekki til þess að stjórnin hafi neitt fundað í dag,“ sagði hann.

„Við getum allir verið óánægðir með úrslitin en á meðan að menn vinna vel saman þá vinnum við okkur út úr þessu. Við erum staðráðnir í að gera það.“

Hann segir að það myndi ekki hjálpa liðinu að skipta um þjálfara nú. „Það er sýnt og sannað í hvaða liði sem er í heiminum að það er langtímavinnan sem skilar árangri.“ **- esá**



**TEITUR ÞÓRÐARSON** Segir að langtímavinnan komi til með að skila KR árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Við viljum ekki sjá Svíana

**Í kvöld verður dregið í riðla fyrir Evrópumótið í Noregi á næsta ári. Ísland er í öðrum styrkleikaflokki fyrir þetta sterka mót. Framkvæmdastjórinn Einar Þorvarðarson vill síst af öllu dragast í riðil með Svíum.**

**HANDBOLTI** Enginn frá HSÍ verður viðstaddur dráttinn fyrir Evrópumótið í handbolta sem fer fram í Noregi dagana 17. til 27. janúar á næsta ári. Dregið verður í fjóra riðla í Ósló í kvöld og eru fjögur lið í hverjum riðli. Fyrst er liðunum fjórum í fjórða styrkleikaflokki raðað niður, þá liðunum í öðrum styrkleikaflokki, næst þeim fyrsta áður en Noregur fær að velja sér riðil. Tvö lið úr hverjum riðli komast í 8-liða úrslit.

Ísland er í öðrum styrkleikaflokki með heimsmeisturum Þjóðverja, Rússum og Slóvenum. Ísland verður því ekki með neinni af þeim þjóðum í riðli. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir að það sé erfitt að teikna upp ákveðinn draumariðil.

„Þetta verður gríðarlega sterkt mót. Miðað við okkar reynslu er kannski best fyrir okkur að mæta Dönum úr fyrsta styrkleikaflokki og forðast þar með Evrópumeistara Frakka, Spánverja og Króata,“ sagði Einar um fyrsta styrkleikaflokkinn.

„Okkur hefur gengið einna best á móti Pólverjum. Slóvakía er kannski litla liðið þarna enda hafa þeir ekki verið með á mörgum stórmótum undanfarið. Norðmenn eru svo með mjög gott lið,“ sagði Einar en gestgjafarnir í Noregi fá að velja sér riðil eftir að búið er að draga. Norðmenn unnu Ísland 36-33 á EM í Sviss árið 2006 og með tólf marka mun á æfingamóti í Danmörku nú í janúar.

„Það kæmi mér ekki á óvart að þeir velji okkur með sér. Gunnar Pettersen, þjálfari Norðmanna, heldur að hann hafi tak á okkur. Þeir munu sjá riðilinn okkar og Slóvena og velja svo annan hvorn. Það hefur oft verið þannig að gestgjafarnir hafa horft til okkar þegar þeir velja sér riðil. Við erum kannski minni þjóð og komum frá fámennu landi en þetta er líklega engin tilviljun,“ sagði Einar sem átti ekki erfitt með að benda á martraðarmótherjann í fjórða styrkleikaflokki.

„Svíarnir eru lang sterkastir í þessum riðli. Það yrði alveg ágætt að vera ekki með þeim. Hvít-Rússar, Svartfellingar og Tékkar eru allir svipaðir að styrkleika,“ sagði Einar. **hjalti@frettabladid.is**



**ALEXANDER PETERSSON** Fór mikinn þegar Ísland vann Serba 17. júní síðastliðinn í síðari umspilsleiknum um laust sæti á EM í Noregi. Hér skorar hann eitt níu marka sinna í Laugardalshöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Styrkleikaflokkarnir:**

**1. Frakkland, Spánn, Danmörk, Króatía**
2. Þýskaland, Rússland, Ísland, Slóvenía
**3. Pólland, Noregur, Slóvakía, Ungv.land**
4. Hv.-Rússland, Svartfjallal., Svíþjóð, Tékkland



**ALFREÐ** Er greinilega í miklum metum hjá íslensku þjóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vísir.is skorar á Alfreð:

## 7.000 á fyrsta sólarhringnum

**HANDBOLTI Vísir.is hrundi af stað átaki á miðvikudaginn þar sem biðlað er til Alfreðs Gíslasonar að halda áfram með íslenska landsliðið í handbolta. Alfreð íhugar nú að hætta með liðið sem keppir á EM í Noregi á næsta ári.**

**Viðbrögðin létu ekki á sér standa en fyrsta sólarhringinn skoruðu 7.000 manns á Alfreð að halda áfram því góða starfi sem hann hefur gert með liðinu. Þjóðarátakið fer því vel af stað en hægt er að skrifa undir áskorunina á Vísir.is/aframalfred. - hþh**



**SHINAWATRA** Var áður nálægt því að kaupa Liverpool. NORDICPHOTOS/AFP

Thaksin Shinawatra:

## Fær tilboð í City samþykkt

**FÓTBOLTI** Thaksin Shinawatra lagði í gær fram formlegt boð upp á 81,6 milljónir punda í Manchester City. Stjórn City gaf út yfirlýsingu þar sem það hvetur hluthafa til að selja skerfi sína og stefnir allt í það að þessi fyrrverandi forsætisráðherra Taílands eignist félagið.

Shinawatra hefur þegar boðið Sven-Göran Eriksson stjórastöðu félagsins. Til að fá rétt til að skipa nýjan stjóra þarf hann að eignast 75 prósent í félaginu sem verður líklega á næstu dögum. **- hþh**





www.ellingsen.is
15–40% AFSLÁTTUR
AF LOOP-VEIÐIVÖRUM
40% afsláttur
af öllum eldri vörum á meðan birgðir endast
Loop-dagar
hjá Ellingsen út júní
Kynntu þér Loop – hágæðamerki í veiðivörum
Adventure-útöndunarvöðlur
15% afsláttur
Vöðlur og skór á tilboði
Verð 23.910 kr.
Verð áður 18.900 kr.
Tilboð 15.990 kr.
Opti-veiðivesti
20% afsláttur
Verð áður 12.900 kr.
Tilboð 10.320 kr.
Opti-vöðlujakki
20% afsláttur
Verð áður 39.900 kr.
Tilboð 31.920 kr.
Multi-vöðlujakki
20% afsláttur
Verð áður 26.900 kr.
Tilboð 21.520 kr.
Adventure-vöðluskór
20% afsláttur
Verð áður 9.900 kr.
Tilboð 7.920 kr.
Adventure-stangarsett
20% afsláttur
Verð áður 26.900 kr.
Tilboð 21.520 kr.
CLW-fluguhjól
20% afsláttur
Verð áður 12.900 kr.
Tilboð 9.520 kr.
Hjólataska stór
25% afsláttur
Verð áður 9.900 kr.
Tilboð 7.425 kr.
Veiðigleraugu
20% afsláttur
Verð áður 8.125 kr.
Tilboð 6.500 kr.
Opti Stream-skotlína
15% afsláttur
OPTI stream
LOOP
Verð áður 11.900 kr.
Tilboð 10.115 kr.
25% afsláttur
af Smokehouse-reykofnum og -aukahlutum
Verð áður 15.900 kr.
Tilboð 11.925 kr.
Varmasett
20% afsláttur
Verð áður 20.696 kr.
Tilboð 16.556 kr.
Ellingsen
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16
(ath. lokað sunnudaga á Akureyri)
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
Himinn og haf / SÍA / 9070831

**OWEN WILSON**

Owen kynntist leikstjóranum Wes Anderson í háskóla og saman skrifuðu þeir handritið að myndinni Bottle Rocket sem gerði þá fræga. Síðar gerðu þeir saman gamanmyndina Royal Tenenbaums sem vakti mikla lukku. Owen er náinn vinur Bens Stiller en þeir leika saman í myndinni Starsky & Hutch sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 21.40.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON ER ÞÁ MANNLEGUR EFTIR ALLT

# *Fallið fyrir frægum*

Í vor fékk ég mér áskrift að sjónvarpsþjónustu Símans. Ég er mikill áhugamaður um fréttir og almennt séð einstaklega fróðleiksfús. Þarna sá ég tækifæri til að horfa á nægju mína af innlendum og erlendum fréttum, hvenær sólarhringsins sem er. Stærsti kosturinn þótti mér að geta sótt fréttatíma kvöldsins frá fréttastofu Sjónvarpsins, hvort sem ég kæmi heim klukkan tíu að kvöldi eða þrjú um nótt. Ég gæti alltaf sest niður við sjónvarpstækið og horft á viðkunnanlegt andlit Páls Magnússonar lesa mér helstu tíðindi dagsins. Að fréttalestrinum loknum gæti ég svo skipt yfir á AlJazeera og tekið púlsinn á því hvað væri að gerast í Mið-Austurlöndum.

Það voru því langir dagarnir meðan ég beið þess að tæknimaður kæmi og opnaði fyrir mig þennan glugga út í umheiminn, sem var í huga mér sveipaður einhverjum kjánalegum dýrðarljóma. Þegar þjónustan var loks komin í gagnið kom ég hins vegar sjálfum mér mjög á óvart. Ég sem var svo viss um að fréttir og fróðleikur myndu eiga hug minn allan var allt í einu orðinn heillaður af fréttum og slúðri af fína og fræga fólkinu í Hollywood.



Ófá kvöldin stóð ég sjálfan mig að því að horfa á stöðvar eins og Star og E! og bíða með öndina í hálsinum eftir að sjá snoðklippta Britney Spears eða komast að því hvort Paris Hilton færi aftur í fangelsi. Þættir um hið frábæra líf frægðarfólksins voru mitt nýja uppáhald.

Ég sem hafði alltaf staðið í þeirri trú að ég væri of töff til að láta mig þetta varða. Gat verið að ég væri þá mennskur eftir allt saman? Þrátt fyrir að við viðurkennum það ekki auðveldlega þá held ég að allir hafi inn við beinið gaman af fréttum af frægu fólki, sama hverstu töff „front" við setjum upp. Og þú ert engin undantekning því ég efast um að þú hefðir lesið þennan pistil ef ekki væri fyrir myndina af Paris Hilton.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.20** Gattaca SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** The Upside of Anger STÖÐ 2



▶ **18.00** Mean Girls STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** Bones SIRKUS



▶ **18.15** Rachael Ray SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (12:28) (Disney's Mickey Mouse Clubhouse)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (6:26) (Teen Titans, Ser. II)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Meiri gusugangur** (Splash, Too) Bandarísk ævintýramynd frá 1998 um samband manns og hafmeyjar. Leikstjóri er Greg Antonacci og meðal leikenda eru Todd Waring og Amy Yasbeck.
**21.40 Starsky & Hutch** (Starsky & Hutch) Bandarísk hasargrínmynd frá 2004. Myndin gerist árið 1975 og segir frá tveimur lögreglumönnum sem eiga í höggi við harðsvíraðan kókaínsala. Leikstjóri er Todd Philips og meðal leikenda eru Ben Stille, Owen Wilson, Snoop Dogg og Juliette Lewis. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
▶**23.20 Gattaca** (Gattaca) Bandarísk spennumynd frá 1997. Myndin gerist í framtíðinni og segir frá manni með hjartagalla sem villir á sér heimildir til að fá tækifæri til að ferðast út í geiminn. Leikstjóri er Andrew Niccol og meðal leikenda eru Ethan Hawke, Uma Thurman og Gore Vidal. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Passionada**
**08.00 Agent Cody Banks 2. Destination London**
**10.00 White Chicks**
**12.00 Mean Girls**
**14.00 Agent Cody Banks 2. Destination London**
**16.00 White Chicks**
▶**18.00 Mean Girls**
**20.00 Passionada**
**22.00 Blade. Trinity** Æsispennandi hrollvekja með Wesley Snipes í aðalhlutverki.
**00.00 Point Blank**
**02.00 Den of Lions**
**04.00 Blade. Trinity**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Barney**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Í fínu formi 2005**
**08.25 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (75.114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (34.36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (21.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (22.114)
**14.40 Life on Mars** (8.8)
**15.35 Joey** (20.22)
**15.55 Kringlukast**
**16.15 Batman**
**16.40 Titeuf**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (20.22) (e)
**20.05 The Simpsons** (21.22)
**20.30 So You Think You Can Dance NÝTT** (2.23) Áheyrnarprufurnar halda áfram en nú eru prufur í Los Angeles og Chicago. 2007.
▶**21.55 The Upside of Anger** Rómantísk gamanmynd með Kevin Costner og Joan Allen í aðalhlutverkum. Húsmóðirin Terry Wolfmeyer er niðurbrotin eftir að eiginmaður hennar stingur af en undarlegt samband hennar við fyrrverandi hafnaboltastjörnu í næsta húsi reynist vera einmitt það sem hún þarf á að halda. Bönnuð börnum.
**23.50 Man on Fire** Denzel Washington fer með aðalhlutverkið í þessari rafmögnuðu spennumynd. Stranglega bönnuð börnum.
**02.10 Abandon**
**03.45 So You Think You Can Dance NÝTT** (2.23)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home** (8.22)
**20.10 Entertainment Tonight**
**20.40 Daisy Does America** (8.8) Í þáttunum um Daisy ferðast breska gamanleikkonan Daisy Donovan um Bandaríkin í þeim tilgangi að uppfylla Ameríska drauminn og tileinka sér hina undarlegustu siði Ameríkana. Hún gerir grín að sjálfum sér og hinum ýmsu furðufuglum sem verða á vegi hennar.
**21.10 Night Stalker** (7.10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Morði sem Kolchak sjálfur er grunaður um. Nú reynir á hann að komast að sannleikanum áður en hann endar sjálfur á bakvið lás og slá. Þættirnir eru endurgerð samnefndra þátta sem slógu í gegn á áttunda áratugi síðustu aldar. Bönnuð börnum.
**22.00 Standoff** (15.18) Nýir spennuþættir með Ron Livingston og Rosemarie DeWitt í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og vita alltaf hvað fólk hugsar.
▶**22.45 Bones** (8.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**23.30 American Inventor** (14.15) (e)
**00.15 The War at Home** (8.22) (e)
**00.40 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 - 10 year reunion** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**14.50 European Open Poker** (e)
**16.20 Vörutorg**
**17.20 Queer Eye** (e)
▶**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us** (6.22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Nathan og Haley verða nánari þrátt fyrir allt sem gengið hefur á að undanförnu. Brooke reynir að byrja aftur með Chase, Payton fær freistandi tilboð og Lucas segir mömmu sinni hver myrti Keith.
**21.00 The Bachelor. Rome** (4.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Stelpunum sex sem eftir eru þegar í brún þegar þær sjá hver á að velja stúlkuna sem fer á næsta stefnumót með prinsinum. Ein fer í ævintýralega hestaferð og önnur tekst á loft með Lorenzo. Þær fjórar sem eftir eru fara með honum á fornar söguslóðir. Nú hefur hann fjórar rósir til að útdeila en tvær stúlkur halda heim með sárt ennið.
**22.00 Kidnapped** (10.13) Hörkuspennandi þáttaröð.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Marie fær styttur í afmælisgjöf frá Ray, Robert og Frank. Robert kemst í uppnám er hann uppgötvar að þær voru dýrar og Ray borgaði þær að mestu leiti.
**23.15 Amy Winehouse tónleikar**
**23.45 Angela's Eyes (e)**
**00.35 William og Harry (e)**
**01.25 The Dead Zone (e)**
**02.15 Hack (e)**
**03.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**04.45 Vörutorg**
**05.45 Óstöðvandi tónlist**





Einn glæsilegasti húsbíll landsins!

Til sýnis í dag, laugardag og sunnudag.

Hobbyhúsið

Dugguvogi 12 • S. 517 7040 • www.hobbyhusid.is

Opnunartími

Mán-föst 10.00-18.00 • Laugard 13.00-17.00 • Sunnud 13.00-16.00

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

**So You Think You Can Dance**




Leitin að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna heldur áfram í kvöld. Áhorfsprufurnar eru enn í fullum gangi en að þessu sinni eru það íbúar Los Angeles og Chicago sem fá að spreyta sig. Þeir dansarar sem komast áfram í keppninni eiga ekki auðvelda tíma framundan; þeir munu þurfa að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku og dómararnir verða miskunnarlausir.

▶ **Við mælum með**

**STARSKY & HUTCH**

**Sjónvarpið kl. 21.40**

Bandarísk hasargrínmynd frá 2004. Myndin gerist árið 1975 og segir frá samnefndum lögreglumönnum sem virðast fá til rannsóknar öll erfiðustu mál lögreglunnar. Hér eiga þeir í höggi við harðsvíraðan kókaínsala og fá upplýsingar frá uppljóstrara í undirheimum sem lætur ekkert fram hjá sér fara. Meðal leikenda eru Ben Stiller og Owen Wilson.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Samtöl um Jökuldalsheiði
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Valsakóngurinn
**21.00** Kampavín og kalóríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18.35 Gillette World Sport 2007**
**20.00 Pro bull riding** (Tulsa, Oklahoma)
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Angel Stadium Of Anaheim) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.
**22.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006** (World Series of Poker 2006) Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanförnu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir. Margir þeirra eru gífurlega þekktir og má þar nefna Doyle Brunson, Johnnie Chan, Gus Hansen og Phil Ivey. Stærsta mótið sem um getur á hvert fer fram í Las Vegas í júlí.
**22.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23.40 NBA 2006/2007 - Playoff games**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram 8.00 Viften **8.30** Iværksætterne **9.00** En dag i haven **9.30** Smag på Danmark - med Meyer **10.00** TV Avisen **10.10** Vagn på vejen **10.40** Vildmark **11.10** Schackenborg - Godset i Grænselandet **11.40** Fest ved fjorden **12.20** Kvinder på storvildtjagt **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Med rygsæk **13.30** Boogie Listen **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Rutsj Klassik **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når der er en tiger i bagagerummet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA **19.00** TV Avisen **19.30** Flammehav **21.40** Trespass **23.20** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Trolderi

### NRK 1

**6.30** Jukeboks: Ut i naturen **7.30** Jukeboks: Jazz **8.10** Schrödingers katt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra M¢re og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Baby Looney Tunes **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.10** Naturbarna **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Retro **18.55** 20 spørsmål **19.20** Å dykke med delfiner **19.50** Topp **20** fra Rådhusplassen 2007 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Topp 20 fra Rådhusplassen 2007 **22.00** Ronnie Lanes mange ansikter **23.00** Sorte orm **5.30** Sommermorgen **5.52** Tigeren Edelbert **6.00** Mikkes klubbhus

### SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.30** Fåret Shaun **7.40** Äventyr i Anderna **12.05** Vid Ladogas stränder **12.35** Lita på mig, älskling! **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hundkoll **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.45** Fåret Shaun **16.55** Äventyr i Anderna **17.30** Rapport **17.45** Sommarkaramell från Minnenas television **18.00** Midsommar i Värmland **18.45** Vid pianot: P. Ramel **19.00** Leva livet **20.40** Entourage **21.10** Rapport **21.15** Minnenas television **22.20** De hänsynslösa **23.55** Sändningar från SVT24





# Byssuskápar á betra verði

## Frábært verð - vaxtalausar raðgreiðslur.

Infac byssuskáparnir eru mest keyptu byssuskápar á Íslandi síðastliðin ár. Skáparnir eru smíðaðir úr 3ja mm þykku stáli, eru með öflugum læsibúnaði, gataðir í bak og botn til festinga. Infac byssuskápar eru viðurkenndir af yfirvöldum og í notkun hjá lögregluembættum víða um land.







**Byssuskápur fyrir 5 byssur.**
Fyrirferðarlítil og ódýr lausn. Boltalæsing, innrétting fyrir 5 byssur, topphilla.
**Fullt verð kr 26.900.**
**Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 23.900 eða aðeins 2.459 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Byssuskápur fyrir 7 byssur.**
Vinsælasti byssuskápurinn á markaðnum. Boltalæsing. Innrétting fyrir 7 byssur. Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
**Fullt verð kr. 35.900.**
**Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 31.900 eða aðeins 3.232 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Byssuskápur fyrir 12 byssur.**
Stór skápur, innréttaður fyrir 12 byssur. Boltalæsing. Stórt læsanlegt hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
**Fullt verð 49.900.**
**Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 44.900 eða aðeins 4.433 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Byssuskápur fyrir 14 byssur.**
Vinsæll skápur fyrir þá sem eiga margar byssur en hafa lítið pláss. Boltalæsing. Innrétting fyrir 14 byssur. Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
**Fullt verð 39.900.**
**Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 35.900 eða aðeins 3.575 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Tilboðið gildir í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5 til 1. júlí. Komdu skotvopnunum í örugga geymslu áður en þú ferð í sumarfrí.**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



Krókháls 5 – Sími 517 8050



Síðumúli 8 – Sími 568 8410

**Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is**

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég var alltaf að streða við að ýta mjúku hliðunum frá mér, til dæmis lokaði ég í mörg ár á þörfina til að knúsast og kela.“*

Bubbi Morthens, Mannlíf febrúar ´89

„Ég held að ég hafi ekki ennþá hitt menn sem eru á kókaíni og vilja knúsast og kela og ég var að vitna í það í þessu viðtali,“ segir Bubbi nú og bætir við. „Nú hleypur fólk hins vegar undan mér. Það er ekki flóknara en það - karlpeningur, kvenpeningur, börn og málleysingjar.“

# Góða hjarta Dags í biðstöðu

„Við erum að velta þessu fyrir okkur núna og ég reikna með að þetta ætti að skýrast á næsta hálfa mánuðinum,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi kvikmyndarinnar The Good Heart eftir Dag Kára Pétursson. Allt bendir nú til þess að upphaflegum leikarahópi með þá Tom Waits og Ryan Gosling í fararbroddi verði alfarið skipt út.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur nafn Ryans Gosling verið fjarlægt af leikaralista myndarinnar á vefsíðunni imdb.com. „Við lentum náttúrlega í svolitlu veseni með hann. Við vorum löngu búnir að tala við hann en svo er leikarinn tilnefndur til Óskarsverðlauna og tilboðum rignir yfir hann.“ Og því eru nú allar líkur á því að Gosling verði víðs fjarri. Hvað tónlistarmanninn Tom Waits varðar vildi Þórir lítið tjá sig. Ekki var hægt að skilja orð hans betur en svo að allt benti til að þess að Waits myndi líka yfirgefa skútuna. „Það er náttúrlega þessi dagskrá þeirra sem hefur flækt málin. Þeir hafa hvorugir viljað segja nei en við getum ekki haldið fjármagni víðs vegar í Evrópu í biðstöðu. Við erum búnir að bíða helvíti lengi eftir þeim.“ Þórir viðurkennir að þeir séu farnir að þreifa fyrir sér á öðrum vígstöðvum hvaða leikaramál varðar og að þau gætu farið á fullt á allra næstu dögum eða vikum. Myndarinnar er beðið með töluverðri eftirvæntingu enda hafa kvikmyndirnar Nói albínói og Voksne mennesker vakið mikla athygli á kvikmyndahátíðum um allan heim. Þá var handritið að The Good Heart verðlaunað á Sundance-hátíðinni. - fgg



**ÞÓRIR SNÆR** Framleiðendurnir farnir að þreifa fyrir sér annars staðar.



**TOM WAITS** Mun jafnvel yfirgefa skútuna líka.



**LÁRÉTT** **2.** plat **6.** samtök **8.** drulla **9.** æxlunarkorn **11.** óreiða **12.** aðfall **14.** rabb **16.** drykkur **17.** frjó **18.** tunna **20.** til **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT** **1.** ævintýri **3.** frá **4.** þegn **5.** steinbogi **7.** hagnaður **10.** þrá **13.** heyskaparamboð **15.** matur **16.** fjör **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gabb, **6.** aa, **8.** for, **9.** gró, **11.** rú, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** te, **17.** frær, **18.** ama, **20.** að, **21.** pils.

**LÓÐRÉTT:** **1.** saga, **3.** af, **4.** borgara, **5.** brú, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** táp, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.
2. Arnar Grant.
3. Kolbeinn Sigþórsson.






### ÓLAFUR STEFÁNSSON: ÚTILOKAR EKKI FERIL Í KNATTSPYRNU EFTIR TVÖ ÁR

# Æfir með meistaraflokki Vals að Hlíðarenda

„Mér finnst bara helvíti gaman í fótbolta og graslyktin er alltaf jafn góð,“ segir Ólafur Stefánsson, einn besti handknattleiksmaður Íslands og heims, en hann æfir um þessar mundir með meistaraflokki Vals í knattspyrnu.

Ólafur þótti bráðefnilegur á græna vellinum og var meðal annars kallaður „Óli Sóli“ á sínum yngri árum en hann lagði takkaskóna á hilluna um tvítugt. Hann hefur þó haldið tækninni vel við enda er oft hitað upp á handknattleiksæfingum í fótbolta. „Mér finnst bara ótrúlega gaman að koma á Hlíðarenda og kynnast Valsstrákunum í knattspyrnunni,“ segir Ólafur sem hefur hampað ófáum titlum með meistaraflokki Vals í handknattleik á þessum slóðum.

Leikmaðurinn kvaðst ekki vera hræddur við að meiðast alvarlega á æfingum sem kynnu að setja strik í reikninginn hjá liði hans á Spáni, Ciudad Real. „Ég hef fengið að heyra slíkar vangaveltur síðastliðin fimmtán ár. Ef ég hefði alltaf hlustað á þær hefði ég ekki hreyft mig á sumrin.“ Ólafur lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum misserum að honum stæði til boða að leika knattspyrnu með úrvalsdeildarliði þegar handknattleiksferlinum lyki. „Ég útiloka ekkert endurkomu á knattspyrnuvöllinn eftir tvö ár þegar ég hætti í handbolta.“

Og ef marka má orð Willums Þórs Þórssonar, þjálfara Vals, yrði Ólafur mikill liðstyrkur fyrir sérhvert lið í úrvalsdeildinni. „Hann hefur gert þetta undanfarin ár og nýtir sér þetta til að brjóta upp æfingaformið hjá sér.“ Willum segir strákana ekki taka landsliðsmanninn neinum silkihönskum, á því hafi reyndar aldrei gerst þörf. „Hann er sannur keppnismaður og gefur ekki tommu eftir,“ segir Willum. „Hann er kominn til að æfa þegar hann mætir og gerir rúmlega það sem er beðið um og oftast meira. Og slíkt hugarfar er mjög mikilvægt fyrir unga leikmenn að sjá,“ bætir Willum við. „Og ég gæti haldið áfram að hlaða hann lofi því Ólafur er um margt mjög sérstakur. Í raun held ég að það sé alveg sama hvað hann tekur sér fyrir hendur, hann yrði alltaf góður í því.“ Að sögn Willums hefur Ólafur leikið frekar aftarlega á vellinum og bætir því við að marg-rómaður leiksskilningur hans í handknattleik skili sér vel á knattspyrnuvellinum. „Hugarfar hans skilur á milli feigs og ófeigs í þessu.“ - fgg



**ÓLAFUR** Þykir ótrúlega lunkinn í knattspyrnu og útilokar ekkert að taka fram takkaskóna þegar handknattleiksferlinum lýkur.



**WILLUM** Átti ekki orð yfir það hugarfar sem Ólafur hefur tileinkað sér.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sverrir Jakobsson** gekk að eiga unnustu sína, **Æsu Guðrúnu Bjarnadóttur**, á miðvikudag. Athöfnin fór fram á heimili þeirra en frá þessu er greint á heimasíðu hans. Fram kemur á vefnum að þau skötuhjú hafi boðið nokkrum vinum heim til sín sem hafi ekki haft hugmynd um hvað væri að fara að gerast. „Mér fannst þetta allt saman takast með ágætum og hefði ekki getað ímyndað mér betri brúðkaupsdag,“ skrifar Sverrir og bætir því við að hann hefði ekki getað eignast betri eiginkonu.



Og meira af netinu því nýleg færsla **Ellýar Ármannsdóttur** virðist hafa farið fyrir brjóstið á siðvöndum sambloggurum hennar. Í umræddri færslu segir þulan að fertug kona hafi táldregið sextán ára gamlan garðyrkjumann. Einhverjir hafa bent á að eflaust hefði farið um margan góðborgarann ef karlmaður hefði snúið færslunni við og sagt fertugan mann hafa fengið til lags við sig táningsstúlku. Í athugasemdakerfinu má reyndar sjá að fyrrum talskona Feministafélags Íslands, **Katrín Anna Guðmundsdóttir**, telur ástæðu til að setja ákveðin varnagla við þessi skrif Ellýar.



**Sigmar Vilhjálmsson**, betur þekktur sem Simmi í Idolinu, fer mikinn í umræðunni um jafnréttismál á bloggsíðu sinni. Simmi telur sig ekki vera karlrembu en í einni færslunni játar hann þó að ákveðin störf eigi betur við konur en karla og öfugt. Í annarri færslu telur hann að líta beri á þingmenn sem kynlausar verur. „Mér finnst að líta beri á þingmenn og ráðherra sem kynlausar verur sem ber að kjósa fyrir þá hugsjón og þeim áhuga sem viðkomandi hefur á samfélagslegum málefnum, hvort sem viðkomandi pissar sitjandi eða standandi,“ segir Simmi meðal annars á blogginu sínu. - fgg/kh






# Blístrar eins og teketill

„Ég er búinn að gera þetta margoft með humra og krabba. Þeir eru soðnir lifandi. Ég veit ekki hvernig humar finnur til eða krabbi eða hvers kyns skepnur þetta eru en þær lamast um leið og þær fara ofan í,“ segir matreiðslumaðurinn Siggi Hall.

Dýraverndunarsinnar í Noregi hafa sett út á þessa aðferð og telja hana ómannúðlega. Hafa Bandaríkjamenn einnig virð viðkvæmir fyrir þessu og er aðferðin bönnuð sums staðar þar í landi. Vilja þeir til að mynda að humrar verði stungnir með hnífi áður en þeir fara ofan í pottinn þannig að þeir kveljist síður. „Það vælir í þeim þegar þeir fara ofan í pottinn. Það halda allir að þeir séu að væla af kvölum en það er einhver loftræming sem gerist á milli skeljanna þannig að það blístrar í þeim eins og tekatli,“ segir Siggi. „Ef þú ert viðkvæm bandarísk kona með bleikt hár þá lítur þetta kannski illa út.“ Bætir hann því við að sé humar stunginn áður en hann fer ofan í pottinn bragðast hann ekki jafnvel og ef hann væri settur lifandi beint ofan í pottinn.

Siggi, sem hefur ekki orðið var við gagnrýni vegna þessa hérlendis, tekur fram að dýraverndunarsinnar séu mjög hrifnir af íslenska lambakjötinu og hvað lömbin lifi góðu lífi þangað til þau eru étin. „Ég er reyndar hissa á að bændur hér heima byrji ekki að rækta kjúklinga sem eru á fríu svæði. Það er örugglega hægt að fá hærra verð fyrir þá því margir veitingastaðir eru tilbúnir til að kaupa kjúkling þar sem hann er ræktaður almennilega.“ - fb



**SIGGI HALL** Matreiðslumanninum Sigga Hall finnst ekkert að því að sjóða humra og krabba lifandi.

# Ævintýralega gott á grillið!

## Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Ljúffengar lambalundir á grillið.

Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.






Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts



Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.

Fiskisaga

GALLERÍ KJÖT

*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




## BAKÞANKAR


KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR


## *Mannauðs-stjórnun*

Loksins hef ég komist að því af hverju strákurinn sem ég leigði með um árið spilaði alltaf Eye of the tiger á morgnana áður en hann fór í skólann. Þetta vinsæla one hit wonder kom nefnilega óvænt inn í líf mitt á ný við frekar sérstakar kringumstæður.

**FYRIR** röð tilviljana sem ég hirði ekki um að rekja, sat ég einn morgun í loftlausum fyrirlestrarsal og uppgötvaði að ég var um það bil að upplifa alvöru amerískan kraftaverkafyrirlestur. Í pontu stóð sjálfur Messías með kolgeitbros og lausnirnar á vandamálum heimsins eins og skínandi gull á hverjum fingri.

**HANN** hóf fyrirlesturinn á persónulegum nótum. Þremur árum áður hafði hann verið í mikilli lægð í lífinu, var í leiðinlegu námi og lánlausu ástarsambandi, umkringdur neikvæðum og gagnrýnum vinum. Og hann var líka feitur.

**ÞAÐ** birti þó til í lífi hans þegar hann kynntist þeim hugmyndum sem hann var um það bil að kynna fyrir okkur og voru byggðar á viðurkenndum sálfræðirannsóknum. Þær gengu flestar út á jákvæðni, bjartsýni og óbilandi sjálfstraust („skrifaðu sjálfum þér ástarbréf einu sinni í mánuði“). Eða með orðum Messíasar sjálfs: Gagnrýnir og neikvæðir einstaklingar eru krabbamein á hópnum. Ráðleggingarnar voru kryddaðar með líflegri framkomu, uppörvandi partítónlist og tilvitnunum í Paulo Coelho.

**UNDIR** lok fyrirlestrarins höfðu allir lofað bót og betrun, enda vildi enginn vera krabbamein á hópnum. Kunnuglegir tónar byrjuðu að óma: jú, það var Eye of the tiger. Messías hóf að æsa hópinn upp, klappa, stappa og syngja. Ögn meðvituð múgæsing greip um sig, áhorfendur stukku á fætur ölvaðir af jákvæðni, fólk lét berast um á höndum félaga sinna og einhver öskraði: Partííííí! Klukkan var rétt um 12 á hádegi. Stemningin eins og í ofsatrúarsöfnuði sem hefur komið sér saman um að fremja dýrðlegt fjöldasjálfsmorð og safnast til feðra sinna í partíparadís.

**ÞAÐ** var þá sem það rann upp fyrir mér af hverju meðleigjandi minn hlustaði á Eye of the tiger á hverjum morgni. Hann hefur auðvitað farið á svona fyrirlestur og hafið hvern dag á því að hoppa um fyrir framan spegilinn hrópandi: Ég er frábær! Ég get þetta! Koma svo! Hann var reyndar frekar hallærislegur gaur, en hann hefði aldrei trúað því þótt ég segði honum það.


**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


